




# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

16. apríl 2012  
88. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt vörðslukortun Capacent Gallup júlí - september 2011



## Býr til hljóðgervla

Árni Rúnar Hlööðversson, meðlimur FM Belfast, smíðaði hljóðgervilinn sem er notaður í nýjasta lagi hljómsveitarinnar.

**popp 30**

## Embættið okkar

Djóðin þarf forseta sem hún getur hlustað á, skrifar Guðmundur Andri.

**umræðan 13**




## Tvöfalt í Njarðvík

Njarðvíkurstúlkur urðu Íslandsmeistarar í körfubolta í fyrsta sinn.

**sport 24**

## veðrið í dag



**HVASST SYÐST** Í dag verða austan eða suðaustan 5-13 m/s en 10-18 syðst á landinu. Víða bjart en væta S- og V-tíl. Hiti 0-7 stíg.

**VEÐUR 4**

# Hætta skyldunámskeiðum fyrir verðandi kjörforeldra

Íslensk ættleiðing verður ekki áfram með skyldunámskeið fyrir verðandi kjörforeldra. Ástæðan er peningaskortur. Ráðuneytið hefur verið látið vita og stendur til að funda í vikunni. Hundrað umsóknir eru í ferli.

**SAMFÉLAGSMÁL** Íslensk ættleiðing (ÍÆ) hefur ákveðið að hætta að halda skyldunámskeið fyrir verðandi kjörforeldra sökum peningaskorts.

Samkvæmt reglugerð um ættleiðingar er nauðsynlegt að sýna fram á setu á slíku námskeiði til að fá forsambykki fyrir ættleiðingu.

ÍÆ sendi ráðuneytinu bréf vegna málsins þann 11. apríl síðastliðinn. Hörður Svavarsson, formaður félagsins, segir engin svör hafa borist.

„Ráðherra getur sjálfsgagt breytt reglugerðinni en þá er auðvitað mikilvægt að tryggt sé að þau loforð

sem við höfum gefið með því að undirgangast Haag-samninginn um alþjóðlegar ættleiðingar verði efnd,“ segir Hörður. „Þar er því lofað að hjálfa og undirbúa væntanlega kjörforeldra sem best, það loforð hefur Íslensk ættleiðing efnt fyrir stjórnvöld til þessa.“

Fram kemur í bréfinu til innanríkisráðuneytisins að mikil ánægja hafi verið meðal foreldra með námskeiðin. Eftir að ákvæði um þau voru sett í reglugerð jókst kostnaður félagsins um rúmlega þrjár milljónir króna. Sótt var um fjárveitingu til dómsmálaráðuneytisins vegna þessa en þeirri beiðni var hafnað.

**100** fjölskyldur eru nú í umsóknarferli hjá Íslenskri ættleiðingu.

Hundrað fjölskyldur eru nú í umsóknarferli hjá félaginu; 22 eru á biðlista í Kína, 20 í Kólumbíu, átta í Tékklandi, fimm í Tógó og ein í Makedóníu. Auk þess eru 44 fjölskyldur að biða eftir forsambykki til að ættleiða barn.

Hörður segir að þó námskeiðin séu hætt sé of sterkt til orða tekið á þessu stigi að umsóknarferli fjölskyldnanna séu í uppnámi. „En

það er alveg ljóst að ef ekki verður brugðist við með einhverjum hætti á næstu mánuðum eða vikum þá geta sumir þeirra sem eru að hefja umsóknarferli sitt núna ekki lokið því ferli og fá því ekki að ættleiða barn.“

Til stóð að halda námskeið síðar í þessum mánuði, en þær fjölskyldur sem skráðu sig á það hafa verið látnar vita að ekkert verði af því.

Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu er ekki búið að taka bréf ÍÆ til formlegrar umfjöllunar en líklega verði fundað með félaginu í vikunni til að vinna að lausn vandans. - sv



**ÞJÁLFAFAR DÚFUR DAG HVERN** Æskuáhugi Eiríks Inga Kristinssonar á bréfdúfnarækt kviknaði aftur á fertugsaldri. Í sumar heldur Bréfdúfnafélag Íslands bréfdúfnamót hverja helgi þar sem fuglunum er sleppt og þeir látnir fljúga aftur heim. **Sjá síðu 2.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sautján ára sundstelpa: Keppir í þremur greinum á ÓL

**SUND** Hin sautján ára Eygló Ósk Gústafsdóttir náði um helgina frábærum árangri á Íslands-mótinu í sundi í 50 m laug. Hún varð fyrst íslensks sundfólks til að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Lundúnum en hún bætti Íslands-metið í 200 m baksundi með glæsilegu sundi um helgina.



**EYGLÓ ÓSK GÚSTAFSDÓTTIR**

Árangur hennar í 100 m baksundi og 200 m fjórsundi dugði einnig til að tryggja henni þátttökurétt í þeim greinum á leikunum en það er ljóst að þessi unga sundkona stefnir hátt.

„Þetta er framar mínum væntingum. Tímabilið hefur gengið mjög vel hjá mér og ég er mjög ánægð með þjálfarann minn,“ segir Eygló Ósk. - esá / sjá síðu 26

Minnkandi hagnaður hjá þremur stærstu endurskoðunaryrirtækjum landsins:

## Greiddu 823 milljónir króna í arð

**VÍÐSKIPTI** Þrjú af fjórum stærstu endurskoðunaryrirtækjum landsins, KPMG, PWC og Ernst&Young, greiddu 823,4 milljónir króna í arð til hluthafa sinna árið 2011. Það er tæpum 170 milljónum króna meira en þau greiddu árið 2010 en þá námu arðgreiðslurnar 654,3 milljónum króna. Hagnaður fyrirtækjanna þriggja dróst hins vegar saman um 161,7 milljónir

**33** hluthafar í KPMG fengu 678 milljónir króna í arð í fyrra.

króna á sama tíma, samkvæmt ársreikningum þeirra.

KPMG hagnaðist um 408 milljónir króna og greiddi út 678

milljónir króna í arð á síðasta ári vegna rekstrarársins 2010. PWC á Íslandi hagnaðist um 10,3 milljónir króna á síðasta rekstrarári og greiddi fyrirtækið 63 milljónir í arð.

Ernst&Young hagnaðist um 87 milljónir króna vegna rekstrarársins 2010 og greiddi tíu hluthöfum 82,4 milljónir í arð.

- kh, þsj / sjá síðu 4

**NÝ KILJA EFTIR JAMES PATTERSON**

Dramatísk átök og óbærileg spenna



www.forlagid.is

www.ms.is

**Fjörmjólk**



Fáðu D-vítamín úr Fjörmjólk!

**Paratabs®**

actavis





Hannes, er þetta nokkuð stormur í vatnsglasi?

„Nei, þetta er mjög merkingarþrungin listaverk sem brytur visst blað í listasögunni.“

Plastmál sem Jóhanna Sigurðardóttir saup úr í þættinum Virkum morgnum á Rás 2 var selt Sónlistamiðstöðinni á Akureyri fyrir 105.000 krónur, til styrktar Umhyggju. Hannes Sigurðsson er forstöðumaður miðstöðvarinnar.



ROBIN GIBB Robin og Maurice voru tvíburar en sá síðarnefndi lést 2003.

Fárveikur Bee Gees-bróðir:

## Robin Gibb í dái á spítala

**TÓNLIST** Tónlistarmaðurinn Robin Gibb, einn Bee Gees-bræðra, lá í gærkvöldi í dái á spítala í London. Hann var lagður inn vegna lungnabólgu og mun hafa hrakað mjög síðustu sólarhringa.

Gibb hefur lengi strítt við heilsufarsvandæði, meðal annars krabbamein í lifur og þörmum. Í febrúar síðastliðnum sagðist hann hafa hlotið „ótrúlegan“ bata af meinum sínum, en þau virðast hafa tekið sig upp á ný.

Barbara, hin 91 árs gamla móðir Gibb, flaug til London frá Bandaríkjunum í gær til að vera við hlið sonar síns. Tveir synir hennar eru þegar látnir, Andy sem lést árið 1988 og Maurice árið 2003. - kg

Fimm látnir og 30 særðir:

## Skýstrokkar lögðu bæ í rúst

**BANDARÍKIN, AP** Fimm létust og um 30 særðust þegar fjöldi kröftugra skýstrokka gekk yfir bæinn Woodard í Oklahoma-ríki í Bandaríkjunum í gær. Allir sem létust bjuggu í hjólhýsahverfi í bænum.

Gífurleg eyðilegging varð í storminum og meðal þeirra bygginga sem skemmdust var sjúkrahús í bænum. Tré rifnuðu upp með rötum, rafmagnslínur slitnuðu og heimili gjöreyðilögðust. Búið var að tilkynna um meira en hundrað skýstrokka um miðjan dag í gær.

Stormurinn náði einnig til Kansas, Iowa og Nebraska. - sv

Kristileg samtök ósátt við borgarstjórn og samgönguyfirvöld í London:

## Íhuga málsókn vegna auglýsinga

**LONDON** Kristileg samtök í Bretlandi, The Core Issues, íhuga nú að fara í mál við samgönguyfirvöld í London eftir að borgarstjórn Boris Johnson bannaði auglýsingar samtakanna á hliðum strætisvagna.

Í auglýsingunum er gefið til kynna að hægt sé að „lækna“ samkynhneigt fólk. Að baki herferðinni standa einnig alþjóðlegu samtökin Anglican Mainstream sem segjast trúá kenningar biblíunnar varðandi hjónaband, fjölskyldu og kynhneigð.

Nefnd á vegum auglýsingageirans í Englandi hafði gefið grænt ljós á

birtingu auglýsinga samtakanna á strætisvögnum, sem áttu að keyra í tvær vikur um fjölfarnar götur nálægt Oxford Street, Trafalgar-torg og Piccadilly Circus.

Borgarstjórn Boris Johnson skarst í leikinn og bannaði auglýsingarnar með þeim rökum að herferðin væri niðrandi í garð samkynhneigðra. „London er ein umburðarlyndasta borg heims, en að sama skapi óumburðarlynd gagnvart óumburðarlyndi. Það er móðgandi að halda því fram að samkynhneigð sé sjúkdómur sem fólk læknast af og ég vil ekki að slíkar



**STRÆTÓ** Boris Johnson bannaði auglýsingarnar í strætisvögnum í London.

NORDICPHOTOS/GETTY

hugmyndir sjáist keyrandi um borgina í strætisvögnum okkar,“ segir Johnson. - kg

## Bréfdúfur í kappflugi landshorna á milli

Félagsskapur bréfdúfnabónda telur nokkra tugi á Íslandi. Eiríkur Ingi Kristinsson segir áhugamálið ekki dýrara en golf eða fluguveiði. Um það bil 15 manns sleppa bréfdúfum hverja helgi í sumar og láta þær í kappflug heim til sín.

**DÝRALÍF** „Þetta er bara eins og hvert annað áhugamál,“ segir Eiríkur Ingi Kristinsson, bréfdúfnabóndi í Mosfellsbæ. „Ég var í þessu sem ungur strákur og byrjaði aftur núna á fertugsaldri.“ Hann segist hafa haft aðstöðu í garðinum heima hjá sér sem barn. „Það var annar hver krakki með dúfur fyrir svona 30 árum,“ bendir hann á.

Eiríkur segir áhugamál sitt ekki vera sérstaklega dýrt. „Ég mundi segja að þetta væri ódýrara hobbí en golf eða veiði. Það fer þó mikið eftir því hvað þú leggur í þetta.“

Félagsskapur bréfdúfnabónda er vaxandi á Íslandi en þetta er ekki aðeins áhugamál heldur einnig keppnisþrótt. „Keppnistímabilið hefst í enda maí og það er keppt hverja helgi alveg fram í ágúst.“

Keppnin felst ekki í því að senda bréf heldur er dúfunum ekið út á land þar sem þær eru ræstar af stað heim til sín aftur. „Við reynum að hafa þær eins fljótur og hægt er heim aftur. Maður þarf að þjálf þær sérstaklega fyrir svona keppni,“ segir Eiríkur og bætir við að um það bil 15 manns taki þátt í hverri keppni.

Fyrstu keppnirnar í ár verða frá Seljalandsfossi undir Eyjafjöllum. Lengstu keppnirnar verða frá Höfn í Hornafirði. „Flugtíminn fer mikið eftir veðri og vindum. Við kepptum í fyrra frá Grímsstöðum á Fjöllum og þá voru fuglarnir kannski fjóra klukkutíma í bæinn,“ segir Eiríkur Ingi. „Dúfurnar hafa alveg rosalega eiginleika.“

Eiríkur bendir á að um leið og þeim er sleppt fljúga þær rakleiðis



**MIKILVÆGT AÐ ÞJÁLFA** Eiríkur Ingi segir mikilvægt að þjálf dúfurnar fyrir keppni. Það hefur hann lært með að lesa sér til á netinu og í bókum um efnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ef þeir eru of lengi á leiðinni þá gefast þeir bara upp. Flestir hafa ekki vit á því að setjast niður og fá sér að éta.“

EIRÍKUR INGI KRISTINSSON  
BRÉFDÚFNABÓNDI

heim. Fuglarnir komast þó ekki alltaf heim. „Ef þeir eru of lengi á leiðinni þá gefast þeir bara upp. Flestir hafa ekki vit á því að setjast niður og fá sér að éta.“

Áhugasamir geta kynnt sér



**TÍU DAGA GAMLIR** Ungarnir eru fljótir að braggast og eru keppnisfærir nokkurra mánaða gamlir.

starfsemi Bréfdúfnafélags Íslands á vefsvæði félagsins bréfdufur.is. birgirh@frettabladid.is

## Harður árekstur við Saltvík: Ónýtir bílar en óveruleg meiðsl

**SLYS** Harður árekstur varð á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi við Saltvík um kvöldmatarleytið í gær. Þrennt var í öðrum bílnum og ein kona í hinum. Nota þurfti klippur við að ná konunni úr bílnum og voru þau öll flutt á Landspítalann.

Samkvæmt lækni á slysideild var áreksturinn afar harður og bílarnir nær ónýtir. Þó slapp fólkið allt með minniháttar áverka, að því er virtist í gærkvöldi. Loka þurfti Vesturlandsvegi um tíma vegna slyssins. - sv



**TOPPSKARFUR** Þetta er ein þeirra mynda sem prýða bókina Fuglar Íslands eftir Benedikt Gröndal.

Dýrasta bók landsins:

## Helmingur þegar seldur

**MENNING** Alls hafa fimmtíu eintök, eða helmingur upplagsins, selst af dýrasta bókinni á íslenskum bókamarkaði um þessar mundir.

Hátíðarútgáfa bókarinnar Íslenskir fuglar eftir Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson, sem var frumsýnd á Benediktssmessu þann 21. mars síðastliðinn, kostar fullu verði 230.000 krónur og fæst aðeins hjá útgefanda, bókaútgáfunni Crymogueu.

Alls er bókin gefin út í hundrað tölusettum eintökum. Hún er handinnbundin í sauðskinnsléður sem er sérstaklega sútað fyrir þetta verkefni hjá skinnaverkun Loðskinnis á Sauðárkróki. Þau eintök sem pantað hafa verið verða afhent kaupendum nú í lok apríl-mánaðar. - kg

## LÖGREGLUMÁL

### Datt af vélhjól

Kona var flutt með sjúkrahúsi á slysideild þegar hún missti stjórn á vélhjól sem hún ók á Sævarhöfða um hálfjögur í gær. Konan datt á hliðina en mun ekki hafa slasast alvarlega.

Talibanar boða frekari árásir eftir því sem hitastig hækkar með vorinu:

## Skæðar árásir í Afganistan í gær

**KABÚL, AP** Uppreisnarmenn í hópi talibana í Afganistan réðust að afganska þinginu, erlendum sendiráðum og hersveitum Nató í Kabúl, höfuðborg Afganistan, og þremur austlægum héruðum í gær.

Sumar árásanna voru gerðar af sjálfsmorðsprengjumönnum en einnig skutu þungvopnaðir talibanar að hersveitum Nató í landinu. Þá virðast árásirnar hafa verið samhæfðar en þær voru allar gerðar á svo til sama tíma.

Einn lögreglumaður lét lífið í árásunum og sautján uppreisnarmenn. Þá slösuðust sautján lögreglumenn til viðbótar og fjórtán óbreyttir borgarar.

Talibanar hafa lýst því yfir að þessi aðgerð sé einungis upphafið að átakasömu vori. Þá segja þeir að með árásinni hafi þeir verið að svara nýlegum ummælum Anders Fogh Rasmussen, aðalritara Nató,



**KABÚL Í GÆR** Hermenn Nató á hlaupum í miðjum skotbardaga í Kabúl í Afganistan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þess efnis að uppreisnarmennirnir í Afganistan væru veikburða og ólíklegir til þess að standa fyrir mörgum árásum á næstunni.

Árásirnar í Kabúl voru þær umfangsmestu í borginni frá því í september. Á síðustu mánuðum hafa hersveitir Nató eftirlítið afgönskum yfirvöldum sífellt stærra hlutverk í öryggisgæslu í borginni. Þykja árásirnar í gær endurspeglja þá

## Ingibjörg í Kabúl

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, yfirmaður UN Women í Afganistan, var á fundi í Kabúl og varð að leita skjóls í sprengjubyrgi á meðan á árásum talibana í Afganistan stóð.

Í samtali við fréttastofu RÚV í gær sagði Ingibjörg að henni og öðrum fundargestum hefði verið skipað niður í byrgi í byggingunni og sagt að halda þar kyrru fyrir þar til þeim yrði tilkynnt um annað. Skammt frá fundarstaðnum er skóli á vegum hersins. Hún sagðist enn fremur oft hafa fengið aðvaranir um að hafa varann á, en tímabilið nú frá áramótum hefði verið miklu friðsælla en sama tímabil í fyrra.

áskorun sem afgönsk yfirvöld standa frammi fyrir eftir því sem hersveitir Nató draga sig í hlé. - mþ

Heimilis  
**GRJÓNAGRAUTUR**



Alveg mátulegur



Líf- og sjúkdómatryggingar

Það er margt sem felst í því að vera ábyrgir

# FORELDRAR

Mynd 1.a



**2012**  
Heillakeðja  
barnanna

Í apríl renna 15% af  
iðgjöldum seldra líf- og  
sjúkdómatrygginga til  
Barnaheilla.

 **Barnaheill**  
Save the Children Iceland

Vertu líf- og sjúkdómatryggður

Með líf- og sjúkdómatryggingu hjá VÍS bjóðu þér og þínum nánustu öruggari og áhyggjulausari framtíð. Allir þeir sem hafa fyrir öðrum að sjá eða hafa fjárhagslegar skuldbindingar ættu að huga að mikilvægi líf- og sjúkdómatrygginga.

Kynntu þér málið á [vis.is](http://vis.is) eða fáðu ráðgjöf í síma 560 5000.



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	126,65 127,25
Sterlingspund	201,79 202,77
Evra	166,67 167,61
Dönsk króna	22,404 22,536
Norsk króna	21,901 22,029
Sænsk króna	18,735 18,845
Japanskt jen	1,5625 1,5717

SDR 195,32 196,48

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
229,1083  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**LÖGREGLUBÍLL** Lögreglumenn þurftu að beita piparúða til að koma manni út úr lögreglubíli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Paulsetinn í Bankastræti:

## Beittu piparúða á óboðinn gest

**LÖGREGLUMÁL** Vegfarandi gerði sér lítið fyrir og settist í bíl-stjórásæti lögreglubíls þegar lögreglumenn sinntu útkalli í Bankastræti í fyrrinótt. Maðurinn neitaði að yfirgefa bílinn þegar lögreglumenn gáfu honum fyrir-mæli um það og þurftu þeir því að nota piparúða til að ná manninum úr lögreglubílunum.

Maðurinn, sem var ólvaður, var svo færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu og vistaður í fangageymslu. Lögreglubíllinn var ekki í gangi þegar maðurinn stökk upp í hann. - kg

## Tíðindi á rafbókamarkaði: Helstu titlarnir á einum stað

**MENNING** Í Skinnu, nýrri rafbókaverslun sem opnaði á miðnætti á laugardag, má í fyrsta skipti finna nýjustu titla allra helstu íslensku forlaganna á einum stað. Skinna styður allar helstu tegundir spjaldtölva.

Skinna er nú þegar í samstarfi við útgáfunar Forlagið, Bjart, Veröld, Uglu, Urði, Rúnatý, Sölu, JPV, Mál & Menningu og Vöku Helgafell, en fleiri samstarfsaðilar eru væntanlegir.

Á Skinnu verður boðið upp á bækur af öllum stærðum og gerðum, allt frá stuttum smásögum yfir í skáldsögur. - kg

Átök í Sýrlandi um helgina þrátt fyrir að samið hafi verið um vopnahlé:

# Vopnahléið að leysast upp í ófrið

**BEIRÚT, AP** Vopnahlé stríðandi fylkinga í Sýrlandi leystist upp í átök í gær einungis fjórum dögum eftir að því var lýst yfir. Stjórnarherinn skaut sprengjum á íbúðahverfi í borginni Homs þar sem stjórnarandstaðan ræður ríkjum.

Hófst sprengjuregnið nokkrum klukkustundum áður en eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna (SP) mættu til Homs en hlutverk þeirra er að fylgjast með því að vopnahlénu sé fylgt eftir.

Þótt árásirnar í gær hafi verið umfangsminni en árásir síðustu vikna vekja þær upp efasemdir um

að Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, hafi raunverulegan áhuga á að fylgja eftir friðaráætlun Kofi Annan, erindreka SP í Sýrlandi.

Assad samþykkti friðaráætlunina eftir að Rússar, helstu bandamenn stjórnar hans, hvöttu til þess en hann hefur reynt tregur til að fylgja henni eftir. Uppreisnarmenn hafa einnig neitað að leggja alfaríð niður vopn og hafa gert nokkrar árásir á stjórnarhermenn frá því að friðaráætlunin var samþykkt.

Áætluninni er ætlað að binda endi á borgarastríðið en átök hafa staðið yfir í þrettán mánuði. - mþl



**HOMS** Eldur kviknaði í nokkrum byggingum í Homs í gær eftir að stjórnarherinn skaut sprengjum á hverfi undir valdi uppreisnarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áætlunarflug til Húsavíkur:

## Fjöldi fagnaði flugvél Arna

**SAMGÖNGUR** Fyrsta áætlunarflugið frá Reykjavík til Húsavíkur í tólf ár fór fram í gær, sunnudag. Við það tilefni fögnuðu margir flugvél flugfélagsins Arna sem lenti á Húsavíkurflugvelli.

Flugið verður sjö ferðir á viku fjóra daga vikunnar og er það von forsvarsmanna Arna að hægt verði að gera út flug til Húsavíkur allt árið um kring.

Húsavík er fimmti áætlunarstaður Arna en félagið flýgur til Vestmannaeyja, Hafnar í Hornafirði, Bíldudals og Gjöngurs. - kg

# Hagnaður endurskoðenda hefur dregst lítillega saman

KPMG skilaði mestum hagnaði endurskoðendafyrirtækja sem hafa skilað ársreikningi. Hluthafar KPMG fengið rúman milljarð krónur í arð á tveimur árum. Hagnaður PWC, KPMG og Ernst&Young dróst saman.

**VIÐSKIPTI** Hagnaður þriggja af fjórum stærstu endurskoðunarfyrirtækjum landsins dróst saman í fyrra. Alls þénuðu fyrirtækin þrjú, KPMG, PWC og Ernst&Young, 161,7 milljónum krónum minna á síðasta rekstrarári en árið á undan. Þetta kemur fram í nýjustu ársreikningum þeirra.

KPMG, stærsta endurskoðunarfyrirtæki landsins, hagnaðist mest, en síðasta rekstrarári þess lauk í septemberlok 2011. Samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins hagnaðist það um 408 milljónir króna. Sá hagnaður er eilítið minni en árin 2010 og 2009 þegar KPMG hagnaðist um 490 og 498 milljónir króna. Samanlagt hefur fyrirtækið því hagnast um tæpa 1,4 milljarða króna á þeim árum sem liðin eru frá bankahruni.

KPMG greiddi 33 hluthöfum sínum út 678 milljónir króna í arð á síðasta ári vegna frammistöðu fyrirtækisins á rekstrarárinu 2010. Það greiddi út 455 milljónir króna í arð á árinu 2010 og hefur því greitt 1.133 milljónir króna í arð á tveimur árum. Tillaga um arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2011 er ekki tilgreind í ársreikningnum. Til viðbótar er handbært fé KPMG 882,8 milljónir króna. Félagið seldi alls þjónustu fyrir 3.357 milljónir króna í fyrra sem er aðeins minna



**STÆRSTIR** KPMG seldi þjónustu fyrir 3.357 milljónir króna á rekstrarárinu 2011 sem er aðeins minna en fyrirtækið gerði árið áður. Miðað við veltu er KPMG stærsta endurskoðunarfyrirtæki landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

en árið áður þegar það seldi slíka fyrir 3.463 milljónir króna. Um 240 manns unnu hjá KPMG í lok september síðastliðins.

PWC á Íslandi hagnaðist um 10,3 milljónir króna á síðasta rekstrarári, sem lauk í júnílok 2011, sem er töluvert minna en árið áður þegar fyrirtækið græddi 63 milljónir króna. Greiddur arður á síðasta ári var 63 milljónir króna. Árið áður hafði hann verið 129,6 milljónir króna og því hefur 21 hluthafi PWC fengið samtals 192,6 milljónir króna í arð á síðustu tveimur árum.

PWC seldi alls þjónustu fyrir 1.536 milljónir króna í fyrra. Það er töluvert minni sala en árið áður þegar fyrirtækið seldi þjónustu fyrir 1.689 milljónir króna. Um 97 prósent af rekstrartekjum þess fara í laun og annan rekstrarkostnað. PWC hefur samtals grætt um 200 milljónir króna frá bankahruni.

Ernst&Young hagnaðist um 87 milljónir

## Arðgreiðslur þriggja endurskoðunarfyrirtækja árið 2011

KPMG	678 milljónir
PWC	63 milljónir
Ernst&Young	82,4 milljónir
<b>Samtals</b>	<b>823,4 milljónir</b>

króna á rekstrarárinu sem lauk í júní 2011 en hafði hagnast um 114,2 milljónir króna árið áður. Tíu hluthafar þess greiddu sér út 82,4 milljónir króna í arð í fyrra og 69,7 milljónir króna árið áður. Alls unnu 60 manns hjá Ernst&Young í lok síðasta rekstrarárs og fyrirtækið greiddi 443 milljónir króna í laun og launatengd gjöld, en slíkar greiðslur jukust um 93 milljónir króna á milli ára. Alls hefur Ernst&Young hagnast um 268,5 milljónir króna frá bankahruni. Fyrirtækið birtir ekki upplýsingar um rekstrartekjur sínar í ársreikningi. thordur@frettabladid.is

## Deloitte hefur ekki skilað

Miðað við veltutölur síðustu ára er Deloitte næststærsta endurskoðunarfyrirtæki landsins á eftir KPMG. Deloitte hefur ekki birt ársreikning vegna síðasta rekstrarárs, sem lauk í maí 2011, en rekstrartekjur fyrirtækisins höfðu verið um 2,8 milljarðar króna á ári síðustu tvö árin þar á undan. Alls hagnaðist Deloitte um 311 milljónir króna á rekstrarárinu 2010 og 219 milljónir króna árið 2009. Samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins fyrir rekstrarárið 2010 greiddi það samtals um 400 milljónir króna í arð til tíu eigenda sinna á rekstrarárunum 2009 og 2010.




**Eigum úrval af Rafskuttlum og Rafmagns golfhjólum á góðu verði**  
Verð frá aðeins kr. 250.000



**H-Berg ehf**  
Import-Export

H-Berg ehf.  
Grandatröð 2  
Hafnarfirði  
Sími 565-6500  
www.hberg.is

## VEÐURSPÁ



**Elisabet Margeirsdóttir**  
veður-fréttamaður

**FÍNASTA VIKA** Það er ekki annað að sjá nema að það verði fínt veður alla vinnuvikuna. Hægur vindur víðast hvar og úrkumulítið. Hitinn verður víða í kringum frostmark á Norður- og Austurlandi en 2-8 stiga hiti syðra.

**Á MORGUN** 5-10 m/s en hvassara við SA-ströndina.

**MÍÐVIKUDAGUR** 3-8 m/s.

### HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	20°
Berlín	10°
Billund	8°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	6°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	21°
London	11°
Mallorca	16°
New York	26°
Orlando	28°
Ósló	7°
París	12°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal joni@frettabladid.is. ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktf@365.is, Ivar Örn Hansen ivarorn@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrisb@365.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrnannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir amarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is



# TIL HAMINGJU MEÐ ÖFLUGUSTU TÖLVU ÍSLANDS!



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Öflugasta tölva Íslandssögunnar.

Opin kerfi og HP afhentu Háskóla Íslands nýverið ofurtölvu sem ætluð er fyrir samstarf norrænna háskóla.

Ofurtölvan er byggð á 288 HP BladeSystem netþjónum og getur framkvæmt 35 þúsund milljarða reikniaðgerða á sekúndu. Þetta samsvarar reiknigetu um 10.000 einmenningstölva.

Verkefnastjórnun, uppsetning, innleiðing og prófanir voru í höndum sérfræðinga Opinna kerfa og HP.

Til hamingju Háskóli Íslands!

# OPIN KERFI

Sérfræðingar þér við hlið



Telur þú mikil tækifæri felast í raforkusölu til Evrópu um sæstreng?

Já 48,6%  
Nei 51,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú að Sjálfstæðisflokkurinn hafi aðkomu að næstu ríkisstjórn?

Segðu þína skoðun á visiris



Utánríksmálanefnd boðar utánríksráðherra á sinn fund vegna Icesave-deilunnar:

# Ræða um samskipti við Evrópusambandið

**ALÞINGI** Utánríksmálanefnd mun hitta Össur Skarphéðinsson utánríksráðherra fljótlega til að fara yfir pólitísk samskipti við Evrópusambandið. Ástandið er þátttaka framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Icesave-málinu gegn Íslandi og fleiri atriði sem komið hafa upp.

Árni Þór Sigurðsson, formaður utánríksmálanefndar, segir að ekki hafi reynt á það hvort skoðanamunur sé á milli stjórnarflokkanna um það hvernig bregðast eigi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að taka þátt í málaferlunum gegn Íslandi.



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Það með mismunandi hætti eins og gengur. En það á alveg eftir að reyna á það hvort menn verða samstíga þegar kemur að, og ef það

„Það á eftir að reyna á það. Menn hafa ekkert farið yfir það í neinni alvöru. Þetta var reifað á fundi utánríksmálanefndar og menn hafa verið að tjá sig um það í fjölmiðlum og gert

kemur að, einhverjum formlegum pólitískum viðbrögðum,“ segir Árni Þór.

Nefndin þurfi að ræða fleira í samskiptum Íslendinga við Evrópusambandið, svo sem deiluna um makrílinn og hugmyndir um að beita Íslendinga viðskiptaþvingunum vegna hennar.

„Það er full ástæða til að fara yfir samskipti okkar við Evrópusambandið án þess að hrapa að ályktunum,“ segir Árni Þór.

Árni Þór mun senda utánríksráðherra bréf í dag þar sem koma fram athugasemdir um að ráðherra hafi

„Það er full ástæða til að fara yfir samskipti okkar við Evrópusambandið án þess að hrapa að ályktunum.“

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON  
FORMAÐUR UTÁNRIKSMÁLANEFNDAR

ekki haft samband við utánríksmálanefnd vegna þeirrar ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að taka beinan þátt í málaferlunum gegn Íslandi. - jhh

## Sérfræðingar í stafrænum heyrnartækjum



ÓKEYPIS HEYRNAR-MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



BYGGT Á NÝ Skyndilegur endir var bundinn á fyrirhugað íbúðahverfi í Úlfarsárdal þegar efnahagskreppan skall á árið 2008. Hjólin eru farin að snúast þar að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Tölvunámskeið fyrir heldri borgara 60+



■ **Grunnnámskeið**

30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.

Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.

Hefst 23. apríl og lýkur 14. maí - Kennt mánu- og miðvikudaga Verð kr. 29.000,- (Kennslubók á íslensku innifalin).

■ **Framhald**

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

Hefst 24. apríl og lýkur 22. maí - Kennt þriðju- og fimmtudaga Verð kr. 29.000,- (Kennslubók á íslensku innifalin).

■ **Stafrænar myndavélar 60+**

Fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafrænna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti.

Hefst 18. apríl og lýkur 30. apríl - Lengd námskeiðs 18 std. Verð kr. 19.900,- (Kennslubók á íslensku innifalin).



GEYMIÐ AUGLÝS-INGUNA

**PROMENNT**

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550  
promennt@promennt.is • www.promennt.is

# Batamerki berast nú frá byggingarfulltrúa

Samþykkt byggingarmagn þrefaldaðist í Reykjavík milli árána 2010 og 2011. Þrátt fyrir þessa þróun voru samþykktar nýbyggingar í höfuðborginni í fyrra aðeins tíundi hluti þess sem var árið 2007. Mesta aukningin er í íbúðarhúsnæði.

**REYKJAVÍKURBORG** Byggingaríðnaðurinn á höfuðborgarsvæðinu virðist vera byrjaður að rétta úr kútnum ef marka má ársskýrslu byggingarfulltrúans í Reykjavík sem sýnir þrefalda aukningu á samþykktu byggingarmagni í borginni í fyrra miðað við árið 2010.

Í ársskýrslu byggingarfulltrúans fyrir árið 2011 kemur fram að í fyrra voru samþykkt byggingaráform fyrir samtals 194 þúsund rúmmetra af nýju húsnæði samanborið við um 68 þúsund rúmmetra árið 2010.

„Um þrefalda aukningu var því að ræða á samþykktu byggingarmagni á milli ára. Samþykkt

byggingarmagn árið 2011 var hins vegar um tíu prósent af því sem samþykkt var árið 2007 fyrir allar tegundir af húsnæði, þ.e. íbúðir, stofnanir, verslunar- og skrifstofuhús, iðnaðarhús, vörugæmslur og fleira,“ segir í fylgiskjali með ársskýrslunni.

Mesta aukningin í nýbyggingum í fyrra var í íbúðarhúsnæði. Þá var hafist handa við 113 nýjar íbúðir samanborið við aðeins 14 íbúðir árið 2010. Þrátt fyrir þessa þróun er enn mjög langt í land að því að bygging nýrra íbúða nái meðaltali árána 1972-2011, sem er 608 íbúðir á ári. Þá er þess að geta að lokið var við 95 íbúðir á árinu 2011 sem er 214 íbúðum

### Samþykktar íbúðir 2006 - 2011

Ár	Fjöldi íbúða
2006	573
2007	427
2008	490
2009	125
2010	27
2011	114

Heimild: Byggingarfulltrúinn í Reykjavík um samþykkt byggingaráform vegna íbúða.

færri en á árinu 2010. Um síðustu áramót voru 736 íbúðir í smíðum í borginni. Þar af voru 423 íbúðir foheldar eða meira.

gar@frettabladid.is

Dótturfélag Íslandsbanka veitir ráðgjöf við jarðvarmaverkefni í Bandaríkjunum:

## Selja íslenska sérþekkingu á jarðhita

**VIÐSKIPTI** Ráðgjafarfirmar Glaciers Securities, dótturfyrirtæki Íslandsbanka, er ráðgefandi aðili við umfangsmikið uppbyggingarverkefni á jarðvarmaorkuveri í Nevada í Bandaríkjunum. Viljayfirlýsing vegna þessa var undirrituð í gær en verkefnið er metið á 15 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi tæpra 2 milljarða króna.

Glaciers Securities er ráðgjafarfirmar í eigu Íslandsbanka sem hefur skrifstofur í Reykjavík og í New York í Bandaríkjunum. Sérhæfir það sig í ráðgjöf vegna upp-

er ráðgerð framleiðslugeta jarðvarmaorkuversins.

byggingarverkefna í sjávarútvegi og í tengslum við jarðhita.

Verkefnið í Nevada snýst um 15 milljóna dala lánveitingu frá fjárfestingarfirmar Geothermal Regional Center (GRC), sem sérhæfir sig í fjárfestingum í jarðvarmaverkefnum, til fyrirtækisins U.S. Geothermal Inc. vegna

þróunar og uppbyggingar á orkuveru í San Emido í Nevada í Bandaríkjunum. Er áætlað að orkuveruð framleiði rúm 17 megavött.

Charles Arrigo, sem leiðir jarðhitaráðgjöf Glaciers Securities í New York, segir að reynsla og þekking fyrirtækisins á sviði fjármögnunar jarðhitarverkefna veiti því sérstöðu en fyrirtækið var fengið til að veita GRC ráðgjöf um val á verkefni til að lána til.

Þá segir Arrigo þá sérstöðu fyrirtækisins byggja á útlutningi á íslenski sérfræðiþekkingu á jarðhita. - mþl

visir þú að...  
BÖRN EIGA RÉTT Á  
VERND GEGN OFBELDÍ?





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

## Auris Dísil Eco

sparneytinn kostur



### AURIS DÍSIL ECO - EYÐSLUGRANNUR OG UMHVERFISVÆNN

Toyota Optimal Drive vélarlínan. Nýstárlegar, vistvænar lausnir sem skapa fullkomið jafnvægi á milli minni eldsneytiseyðslu, minni losunar koltvísýrings og akstursánægju. Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

- 1.4 D4D dísilvél
- 4,5 lítrar/100 km í blönduðum akstri
- CO<sub>2</sub> 118 g/km

Verð: 3.590.000 kr.\*



**Toyota Kópavogi**  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogi  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjaneshæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjaneshæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

\*Verð miðast við Auris Dísil Eco Terra, 1.4l, beinskíptan. Búnaður á myndinni getur verið frábrugðinn þeim sem fylgir Auris Dísil Eco Terra. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## VEISTU SVARIÐ?



1. Á hvaða svæði í Afríku hefur Unicef þegar hjálpað nær 40 þúsund börnum?
2. Hverjir eru nýkrýndir Íslandsmeistarar í körfubolta kvenna?
3. Hvar býr Fransína mús, úr Stundinni okkar, um þessar mundir?

SVÖR

1. Sahel-svæðinu 2. Njarðvík 3. í Afríku



**ARNARFELL** Skipin tvö eru systurskip og bera nöfnin Arnarfell og Helgafell. Hvort er 138 metrar að lengd og 21 metri að breidd.

Hafa leigt skipin frá 2005:

## Samskip fjárfestir í skipum

**VIÐSKIPTI** Samskip hefur fest kaup á tveimur gámaflutningaskipum sem félagið hefur haft á leigu frá árinu 2005. Skipin bera nöfnin Arnarfell og Helgafell og hafa verið í siglingum milli Íslands og Evrópu. Fyrir þau borgar Samskip nálægt fjórum milljörðum króna.

Skipin tvö eru systurskip sem smíðuð voru árið 2005 hjá J.J. Sietas skipasmíðastöðinni í Hamborg í Þýskaland. Hvort skip getur borið 909 gámaeiningar en burðargetan er 11.143 tonn. Þau er 138 metrar að lengd og 21 metri að breidd.

Samskip hefur nú alls tíu gámaskip í rekstri.

- mþl

Reglubundin skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um íslenskt efnahagslíf kom út í síðustu viku:

# AGS kallar eftir aðhaldssamari hagstjórn

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hvetur til þess að stjórnvöld sýni meira aðhald í ríkisfjármálum og telur réttast að Seðlabankinn hækki stýrivætti vegna aukins verðbólguþrýstings. Þá telur sjóðurinn að gengi krónunnar gæti enn veikt nokkuð á næstunni. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu AGS um íslenskt efnahagslíf sem kom út í síðustu viku en stofnunin gefur reglulega út slíkar skýrslur.

Í skýrslunni kemur fram að Ísland sé hægt og bítandi að rétta úr kútnum eftir bankahrunið árið

2008. Til marks um það hafi hagvöxtur verið rúm 3 prósent á síðasta ári, knúinn af einkaneyslu og aukinni fjárfestingu. Þá hafi dregið úr atvinnuleysi en verðbólga sé þó enn of mikil.

Eins og áður sagði leggur AGS til í skýrslunni að stjórnvöld gripi til frekari aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálunum. Nánar tiltekið að stjórnvöld dragi úr útgjöldum hins opinbera um sem nemur hálfu prósentu af landsframleiðslu. Kallar AGS eftir þessum aðgerðum þar sem ríkisútgjöld hafi verið meiri á árinu en búist hafi verið við.

Þá telur AGS að þrátt fyrir að krónan sé að öllum líkindum nokkuð undir jafnvægisraungengi sínu sé líklegt að gengið veikist enn frekar á næstunni. Það skýrist af þrýstingi vegna framvindu áætlunar um losun gjaldeyrishafta auk þess sem endurgreiðslur íslenskra fyrirtækja á erlendum skuldum hafi áhrif.

Loks kallar AGS eftir frekari aðgerðum við endurskipulagn-

ingu skulda heimila og fyrirtækja þótt sjóðurinn leggi áherslu á að mikill árangur hafi náðst. Þá hvetur hann til frekari aðgerða til að styrkja eftirlit með fjármálakerfinu og draga úr veikleikum.

- mþl

**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** AGS kallar eftir því að ríkisútgjöld verði skörin niður um sem nemur hálfu prósentu landsframleiðslu.



# Ríkið ætlar að veita aukið fjármagn í Íbúðalánasjóð

Stefnt er að því að ríkissjóður leggi Íbúðalánasjóði til fé svo hann uppfylli reglur um eiginfjárhlutfall. Framkvæmdastjóri sjóðsins telur að hann þurfi um tíu milljarða króna. Óvíst hvenær framlagið verður greitt.

**VIÐSKIPTI** Stjórnvöld stefna enn að því að leggja Íbúðalánasjóði til aukið eigið fé svo að eiginfjárhlutfall hans verði að lágmarki 5 prósent. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. Til þess þarf sjóðurinn að fá um tíu milljarða króna. Ekki hefur verið ákveðið hvenær féð verður lagt til en Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, sagði í Fréttablaðinu fyrr í þessum mánuði að rætt hafi verið um að eiginfjárfesting yrði reitt fram á þessu ári. Á fjárlögum þessa árs er ekki gert ráð fyrir auknu framlagi til sjóðsins úr ríkissjóði.

Í ársreikningi Íbúðalánasjóðs, sem var birtur nýverið, kom fram að eiginfjárhlutfall sjóðsins sé 2,3 prósent. Samkvæmt reglugerð um starfsemi sjóðsins á langtíamarkmið hans að vera að hlutfalli sé yfir 5 prósent. Það hefur ekki verið svo hátt frá því um mitt ár 2008, eða í tæp fjögur ár.

Í svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að stjórnvöld hafi boðað að til standi að leggja sjóðnum til aukið eigið fé og að miðað sé við

að hann muni í kjölfarið uppfylla langtíamarkmið sitt. „Ekkert hefur verið ákveðið enn sem komið er um hvenær eigið fé sjóðsins verði aukið, en það ræðst fyrst og fremst af því hvenær liggur fyrir hver endanleg fjárförf sjóðsins er. Sjóðurinn hefur staðið í ströngu við endurskipulagningu og úrvinnslu skuldamála hjá viðskiptamönnum sjóðsins, bæði einstaklingum og lögaðilum. Núna er ekki er ljóst hvenær því verkefni lýkur en þá verður hægt að áætla fjárförf sjóðsins.“

Íslenska ríkið lagði Íbúðalánasjóði til 33 milljarða króna í lok mars 2011 til að styrkja eiginfjárstöðu sína. Það framlag var nær allt fært inn á afskriftareikning til að mæta viðbúnum útlánatöpum sjóðsins. Því nýttist framlagið ekki til að auka eiginfé hans. Alls voru 8,3 milljarðar króna af útlánnum sjóðsins afskrifaðir endanlega í fyrra, að mestu vegna 110 prósentleiðarinnar svokölluðu. Auk þess voru 21,8 milljarðar króna á afskriftareikningi sem sjóðurinn reiknar með að hann þurfi að nýta í frekari afskriftir.

thorhur@frettabladid.is



**RÍKISSJÓÐUR** Íslenska ríkið lagði Íbúðalánasjóði til 33 milljarða króna fyrir um ári síðan. Sú upphæð hefur verið tekin til hlíðar til að mæta afskriftarþörf sjóðsins og nýttist ekki sem nýtt eigið fé. Oddný Harðardóttir er fjármálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hefur á margan hátt sérstöðu

Fréttablaðið spurði fjármálaráðuneytið hvort til greina kæmi að lækka viðmið Íbúðalánasjóðs um eigið fé í stað þess að endurfjármagna hann. Í svari ráðuneytisins segir að afstaða til þess hafi enn ekki verið fastmótuð. „Er þar að sjálfsgöðu horft til þess að hann [Íbúðalánasjóður] hefur á margan hátt sérstöðu í samanburði við aðrar lánastofnanir og nýtur ríkisábyrgðar. Hins vegar er ljóst að styrkja þarf fjárhag sjóðsins því lítið eigið fé gerir honum „erfiðara fyrir að mæta áhættuþáttum í rekstri sjóðsins og er fjárhagsáhætta ríkissjóðs því meiri en ella“, líkt og segir í skýrslu um áætlun í ríkisfjármálum, Ríkisbúskapurinn 2012-2015, frá október síðastliðnum.“

# MPM

## MEISTARANÁM Í VERKEFNASTJÓRNUN

**Hvar:** Háskólinn í Reykjavík, stofa V102

**Hvenær:** þriðjudaginn 17. apríl

**Tími:** kl. 17:00–18:00

**Skráning á** [mpm@ru.is](mailto:mpm@ru.is)

Verið velkomin á opinn kynningarfund um meistaranám í verkefnastjórnun í Háskólanum í Reykjavík. MPM námið er hagnýtt stjórnendanám með vinnu sem hentar þeim sem vilja stýra fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

**OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í MEISTARANÁM TIL 30. APRÍL**



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

[www.hr.is/mpm](http://www.hr.is/mpm)

## FRÉTTATÍMINN



**HEIMASÍÐA FRÉTTATÍMANS** Breytingar hafa orðið á ritstjórn Fréttatímans sem og hluthafahópi.

Ritstjóraskipti hjá Fréttatímanum:

## Jónas tekur við af Jóni

**VIÐSKIPTI** Jón Kaldal hefur látið af störfum sem ritstjóri Fréttatímans en hann hefur gegnt starfinu frá því að blaðið hóf göngu sína haustið 2010. Við starfinu tekur Jónas Haraldsson sem hefur verið ritstjórnarfulltrúi blaðsins. Í tilkynningu frá Fréttatímanum vegna þessa kemur fram að Jónas hefur áratugareynslu sem blaðamaður, frétt- og ritstjóri.

Jón hefur auk þess selt hlut sinn í blaðinu til annarra hluthafa blaðsins utan Óskars Hrafns Þorvaldssonar. Eftir sölu eru hluthafar þeir Teitur Jónasson, Valdimar Birgisson, Jónas Haraldsson, Haraldur Jónasson auk Óskars Hrafns.

Þá hefur Sigríður Dögg Auðunsdóttir verið ráðin blaðamaður á ritstjórn Fréttatímans en hún hefur meðal annars verið verðlaunuð af Blaðamannafélagi Íslands fyrir



JÓNAS HARALDSSON

rannsóknarblaðamennsku. Teitur Jónasson, framkvæmdastjóri Fréttatímans, segir að manna-breytingarnar megi meðal annars rekja til ólíkra hugmynda hluthafa blaðsins um

framtíðarstefnu þess. Hann segir þó engar breytingar í vöndum á stefnu eða útgáfu blaðsins, í það minnsta að svo stöddu.

Loks segir hann ánægjulegt að sjá hve sterkur og góður miðill Fréttatíminn sé orðinn. „Þá sjáum við fyrir okkur að verða enn sterkari í framtíðinni,“ segir Teitur.

- mþl



# VORDAGAR BÍLALANDS

VORIÐ ER  
KOMIÐ OG  
GRUNDIRNAR  
GRÓA...

NÚ ERU VORDAGAR HJÁ BÍLALANDI OG PLANIÐ FULLT AF NOTUÐUM BÍLUM Á TILBOÐSVERÐI. VERIÐ VELKOMIN TIL OKKAR AÐ GERA GÓÐ KAUP.

Á heimasíðu okkar [www.bilaland.is](http://www.bilaland.is) er á aðgengilegan hátt hægt að skoða alla tilboðsbíla undir hnappnum Tilboðsbílar. Auk tilboðsbíla er hægt að skoða myndir af öllum notuðum bílum í okkar eigu á síðunni.



## BÍLALAND

EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**FORD Explorer XLT 4wd Sport**  
Árgerð 2006, ekinn 70 þús.  
Bensín, sjálfskiptur

Verð 2.490 þús. kr. Rnr. 101824

**VORTILBOÐ**  
**1.890 þús. kr.**

**bilaland**

## BÍLALAND

EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**NISSAN Patrol CommonRail LE35**  
Árgerð 2008, ekinn 96 þús.  
Dísil, sjálfskiptur

Rnr. 141122

**VERÐ**  
**5.480 þús. kr.**

**bilaland**

## BÍLALAND

EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**TOYOTA Rav4 langur 4wd**  
Árgerð 2000, ekinn aðeins 84 þús.  
Bensín, sjálfskiptur

Rnr. 130161

**VERÐ**  
**950 þús. kr.**

**bilaland**

## BÍLALAND

EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**MMC Pajero Instyle**  
Árgerð 2007, ekinn 86 þús.  
Dísil, sjálfskiptur

Verð 5.190 þús. kr. Rnr. 130010

**VORTILBOÐ**  
**4.590 þús. kr.**

**bilaland**

## BÍLALAND

EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**SUBARU Legacy Sedan Lux**  
Árgerð 2005, ekinn aðeins 56 þús.  
Bensín, sjálfskiptur

Rnr. 200607

**VERÐ**  
**1.990 þús. kr.**

**bilaland**

## BÍLALAND

EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**TOYOTA Auris Luxury**  
Árgerð 2008, ekinn 29 þús.  
Bensín, beinskíptur

Verð 2.690 þús. kr. Rnr. 150834

**VORTILBOÐ**  
**2.190 þús. kr.**

**bilaland**

## BÍLALAND

EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**VW Passat Highline TDI**  
Árgerð 2007, ekinn 59 þús.  
Dísil, sjálfskiptur

Rnr. 190348

**VERÐ**  
**3.190 þús. kr.**

**bilaland**

## BÍLALAND

EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**OPEL Corsa OPC**  
Árgerð 2009, ekinn 18 þús.  
Bensín, beinskíptur

Verð 2.490 þús. kr. Rnr. 101017

**VORTILBOÐ**  
**1.980 þús. kr.**

**bilaland**

## BÍLALAND

EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**TOYOTA Auris**  
Árgerð 2010, ekinn 9 þús.  
Bensín, beinskíptur

Rnr. 150891

**VERÐ**  
**2.790 þús. kr.**

**bilaland**

## BÍLALAND

EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**VW Golf Comfort STW**  
Árg. 2005, ekinn 89 þús.  
Bensín, beinskíptur

Verð: 1.250 þús. kr. Rnr. 190273

**VORTILBOÐ**  
**950 þús. kr.**

**bilaland**

**bilaland**

Breiðhófa og Kletthálsi 11 – 525 8000 – [www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)

Afgreiðslutími: Mánudaga kl. 10.00 til 18.00 – þriðjudaga til föstudaga kl. 9.00 til 18.00 – laugardaga kl. 12.00 til 16.00

## MYNDASÝRPA: Norður-Kórea



**LEIÐTOGARNIR** Gríðarstórar stytur af hinum látnu leiðtogum og feðgum, Kim Il-sung og Kim Jong-il, voru afhjúpaðar í Pjongjang á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**ELDFLAUGARSKOT UNDIRBÚIÐ** Hermaður stendur fyrir framan eldflaugina, sem var svo skotið upp fyrir helgi. Norður-Kóreumenn neita því að eldflaugarskotið hafi tengst kjarnorkuáætlunum landsins.

# Daglegt líf í Norður-Kóreu

Athygli umheimsins hefur beinst að Norður-Kóreu undanfarna daga. N-Kóreumenn gerðu fyrir helgi misheppnaða tilraun til þess að skjóta upp eldflaug, sem að þeirra sögn átti að koma gervihnetti á sporbaug um jörðu. Um helgina var þess einnig minnst að hundrað ár voru frá fæðingu landsföðurins Kim Il-sung. Gríðarlega stór hersýning fór fram og ný leiðtoginn, Kim Jong-un, hélt tuttugu mínútna langa ræðu sem var sjónvarpað um allt landið. Það var í fyrsta skipti sem hann ávarpaði landsmenn opinberlega. Fjöldi fjölmiðlamanna heimsótti landið vegna þessa.



**Á BÁS Í PJONGJANG** Þessi kona sat inni í þessum bás á götu í Pjongjang í síðustu viku, þegar hópur fjölmiðlafólks fór í skipulagða ferð um höfuðborgina.



**GEIMSTOFNUNIN** Starfsmenn hjá geimvísindastofnun unnu að eldflaugarskotinu í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FÓLK Á FERÐ** Fullur vagn af fólki fór fram hjá ljósmyndurum og blaðamönnum í höfuðborginni Pjongjang.



**UNNIÐ Á ÖKRUM** Norður-kóreskir verkamenn við vinnu á ökrum á vesturströnd N-Kóreu í síðustu viku.



## Farvegur frampróunar

Með bættri hönnun á loftflæði ytra byrðis og tækniþúnaði sem tryggir hagkvæmstu aksturstillhögun er mögulegt að minnka umtalsvert eyðslu eldsneytis. Þannig er Audi A4 enn sparneytnari en áður og eyðir aðeins frá 4,5 lítrum á hverja 100 km.\* Nýr A4 er því afrakstur stöðugrar tækniþróunar hjá Audi.

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Audi A4 fylgir sóllúga öllum bílum sem pantaðir eru fyrir 1. júní 2012.

Vorsprung durch Technik 



\*M.v. 2.0TDI 143 hestafla, dísilvél, beinskiptan.

Velkomin í reynsluakstur

# Láttu hjartað ráða



„Svalandi engiferdrykkur alveg eftir mínu höfði, enda er engifer bæði hollt og gott. Það hefur lengi verið einn af hornsteinum austurlenskra náttúrulækninga.“

*Solla*

**BONUS**

**HAGKAUP**

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · [www.lifraent.is](http://www.lifraent.is)



**HIMNESKT**

Óvissa bæði um ættleiðingar og tæknifrjövgun.

## Skýrar leiðir til lengri tíma

Námskeið sem eru skilyrði fyrir því að fólk fái forsamþykki fyrir ættleiðingu verða ekki haldin í bili á vegum Íslenskrar ættleiðingar. Ástæðan er fjáskortur.

Námskeiðin hafa verið haldin til að uppfylla skilyrði Haag-samningsins um alþjóðlegar ættleiðingar en þar er því lofað að þjálfa og undirbúa væntanlega kjörforeldra eins vel og kostur er. Íslensk ættleiðing hefur annast þetta námskeiðahald fyrir væntanlega kjörforeldra og hafa námskeiðin mælst vel fyrir.

### SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir  
steinunn@frettabladid.is



Nú eru 100 fjölskyldur í umsóknarferli hjá Íslenskri ættleiðingu, þar af bíða 44 forsamþykkis. Ljóst er að ef ekki verður leyst úr málum milli Íslenskrar ættleiðingar og innanríkisráðuneytisins þá munu sumir þeirra sem nú eru

ad hefja umsóknarferli lenda í blindgötu, auk þess sem óvissan kemur í veg fyrir að nýir foreldrar geti hafið ættleiðingarferli.

Þetta gerist á sama tíma og kostnaður foreldra vegna tæknifrjövngana hefur aukist til muna frá því sem áður var. Samkvæmt reglugerð sem gildir út þetta ár er fyrsta tæknifrjövgun barnlausra para og einhleypra kvenna ekki niðurgreidd eins og áður og alfarið hefur verið hætt að greiða niður tæknifrjövgunarmeðferðir fólks sem á barn fyrir. Sjúkratryggingar taka þannig eingöngu þátt í kostnaði við aðra, þriðju og fjórðu tæknifrjövgunarmeðferð þeirra sem barnlausir eru fyrir. Óvíst er svo hvað við tekur þegar reglugerðin fellur úr gildi í árslok.

Útlitið er þannig ekki hjart hjá því fólk sem af ýmsum ástæðum getur ekki eignast börn án aðstoðar. Báðar leiðir, ættleiðing og tæknifrjövgun, eru dýrar og vart á færi nema þeirra sem hafa þokkalegar tekjur.

Ættleiðingafærið hefur hingað til verið langt og strangt en nú virðist sem alger pattstaða ríki á þeim vettvangi. Það ástand er auðvitað ófært því í hinu stóra samhengi er ekki um að ræða háar fjárhæðir til að unnt verði að halda námskeið fyrir verðandi kjörforeldra.

Eins og staðan er nú er það eingöngu á færi vel efnaðra að eignast börn með ættleiðingu og tæknifrjövgun. Þeim sem ætla að ættleiða eru sett skilyrði um eignir, auk þess sem hreinn kostnaður við ættleiðingu nemur nokkur hundruð þúsundum króna. Það sama á við um tæknifrjövganir, þ.e. að kostnaður við hverja meðferð nemur nokkur hundruð þúsundum króna. Ofan á leggst sú óvissa að námskeið fyrir verðandi kjörforeldra eru í uppnámi og reglugerð sú sem unnið er eftir í tæknifrjövgunarmálum rennur út í lok þessa árs.

Því fylgir iðulega sársauki að geta ekki eignast börn með þeim einfalda hætti sem flestum ber sem betur fer gæfa til. Sá sársauki yrði sannarlega léttbærari ef fyrir lægju bæði ljósar og færar leiðir til þess að eignast börn með tæknifrjövgun eða ættleiðingu eftir því sem fólk kys eða auðnast.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Risatækifæri?

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, kynnti á ársfundi fyrir-tækisins á fimmtudag niðurstöður ítarlegrar stefnumótunar sem fyrir-tækið hefur unnið að. Fjallaði Hörður um hugmyndir um raforkusölu til Evrópu um sæstreng og tók svo til orða að líklega væri um að ræða eitt stærsta viðskiptatækifæri sem Íslendingar hefðu staðið frammi fyrir. Þá lagði hann áherslu á nauðsyn þess að breið sátt væri um verkefnið í samfélaginu. Það þyrfti því að ræða málið fram og til baka frá öllum hliðum.



#### Umræðan farin af stað

Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, hóf umræðuna með ritun fróðlegrar greinar sem birtist á Smugunni á föstudag. Þar hvetur hún til þess að vandað sé til verka við nýtingu virkjunarkosta og að engu farið óóslega. Þá veltir hún fyrir sér hvaðan raforkan, sem selja mætti, ætti að koma enda virkjunarkostir takmarkaðir. Loks segir hún að gæta verði að því að fullnýti núverandi kynslóð alla virkjunarmöguleika sé gengið á möguleika komandi kynslóða til að nýta orkuauðlindina eftir eigin höfði.



#### Mögulegur ábati er meiri nú

Það er vitaskuld rétt hjá Svandísi að taka þarf tillit til ýmissa sjónarmiða í þessum efnum. Þá þarf að rannsaka alla virkjunarkosti af gaumgæfni. Hvað varðar það sjónarmið að ekki eigi að ganga á nýtingarmöguleika komandi kynslóða er þó nauðsynlegt að hafa í huga að mögulegur ábati af virkjunum í dag er alveg örugglega meiri en ábati af virkjunum eftir einhverja áratugi, reiknað á núvirði. Sé vilji til þess að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir er því skynsamlegra að nýta bara hluta af mögulegum ábata af raforkusölu sem fyrst þannig að það gagnist til framtíðar.

magnusl@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Miele**

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

## Hjónanámskeið í 15 ár

### Samfélagsmál



Þórhallur Heimisson  
sóknarprestur og leiðbeinandi

Á þessu vori eru liðin 15 ár síðan fyrst á voru haldin námskeið fyrir pör og sam-búðarfólk undir heitinu „Jákvætt nám-skeið um hjónaband og sambúð“. Fyrsta námskeiðið var haldið árið 1996 í Hafnar-fjarðarkirkju. Þá var ætlunin að bjóða upp á tvö námskeið, eitt um haust og eitt að vori, og láta það duga. Viðbrögðin voru aftur á móti strax í upphafi mjög sterk og áhuginn á slíkum námskeiðum mikill. Þetta var tilboð sem greinilega vantaði inn í íslenskt samfélag á þessum tíma.

Síðan eru sem sagt liðin 15 ár í einni sjónhendingu og námskeiðin eru orðin óteljandi. Þau hafa verið með ýmsu sniði. Í gegnum árin hefur verið boðið upp á þau reglulega í Hafnarfjarðarkirkju en auk þess hafa námskeiðin verið haldin um allt land og margoft á sumum stöðum, eins og til dæmis á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og í Reykjavík. Þá hafa þau verið haldin í samvinnu við heimamenn á hverjum stað, foreldrafélög skóla, hin ýmsu félagasamtök, starfsmannafélög og þannig mætti lengi telja. Námskeiðin hafa einnig verið

haldin í Ósló, Stokkhólmi og Gautaborg. Fjöldinn sem hefur sótt þessi námskeið frá upphafi er í kringum 6.000 pör.

Ef leitað er skýringa á vinsældum nám-skeiðanna er helst til að taka að þau eru byggð þannig upp að hvert og eitt par getur á námskeiðunum mótað efnid og umfjöllunina að sínu höfði. Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi – en verða um leið að horfast í augu við sjálfa sig og sitt líf. Námskeiðin eru umfram allt lausnarmiðuð og mörg pör sækja námskeiðin til að efla og styrkja það sem gott er. Og heimaverkefni hafa nýst mörgum vel til framtíðar.

Þó liðin séu 15 ár frá því að námskeiðin hófust og þó samfélagið hafi tekið algerum stakka-skiptum á þessum árum, þá er þörfin enn mikil fyrir námskeið af þessu tagi. Til að halda upp á tímamótin verður þess vegna boðið upp á hjónakvöld í Kalda-lóni Hörpu þann 30. apríl næstkomandi. Þar verður reynsla áráanna dregin saman og bent á nýjar leiðir fyrir pör til að styrkja sam-band sitt á nýjum tímum.

# Embættið okkar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Þegar við veljum forseta erum við að velja okkur. Þannig hafa þessar kosningar þróast í árána rás og stjórnmálamennirnir, embættismennirnir, menntamennirnir og fjölmiðlamennirnir og aðrir sjálfskipaðir sálahirðar ráða ekki neitt við neitt en neyðast til að elta hjarðirnar. Við erum að velja spegilmynd okkar. Við veljum einhvern sem við þekkjum okkur í og alla þá viðkunnalegu eiginleika sem við teljum okkur búa yfir.

Lengi hefur okkur ekki alls kostar líkað við sjálf okkur sem þjóð en komandi kosningar eru tækifæri til að laga laskaða sjálfsmynd. Okkur finnst að þetta þurfi að vera manneskja sem er aðeins betri en við – án þess þó að vita of vel af sér – manneskja sem við getum litið upp til, manneskja með ríka dómgreind sem kann að taka ákvarðanir þegar þarf að gera það – og taka ekki ákvarðanir þegar þess þarf með – manneskja sem skynjar sig í þjóðarhafinu, stendur með okkur í biðröðinni í búðinni en er um leið framúrskarandi dæmi um okkur á heimsmóti þjóðanna.

Við þrúum augun og sjáum fyrir okkur viðkomandi einstakling. Að stíga út úr flugvél og veifa hæversklega og vinalega,

kanna heiðursvörðinn (hlýtur að vera erfitt að halda andlitinu við þá skringilegu iðju) og heilsa öllum þessum velbornu háeðlum sem hallirnar í útlöndum eru fullar af...

Á blaðamannafundi að lýsa sér og landinu sínu á trúverðugan og skemmtilegan og hógværan hátt án þess að hljóma eins og landkynningarbæklingur eða bílasali að selja druslu.

Að stíga út úr flugvél í þorpi, taka á móti blómum frá niðurlútum stelpum í þjóðbúningi (sem er okkar heiðursvörður) og brosa svo upp í rokið... Að halda nýársávarp í sjónvarpi... Gleðjast með þjóðinni, syrgja með henni, standa með henni.

Við þrúum augun og máttum alls konar fólk við þetta starf. Viðkomandi þarf að komast vel að orði af sjálfsdáðum, hafa til að bera virðuleik og alþýðleik í einhverjum óskilgreindum hlutföllum... sem sagt: Við eins og við ímyndum okkur sjálf okkur í sparifötunum.

Sjálfur man ég reyndar bara eftir Ásgeiri Ásgeirssyni án fata, þótt hann væri þjóðhöfðingja fjarlægastur og viðhafnar-mestur. Hann var beri forsetinn – svona næstum því – alltaf í sundskýlu. Hann var tíður gestur í gömlu sundlaugunum í Laugardal og leiddi þjóð sína í því stríði sem þá geisadi: Að sigra aðrar Norðurlandþjóðir í 200 metra sundiðkun – þar sem við höfðum frægan sigur, miðað við fólksfjölda. Allir hengdu fötin sín á snaga í þá daga en hann var úti í horni og fékk þrjá snaga fyrir sig. Forsetinn.

Ég man betur eftir Kristjáni

Eldjárni. Ógleymanleg er ljósmyndin af honum í bók Páls Valsónar um Vigdís þar sem hann stígur út úr alþingishúsinu eftir embættistöku hennar og er ekki lengur forseti, lyftir höndunum af kæti og fagnar fullur af galsa og einhverri óskilgreindri orku – loksins laus, og nýbúinn að yrkja þessa vísu: „Að eyða sínum ævi-dögum / í átveislum og drykkju-klið / er synd gegn guðs og lífsins lögum / og liggur dauðarefsing við.“ Hann var virðulegur og sómakær í framkomu eins og

sinnar, ræktendur, brosmild þjóð.

Því að þegar við veljum forseta erum við að velja okkur. Og ekki nóg með það: við veljum sjálf. Forsetakosningar eru lýðræðislegar, sem er meira en sagt verður um kosningar til þings þar sem misvægi atkvæða hefur ævinlega verið slíkt að naumast verður talað um sumt fólkið á þingi sem fulltrúa kjósenda heldur fremur byggðarlaga og fyrir-tækja heima í héraði. Einn maður – eitt atkvæði. Forseti hefur því

liðin að forseti sé allsherjar sameiningarafl – kannski er ekkert lengur til sem sameinað getur þessa sundurlyndisþjóð – en forseti Íslands þarf samt ekki að leggja sig í framkróka við að vera sundrunarafl íslensku þjóðarinnar. Eða láta sem svo að íslenska þjóðin samanstandi einungis af fólki sem er sammála honum.

Íslenska lýðveldið er ungt og reglur þess og hefðir óljósar. Eins og ýmislegt annað er forsetaembættið því marki brennt að íslenskt samfélag er stundum eins og ímprovísarað jafnharðan. Það skiptir því máli að í embættið veljist manneskja sem kann að fara með vald. Skynjar aflið í þessu embætti en beirir því ekki nema nauðbeygd.

Eins og margs konar frægðarfólk má reyna er íslenska þjóðin stundum hverflynd í dálæti sínu á einstaklingum; allt í einu er einhver snarlega sett(ur) út af sakramentinu fyrir óljósar sakir aðrar en að þjóðin er orðin leið á viðkomandi og vill eitthvað nýtt. Forseti þarf að vera yfir slíkt stundardálæti hafinn. Nú er svo komið fyrir þessari þjóð að hún þarf leiðtoga – ekki bara í pólitískum úrlausnarefnum dægranna heldur ekki síður í andlegum efnum, einhvern sem stendur fyrir verðmæti og önnur gildi en mæld eru í peningum, ný viðhorf, nýtt sálarástand – einhvern sem vekur með fólki góðar kenndir. Við lifum tíma sem ein-kennast af þaulskipulögðu þrasi. Þjóðin þarf forseta sem hún getur hlustað á, seta segir henni satt. Hún þarf forseta sem henni getur þótt vænt um.

Íslenska lýðveldið er ungt og reglur þess og hefðir óljósar. Eins og ýmislegt annað er forsetaembættið því marki brennt að íslenskt samfélag er stundum eins og ímprovísarað jafnharðan. Það skiptir því máli að í embættið veljist manneskja sem kann að fara með vald. Skynjar aflið í þessu embætti en beirir því ekki nema nauðbeygd.

hann tæki það alvarlega að vera fulltrúi þjóðarinnar – þjóðar sem tæki það alvarlega að vera þjóð – það væri honum jafnvel byrði; í sjónvarpsávörpunum var hann alltaf á svipinn eins og hann væri að segja eitthvað mikilsvert – og var það alveg áreiðanlega – og hann talaði af undraverðri fimi um vér og oss. Hann þeraði þjóð sína.

Svo kom Vigdís og bauð þjóðinni dús. Allt í einu urðum við öll svolítið Vigdísarleg. Nútímalegir heimsborgarar, menningarlegt fólk, jafnréttis-

visst umboð allrar þjóðarinnar – visst. En umboð forsetans til að neita að skrifa undir lög og hegða sér að öðru leyti sem eindreginn fulltrúi þjóðarinnar gagnvart þinginu væri ótvírætt ef hann væri kosinn eftir tvær umferðir. Það segir sig eiginlega sjálft að viðkomandi þarf að hafa meirihluta þjóðar að baki sér til að tala um sig sem holdgerving „þjóðarviljans.“ Hann má heldur ekki gleyma því að hann er líka forseti þeirra sem kusu hann ekki og eru ósam-mála honum. Kannski er sú tíð



Við bjóðum framkvæmdalán

6,25% óverðtryggðir vextir\*  
og engin lántökugjöld

Íslandsbanki býður hagstæð framkvæmdalán til endurbóta á húsnæði. Lánin eru óverðtryggð skuldabréfalán með breytilegum vaxtakjörum samkvæmt vaxtatöflu bankans hverju sinni. Framkvæmdalán geta numið allt að 1,5 milljónum gegn veði og allt að 750.000 kr. án veðs.

Kynntu þér framkvæmdalán á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is) eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

\*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 13.04.2012



Stjórnvöld hafa framlengt átakið ALLIR VINNA til 1. janúar 2013

Þú getur fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir framkvæmdir á árinu 2012.

Kynntu þér málið á [www.allirvinna.is](http://www.allirvinna.is).

Við bjóðum góða þjónustu

[islandsbanki.is](http://islandsbanki.is) | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Framhald stjórnarskrármálsins I

Ný stjórnarskrá

Porkell Helgason

sat í stjórnlagaráði



Stjórnarskrármálið hefur Srekið á sker. Til stóð að spyrja þjóðina um afstöðu til frumvarps stjórnlagaráðs og nokkur álitafni í því sambandi samhlíða forsetakosningu 30. júní nk. Nú bendir flest til að svo verði ekki. Til þess að koma málinu aftur á skrið er brýnt að marka leiðina sem fylgja skuli allt til lykta. Grunnþáttur þess er að þjóðin verði spurð með viðeigandi hætti. Hér verður reifuð sýn höfundar á slíkt heildarferli.

## Þjóðaratkvæðagreiðslu samhlíða forsetakosningum?

Hæpið er að stefna lengur á forsetakosningu sem tækifæri til að spyrja þjóðina um annað mál, stjórnarskrána.

Lögbundin tímamörkin eru liðin og tíminn orðinn of knappur til að vanda megi til spurninga, kynningar og annars undirbúnings. Það orkar líka mjög tvímælis að spyrða saman forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu, sem snýst m.a. um hlutverk forsetans.

Þá liggur beinast við að halda slíka þjóðaratkvæðagreiðslu í haust en tímaskorturinn er næstum sá sami enda yrði að ganga frá öllu á yfirstandandi þingi sem lýkur í maílok. Þá er vafamál hvort takast megi að kynna málið og vekja áhuga þjóðarinnar á sumartíma, í besta falli snemma hausts. Hætt er við dræmri kjörsókn og því að kjósendur yrðu lítt undirbúnir. Ekki má heldur gleyma kostnaði við sérstaka kosningu.

Þetta merkir ekki að hætta eigi að leita ráða hjá þjóðinni, þvert á móti.

## Hvað með skoðanakönnun?

Í stað þjóðaratkvæðagreiðslu mætti gera vandaða skoðanakönnun til að greina afstöðu þjóðarinnar til álitamála. Á undan yrði að fara almenn og ítarleg kynning. Væntanlega þyrfti að ganga á eftir svörum með sím-tölum eða jafnvel heimsóknunum.

Annmarkar eru þó á þessari leið. T.d. má draga í efa að kjósendur væru almennt búnir að kynna sér málin og undirbúa svör ef þeir lentu í könnunarúr-taki. Svörin yrðu því talsverðum hendingum háð.

Það verður þó að telja þessari leið það til tekna að hún er trúlega ódýrust þeirra sem hér eru reifaðar.

## Stungið upp á nýjum þjóðfundum

Hér verður stungið upp á annarri leið, þeirri að endurtaka þjóðfundinn 2010 til að fá fram skoðun þjóðarinnar í gegnum sérvalið úrtak kjósenda sem yrði eins konar kvíðómur um stjórnarskrármálið. Tölfræðileg rök sýna að slíkur þjóðfundur getur talað fyrir hönd þjóðarinnar, nema atkvæði falli næsta jafnt. Sami fyrirvari á vitaskuld við um skoðanakönnun og líka um þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem þátttaka væri ekki sem skyldi.

Þjóðfundarhugmyndin er þessi:

- Kallaður verði saman þúsund manna hópur kjósenda um eina helgi á komandi hausti. Hópurinn verður að vera þverskurður af þjóðinni, allt eins og var 2010.
- Fyrir þjóðfundinn verði lagðar spurningar um álitamál, en að undangenginni málefnalegri kynningu á valkostunum og það á fundinum sjálfum.
- Atkvæði verði greidd leynilega um hvern valkost fyrir sig og án umræða.
- Til fróðleiks mætti spyrja í upphafi um afstöðu þjóðfundarinnar til frumvarps stjórnlagaráðs, og síðan aftur í lokin. Í seinna skiptið yrði spurt um stuðning við stjórnarskrárfrumvarpið að því gefnu að því verði breytt í takt við vilja meirihlutans um hvert álitamála.

Kostirnir við þetta fyrirkomulag eru m.a. þessir:

- Með kynningu á valkostunum á sjálfum þjóðfundinum væru þeir sem þar greiða atkvæði mun betur upplýstir en bæði kjósendur í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu svo og útdregnir þátttakendur í skoðanakönnun.
- Tækifæri gefst til að mæla og bera saman fylgi við stjórnarskrártillögurnar í heild sinni fyrir og eftir að svör fást við álitamálunum. Þetta væri ógerlegt hvort sem er í almennri kosningu eða í skoðanakönnun.
- Aðstefnd þátttaka er fyrirfram tryggð. Eins og 2010 yrði ekki linnt látum fyrr en fengist hefðu þúsund manns eða svo. Að því leyti er þjóðfundur marktækari en skoðanakönnun, jafnvel marktækari en almenn kosning með dræmri þátttöku – og slakri forkynningu.

Helsta gagnrýnin yrði sú að deilt muni verða um niðurstöðuna og hvaða áhrif hún eigi að hafa. Það sama gildir um allar leiðirnar að valkostirnir sem spurt er um verða að vera skýrt orðaðir og ótvíveðir.

Um framhaldið verður fjallað í öðrum pistli.

# Upphefðin sem kom að utan

Evrópusambandið

Sighvatur Björgvinsson  
fyrrum þingmaður og ráðherra



Mál Eftirlitsstofnunar EFTA gegn Íslendingum, sem nú er fyrir EFTA-dómstólum, snýst ekki um kröfur Hollendinga og Breta á hendur Íslendingum. Krafa Hollendinga og Breta er ekki umfjöllunarefni dómstólsins. Umfjöllunarefnið er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að Íslendingar hafi ekki staðið með réttum hætti að innleiðingu tilskipunar ESB um innistæðu-tryggingar og þannig brotið gegn sáttmálanum um Evrópska efnahagssvæðið. Hinn þáttur sama máls, sem gæti haft alvarlegri afleiðingar yrði sú niðurstaða, er að íslensk stjórnvöld hafi mismunað innistæðueigendum – neytendum – með Neyðarlögunum; en mismunur neytenda er litin mjög alvarlegum augum í evrópskum rétti.

Innistæðutilskipunin er í eðli sínu neytendavernd. Henni er ætlað að tryggja að venjulegir sparifjár-eigendur, sem treyst hafa bankastofnunum fyrir sparifé sínu fái fyrir atbeina stjórnvalda tryggingu upp að ákveðnu marki fyrir því, að spariféð í vörslu bankanna hverfi ekki. Til þess að svo verði ekki á samkvæmt tilskipunni að krefja bankana um tiltekna greiðslur til tryggingasjóðsins. Stjórnvöldum í viðkomandi ríki ber skylda til þess bæði að innleiða slíka löggjöf og að sjá til þess að bankarnir greiði tilskilda fjármuni til innistæðu-tryggingasjóðsins. Það vanræktu íslensk stjórnvöld að gera. Álit Eftirlitsstofnunar EFTA, sem Íslendingar eiga sjálfir beina aðild að, er að með því hafi íslensk stjórnvöld brotið gegn sáttmálanum við ESB

um Evrópska efnahagssvæðið. ESB hefur auðvitað beina aðkomu að því máli því það skiptir ESB og ríkin innan þess miklu máli hvort þeir gallar eru á tilskipuninni eða hvort Íslandi geta valdið því að neytendaverndarævi tilskipunarinnar missi gildi sitt. Þetta er allt annað mál en deilurnar við Hollendinga og Breta um fjármuni. ESB hefur eftir sem áður engin afskipti af deilunum við Hollendinga og Breta og stendur sú yfirlýsing framkvæmdastjórnar ESB því óbreytt.

Neytendavernd og samkeppnislöggjöf voru – og eru jafnvel enn – víðs fjarri íslenskum hugsunarhætti. Engin slík löggjöf var lengi vel til á Íslandi og tilraunir, sem árum saman voru til þess gerðar á Alþingi, náðu aldrei fram að ganga. Það var fyrst með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að Íslendingum var gert skylt að innleiða ströng lög um neytendavernd, neytendarétt, um bann við hringamyndun, um verðsamráð og um samkeppnislög. Öll sú upphæfð er því komin að utan. Fjölmörg dæmi eru hins vegar því miður um að Íslendingar taki ekki mark á samningsbundinni réttindavernd neytenda svo sem á sviði mengunar, varna gegn eiturefnum um hollustuhætti og um eftirlit með losunarefnum og eiturefnum í sjó. Sé um að ræða vanrækslu hvað varðar neytendavernd sparifjár-eigenda – eins og ESA heldur fram – þá væri það aðeins eitt dæmið af mörgum af sama saudarhúsi.

Íslendingum ber skylda til þess að rannsaka hvort 150 eiturefni sé að finna í matvælum á borðum íslenskra neytenda. Aðeins er leitað að 15 slíkum efnunum. Ekki er skoðað hvort 135 önnur slík efni finnast í fæðu Íslendinga. Íslendingar hafa sótt til ESB um undanþágu til þess að sleppa 135

eiturefnum órannsökuðum í fæðuframboði íslenskra neytenda.

Ekki var fyrr búið að innleiða í alþjóðasamfélaginu strangar reglur um eftirlit með losun eiturefna í sjó – samþykkt, sem Íslendingar höfðu sérstaklega beitt sér fyrir – en höfundarnir, Íslendingar sjálfir, sóttu um undanþágu fyrir sig.

Árum saman spúðu sorpbrennslustöðvar eiturefnum yfir nærliggjandi byggðarlög á Íslandi þótt slíkt væri stranglega bannað í íslenskri löggjöf samkvæmt kröfum í sáttmála Evrópska efnahagssvæðisins. Íslensk stjórnvöld vissu þetta allan tímann – en höfðu ekki að.

Í sumar er leið komst í fréttir að áburður, sem notaður var í jarðrækt á Íslandi, var mengaður eiturefnum og salt, sem notað var til matvælaframleiðslu, var iðnaðarsalt óhæft til slíkra nota. Yfirvöld vissu þetta – en ætluðu að þagga það niður.

Þetta eru aðeins fá og mjög nýleg dæmi um skeytingarleysi gagnvart íslenskum neytendum og neytendarétti – jafnvel þegar um hættuleg mengandi eiturefni er að ræða, sem geta haft alvarleg áhrif á heilsu fólks. Við Íslendingar verðum að gera okkur ljóst, að þó svo við látum slíkt atriði sem varða neytendavernd og neytendarétt okkur í léttu rúmi liggja – sakir áratuga skeytingaleysis um þau efni – þá eru einmitt þessi mál hvað efst á baugi meðal alls almennings í flestum okkar nágrannalöndum og því ekkert skrytið þó erlendir samstarfsaðilar vilji hafa afskipti af því hvernig við meðhöndlum slík mál snerti þau hagsmunir neytenda í þeim ríkjum. Íslendingar eru ekki einir í heiminum – þó svo mætti stundum halda. Við viljum vera einir í heiminum þegar við höfum hag af því. En viljum jafn ákafir vera hluti af honum ef við þurfum á því sjálfir að halda.

# Ranghugmyndir um fyrirmyndarþjóðfélag

Ofbeldi

Ástþór Magnússon  
forsetaframbjóðandi



Þau ummæli Þóru Arnórsdóttur í fjölmiðlum að „margir lenda í því að slást eftir ball“ eru forkastanleg og ekki við hæfi af forsetaframbjóðanda.

Friður 2000 varaði við því fyrir fimmtán árum að ofbeldi færi vaxandi í þjóðfélaginu. Við framleiddum stuttmyndir gegn ofbeldi og dreifðum til sjónvarpsstöðva til að sýna á undan og eftir kvik-

myndum sem innihalda ofbeldi.

Þrátt fyrir að hafa bent á niðurstöður rannsókna m.a. á vegum UNESCO um vaxandi ofbeldi sem rakið er til aukins ofbeldis í sjónvarpi og tölvuleikjum, varð fálæti fjölmiðlanna við verkefninu til þess að það lagðist af. Á ráðstefnu um ofbeldi á vegum Kennarafélags Íslands var sýnd mikil andstaða við þetta verkefni Friður 2000 af hálf fulltrúa Stöðvar 2.

Ofbeldi er aldrei réttlætjanlegt. Engin ástæða er fyrir nokkurn mann að lenda í slagsmálum. Ég hef t.d. aldrei á minni lífsævi lent í slagsmálum við annan mann. Hafi ég verið beittur ofbeldi hef ég tekið því án þess að slá til baka.

Slíkt þurfum við að kenna okkar unga fólk til að uppræta ofbeldi í samfélaginu.

Um leið og ég fordæmi ómálfnalegar árásir á forsetaframbóð Þóru Arnórsdóttur skora ég og samtökin Friður 2000 á forsetaframbjóðandann að gefa út afdráttarlausu yfirlýsingu þar sem hún leiðréttir ummæli sín sem má skilja á þann veg að henni finnst ofbeldi eðlilegur þáttur í samfélaginu. Það er mjög alvarlegt mál ef kjörinn verður forseti með slíkar ranghugmyndir um fyrirmyndarþjóðfélag.

Skýrslu UNESCO má nálgast á vef Friðar 2000: [www.peace2000.org](http://www.peace2000.org).

## KARNIVAL 2012

OPINN DAGUR Á ÁSBRÚ

### 19. apríl, kl. 13.00-16.00

Hinn árlegi Opni dagur á Ásbrú á sumardaginn fyrsta.  
Verið velkomin að fagna sumrinu með okkur á Ásbrú í Reykjanesbæ.

Karnival - Sölbúasar - Hoppukastalar - Draughús - Pollapönk  
Herþota - NASA fyrirlestur - Frí andlitsmálun

REYKJAVÍK  
40 MÍN  
REYKJANESBÆR  
ÁSBRÚ

## ÁSBRÚ

Í REYKJANESBÆ

Nánari dagskrá á [asbru.is](http://asbru.is)



Við bjóðum vaxtalaus lán  
frá Visa og Mastercard í  
allt að 12 mánuði

# Frábær dekk á frábæru verði!

- Gæðadekk í öllum verðflokkum frá viðurkenndum framleiðendum -

**TOYO TIRES**

**MAXXIS**

**BF Goodrich**  
TAKE CONTROL

**INTERSTATE**  
TIRES

**accelera**

Bílabúð Benna hefur áratuga reynslu af sölu dekkja. Mikil áhersla er lögð á að hafa dekkjaflórana sem fjölbreyttasta og ber úrval okkar af gæðamerkjum þess vitni. Um leið og við þjónum ólíkum kröfum viðskiptavina, um

margvíslega akstursegginleika dekkja og mismunandi verðflokka, sláum við aldrei af gæðunu-öryggi þitt í umferðinni er í húfi. Nú hvetjum við ökumenn til að koma bílum sínum í stand fyrir sumarið með gæðadekkjum frá okkur.

Sumar  
dekk

Sendibíla  
dekk

Heilsárs  
dekk

Jeppa  
dekk



Skóðu dekkjaúrvalið!  
[www.benni.is/dekk](http://www.benni.is/dekk)



Reykjavík  
**NESDEKK**  
Reykjanesbæ

Bílabúð  
**Benna**  
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - Reykjavík - S: 590 2000 / 590 2045 - [www.benni.is](http://www.benni.is)  
Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - S: 561 4110 / Nesdekk - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - S: 420 3333  
Umboðsmenn um land allt - Upplýsingar í síma 590 2000

timamot@frettabladid.is



**NÍNA BJÖRK ÁRNADÓTTIR** (1941-2000) lést á þessum degi.  
 “Ég skrifa líka um þá sem eru auðugir, en finna ekki hamingjuna.  
 Það getur verið auðnum að kenna að þeir lokast inni í glerbúri.”

**VIÐ SKILTIN**  
 Farið var í Landmannalaugar í apríl í fyrra og þá var þessi mynd tekin.



MÁNUDAGUR WWW.AXIS

## Fagnar afmæli með ferð í laugar

Litlanefndin innan Ferðaklúbbsins 4X4 er 10 ára um þessar mundir og hefur ákveðið að fara í afmælisferð í Landmannalaugar fimmtudaginn 19. apríl sem er sumardagurinn fyrsti og því almennur frídagur. Fyrsta ferð Litlanefndar fyrir 10 árum var einmitt í Landmannalaugar og því þykir við hæfi að fagna tíma-mótunum með þessum hætti. Um dagsferð er að ræða.

Ferðir Litlanefndar miðast við lítið breytta og óbreytta jeppa. Allir eru velkomnir með, bæði félagsmenn og aðrir, og

klúbburinn tekur engin gjöld af fólki.

Kynningarfundur fyrir ferðina verður haldinn að Eirhöfða 11 í kvöld, mánudagskvöldið 16. apríl klukkan 20.30. Mikilvægt er fyrir þátttakendur að sækja hann. Að honum loknum verður haldið stutt námskeið fyrir byrjendur í jeppamennsku.

Litlanefndin hvetur alla, jafnt velunnara Litlanefndar sem byrjendur, að halda upp á tímamótin með henni og skrá sig í ferðina. Veðurspáin er hagstæð næstu daga og því vonast Litlanefndin eftir góðri færð um hálandið.

**PETTA GERÐIST: 16. APRÍL 1943**

## Albert Hofmann uppgötvar síru

Svissneski lyfjafræðingurinn Albert Hofmann uppgötvaði ofskynjunaráhrif síru á þessum degi árið 1943 eftir að hafa innbyrt fyrir slysi lyf sem hann hafði búið til fimm árum áður og nefndi LSD-25. Hofmann fann í kjölfarið fyrir óvenjulegri líðan og ofskynjunum sem hann lýsti á minnisblöðum sínum: „Síðasta föstudag, 16. apríl 1943, varð ég að gera hlé á störfum mínum um miðjan dag og halda heim á leið, vegna óvenju mikils óróa og vægs svima. Þegar heim var komið lagðist ég niður og sökk í frekar þægilegt mók sem örvaði imyndunar-

afflið gífurlega mikið. Í draumkenndu ástandi, með augun lokuð, streymdi fram í hugann óslitin röð stórkostlegra mynda í ótrúlegum lögum og litum. Eftir um það bil tvo klukkutíma fjöruðu áhrifin út.“ Vímuefnið öðlaðist ekki heimsfrægd fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar en þá hófu ýmsir þekktir byltingarmenningsvitar, eins og Timothy Leary, Albert M. Hubbard og Ken Kesey, notkun á því sem þá var oft nefnt hugvíkkandi efni. Framleiðsla, sala, eignarhald og neysla LSD var bönnuð í Bandaríkjunum árið 1965.



ALBERT HOFMANN



**BJARNI SNÆBJÖRNSSON** Er í hópi þeirra leikara sem kenna meðfram leiklistinni. Auk þess að vera annar helmingurinn í Viggó og Víólettu og að leika í Vesalingunum leiðir hann námsbraut í leiklist í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ.

**NÁMSKRÁ Í LEIKLIST VÆNTANLEG: FJÖLGAR Í HÓPI LÆRÐRA LEIKLISTARKENNARA**

## Fer vel saman að leika og kenna

Þau tímamót hafa orðið í skólasögu að leiklist hefur verið skilgreind í aðalnámskrá grunnskóla og ný námskrá í leiklist mun líta dagsins ljós innan fárra mánaða. En hverjir eiga að kenna fagið? Menntaðir kennarar í leiklist eru ekki á hverju strái en þeim hefur þó farið fjölgandi. Listkennsludeild Listaháskóla Íslands útskrifar menntaða listamenn með meistaraþróf til kennslu og eru nokkrir leikarar sem starfa jöfnum höndum við leiklist og kennslu.

Í þeim hópi er Bjarni Snæbjörnsson. Bjarni útskrifaðist frá leiklistardeild LHÍ 2007 en listkennsludeild í fyrra. Hann starfar jöfnum höndum sem leikari og kennari; hann hefur vakið athygli sem annar helmingurinn í dúettinu í Viggó og Víólettu og leikur í Vesalingunum í Þjóðleikhúsinu en meðfram því leiðir hann nýstofnaða

leiklistarbraut við Fjölbrotaskólann í Garðabæ, sem hann tók þátt í að próa. „Það hefur gengið mjög vel,“ segir Bjarni um námið, „mun fleiri sækja um á brautinni en komast að og krakkarnir leggja sig mjög mikið fram. Aðstaðan í FG er líka til fyrirmyndar, ekki bara í leiklistarbrautinni heldur er hér mjög öflug almenn listbraut.“

Leiklistarnámið snýst ekki aðeins um leikaratækni, enda segir Bjarni hugmyndina ekki þá að búa til eintóm leikaraefni. „Við erum auðvitað með námskeið um grunntækni leikarans og þess háttar en áherslan er ekki síður á leikhús og leiklist almenn, til dæmis hvernig eiga að skrifa verk og setja upp með tilliti til uppbyggingu. Lokaverkefnið gengur síðan út á verkefnastjórnun þar sem nemendur þurfa að setja sjálfir upp verk en þeir þurfa

ekkert að leika í því frekar en þeir vilja. Markmiðið er að útskrifa fólk með heildstæða þekkingu á heimi leikhússins og hvernig það virkar og eins og með allt nám getur það eflaust nýst þeim á öðrum vettvangi líka.“

Bjarni segir kennslustarfið ekki síður nýtast sér sem leikara og öfugt. „Heldur betur. Það er því miður útbreiddur misskilningur að maður þurfi að velja á milli þess að kenna og leika, þvert á móti fara þessi störf mjög vel saman. Það hjálpar mér til dæmis mjög mikið sem leikara að endurhugsa allt það sem ég hef lært þannig að ég geti miðlað því til annarra og ég held að það sé líka mikilvægt fyrir leiklistarkennara að vera virkur í listrænu starfi og í góðu sambandi við það sem er á seyði hverju sinni.“

bergsteinn@frettabladid.is

## Laxness í lifandi myndum

Í tilefni þess að þann 23. apríl næstkomandi verða liðin 110 ár frá fæðingu Halldórs Laxness efna Gljúfrasteinn – hússkaldsins, Bíó Paradís og RÚV til kvikmyndahátíðarinnar Laxness í lifandi myndum. Á hátíðinni, sem haldin verður dagana 23. til 28. apríl, verða sýndar myndir sem byggðar eru á verkum Nóbelskaldsins.

Ýmis verk Halldórs hafa ratað á hvíta tjaldið eða orðið að sjónvarpsefni og verða alls átta myndir sýndar á hátíðinni. Bíómyndirnar eru fjórar: sænska myndin Salka Valka frá 1954, Ungfrúin góða og húsið frá 1999, Kristnihald undir jökli frá

1989 og Atómstöðin frá 1984. Þá verða þrjár sjónvarpsmyndir sem byggðar eru á verkum skaldsins, Brekkukotsannáll frá 1973, Paradísarheimt frá 1980 og Silfurtunglið frá 1978, sýndar og einnig stuttmyndin Lilja frá 1978.

Þetta verður í fyrsta sinn sem almenningi gefst fari á að sjá sjónvarpsmyndina Brekkukotsannáll í bíó og í ofanálag verður hún sýnd í lit, en henni var sjónvarpað í svarthvítu á sínum tíma.

Nánari upplýsingar um hátíðina og brot úr myndunum sem á boðstólum eru má finna á vefsíðunum Bioparadis.is og Gljúfrasteinn.is.



**KVIKMYNDAHÁTÍÐ** Tinna Gunnlaugsdóttir og Sigurður Sigurjónsson í hlutverkum sínum í kvikmyndinni Atómstöðinni, í leikstjórn Þorsteins Jónssonar, frá árinu 1984.



### 50 ára afmæli

**Pröstur Elliðason**

fiskeldisfræðingur  
er 50 ára í dag 16. apríl.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVAN FRÍÐGEIRSSON**  
hússamiðameistari og  
fyrirum stöðvarstjóri,

lést á Droplaugarstöðum þann 31. mars. Útförin fór fram föstudaginn 13. apríl, í kyrrþey að ósk hins látna.



**Erna Hreinsdóttir**  
**Guðrún Svansdóttir**  
**Geir Svansson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Sigurður Svavarsson**  
**Irma Erlingsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTLAUG ÓLAFSDÓTTIR**  
(STELLA)

Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Vífilsstöðum, áður til heimilis á Kirkjusandi 3, sem andaðist mánudaginn 2. apríl, verður jarðsöngin frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 17. apríl kl. 13.00.



**Ingvar Finnur Valdimarsson**  
**Guðjón Þór Valdimarsson**  
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

**María Karlsdóttir**  
**Guðrún Ólafsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**UNNUR RUNÓLFSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 5. apríl. Útför fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 17. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Blindrafélagið.



**Runólfur Grétar Þórðarson**  
**Kristján Þórðarson**  
**Kristín Þórðardóttir**  
**Margrét Þórðardóttir**  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

**Sigríður Lúðvíksdóttir**  
**Dóra Kristín Halldórsdóttir**  
**Kristinn Már Kristinsson**



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## GLJÚFRASTEINN

Á Gljúfrasteini gefst almenningi kostur á að skoða heimili Laxness hjónanna sem var vel búið vönduðum húsgögnum og listaverkum. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá 10-17. Gljúfrasteinn var reistur árið 1945 og þangað komu margir þjóðhöfðingjar. Þann 23. apríl eru 110 ár liðin frá fæðingu Halldórs Laxness.



### GEZE

#### Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



### JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík S: 58 58 900-www.jarngler.is

# HANDVERK Í FORMI MÁLVERKS

**ÁTTABLAÐARÓSIN** Helga Sigríður Valdemarsdóttir myndlistakona á Akureyri notar útsaumsmunstur kvenna í málverk og skúlptúra.

**T**extíll hefur alltaf hentað mér vel. Ég lauk námi úr Myndlistaskólanum á Akureyri og fann mig frekar í að setja saman liti og munstur en að mála tré og portretmyndir," segir Helga Sigríður Valdemarsdóttir myndlistakona en nýverið sýndi hún ólíkar útfærslur á áttablaðarósinni í gallery Populus Tremula í Gilinu á Akureyri. Í skólanum skoðaði Helga listsköpun kvenna og hvernig konur hafa notað textíl í myndlist og þar með fann hún sinn tón.

„Lokaverkefnið mitt varð stórt teppi úr útsaumsstykkjum, gömlum dúkum og púðum sem ég safnaði að mér. Útsaumurinn hefur gegnum aldirnar verið verk konunnar og ástæða þess að konur fengu að læra teikningu hér áður var til að þær gætu teiknað sín eigin útsaumsmunstur. Ég hef mikinn áhuga á gömlu handverki og munstrum en að yfirfæra þau í málverk," segir Helga.

„Ég sýndi fyrstu útsaummunstrin á minjasafninu Hnjóti fyrir vestan fyrir þremur árum, en þau vann ég upp úr gömlum púða frá ömmu. Undanfarið hefur áttablaðarósinn átt hug minn allan en hún er svo miklu meira en bara útsaumsmunstur. Hún er eldgamalt tákni og kemur fyrir í mörgum trúarbrögðum, táknað jafnvægi og frjósemi," segir Helga en rósina málaði hún bæði á striga og á trékolla auk þess að perla hana á bókarkápur.

„Kollarnir höfðu fylgt mér lengi en með því að mála munstrið á setuna með olíulitum breytti ég þeim úr nytjahlutum í skúlptúra, eða í málverk í öðru formi. Svo notaði ég bæði perlur og gamlar tölur til að útfæra rósina á bókarkápur en sú hugmynd spratt í framhaldinu af kollunum. Ég vinn gjarnan þannig að verkefnið teymir mig



áfram," útskýrir Helga og segist jafnvel vera undir áhrifum frá nemendum sínum í Hrafnagilsskóla. „Ég kenni í leikskóladeildinni, yngstu og elstu börnunum og það er oft ótrúlegt að horfa á hvað þau eru óhrædd við að nota liti og verkin verða til hjá þeim áreynslulaust. Það á mjög vel við mig.“

**KVENNALIST** Helga Sigríður er hugfangin af handverki kvenna og notar það í myndlist. MYND/ÁGÚST ÞÓR BJARNASON

## GLEÐILEGT SUMAR

### MEÐ TUDOR



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



**TUDOR SKORRI TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum



12 mánaða vaxtalausar greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald

# Fermingartilboð

## Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

### VALHÖLL Ný hönnun

5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar

Stærð Verð Tilboð  
120x200 84.900 kr. 79.900 kr.

Verð með íslenskum botni og fótum

## Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 • Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 • laugardaga 12.00 - 16.00



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**Rafhitarar**  
í skip, hús og sumarhús  
**Neysluvatnshitarar**  
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.  
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.  
  
**Rafhitun**  
Kaplahauni 7a • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

# NYTJAHLUTUR FÆR NÝJA HÖNNUN

**ÞJÓÐLEGT** Íslenska pönnukökupannan hefur fengið andlitslyftingu í meðförum fimm íslenskra hönnuða og verslunarinnar Kraums.

Hönnunarverslunin Kraum hefur í samstarfi við fimm íslenska hönnuði endurhannað skaftið á íslensku pönnukökupönnunni. Nýju pönnurnar hafa selst vel að sögn Höllu Bogadóttur, framkvæmdastjóra Kraums, en þær eru eingöngu seldar í verslun Kraums í Aðalstræti í Reykjavík.

Verslun Kraums er staðsett í elsta húsi Reykjavíkur og segir Halla hugmyndina hafa kviknað út frá því. „Okkur langaði að leita í þjóðlegan fróðleik og koma fram með nýja hönnun sem væri þó tengd þjóðinni á einhvern hátt.“ Sú hugmynd að vinna með nytjahluti kom fljótt upp og hugmyndin um endurhönnun pönnukökupönnunnar var fædd. Hún segir að henni hafi lengi þótt hönnunin á handfanginu ekki nógu góð. „Sérstaklega man ég eftir því að vefja tuskum eða einangrunarlímbandi um skaftbrotið.“

## ÁHERSLA LÖGÐ Á VIÐ Í SKAFTI

Framleiðandi pönnunnar tók vel í hugmynd Kraums og fljótlega hófst undirbúningurinn. Svo skemmtilega vildi til að hópurinn var allur staddur á bóka-messunni í Frankfurt og því má segja að vinnan hafi hafist á bökkum árinna Maine þar í borg. Hópurinn hittist aftur eftir jólin þar sem hönnuðirnir kynntu hugmyndir sínar.

Halla segir að áherslan í upphafi hafa snúist um að breyta hlutföllum pönnunnar þannig að skaftið yrði úr viði og fengi meira vægi á móti málminum. Hún segir markmiðið alltaf hafa verið að búa til sérstaka vöru sem væri bara til sölu í verslun Kraums.

## SALAN FRAMAR VONUM

Að sögn Höllu hafa nýju pönnukökupönnurnar vakið mikla athygli og selst vel. Hönnunarvefurinn coolhunting.com fjallaði um pönnurnar nýlega og salan hefur farið fram úr björtustu vonum. „Það eru fleiri Íslendingar sem hafa keypt pönnurnar hingað til en það gæti breyst með vorinu með fjölgun erlendra ferðamanna,“ segir Halla.

Góðar viðtökur pönnunnar hefur



**SKAPANDI** Hugmyndin fæddist í elsta húsi Reykjavíkur.  
MYND/STEFÁN

verið hvatning fyrir frekari hönnun á þjóðlegum nytjahlutum. Halla segir að fljótlega hafi hugmyndir kviknað um breytingar á skyldum hlutum. „Ég geri ráð fyrir því að tvær til þrjár nýjar vörur verði settar á markað síðar á árinu. Síðan verður ný vara sett á markað í tengslum við Hönnunarmars á næsta ári. En hver hún er, er leyndarmál á þessu stigi.“



**HÖNNUN** Viður spilar stórt hlutverk í hönnuninni.  
MYND/ADSEND

■ sfj

**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**



**visir**  
FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

**FASTEIGNIR.IS**  
Fél. númer 12.848 númer 8 1813

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

**RECARO**



**Sölustaðir:**

- BabySam
- Móðurást
- Fífa
- Brimborg Akureyri

Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16, 110 R. S-5672330 [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)



# Dansiball í Ævintýrahöllinni

Ævintýrahöll verður starfrækt í Iðnó á Barnamenningarhátíð dagana 17.-22. apríl. Einn af hápunktum veglegrar dagskrár verður gamaldags barnadansleikur á sumardaginn fyrsta.

„Stemningin verður hvarvetna hlýleg, lágstemmd og fögur, því við viljum leyfa barnamenningu að blómstra í góðu andrúmslofti,“ segir Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir, verkefnastjóri, um Barnamenningarhúsið sem hlotið hefur nafnið Ævintýrahöllin.

„Kjarninn í húsinu verður betri stofan á loftinu þar sem kona situr við að þrjúna kolkrabba innan um stafla af barnabókum úr bókasafninu og ljúfa djass-tóna. Þar verður heimilislegt hjarta hússins en í salnum og herbergjum Iðnó verða margvíslegir og spennandi viðburðir og smíðjur,“ upplýsir Arnfríður.

Virka morgna verða sérhannaðar smíðjur fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili, en opnar fjölskyldusmíðjur síðdegis, á sumardaginn fyrsta og um helgina.

„Á sumardaginn fyrsta verður gamaldags barnaball eins og haldið var í félagsheimilum landsins á árum áður og nefnist Hnésokkar og lakk-skór. Þá mun spariklædd hljómsveit Sigurðar Guðmundssonar stíga á stökk og leika órafmagnað gömul, íslensk dægurlög fyrir dansi. Við hvetjum fólk til að dilla sér með börnunum, fá sér kók og lakkrisrör og sjá töfrasýningu í danshléinu,“ segir Arnfríður um einn af hápunktum hátíðarinnar.

Af nógu verður að taka frá morgni til kvölds í Barnamenningarhúsinu. Þar má nefna sirkussmíðu, origami-smíðu, morguntóna með Hafðísi Huld, tónleika Kammersveitarinnar, smíðu danshópsins Area of



Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir er verkefnastjóri Menningar- og ferðamálasviðs og Skóla- og frístundasviðs hjá Reykjavíkurborg. Hún segir mikla þörf á Barnamenningarhúsi eins og Ævintýrahöllinni sem rekin verður í tengslum við Barnamenningarhátíðina framundan.

MYND/VILHELM

Stylez og Flug með Sleipni sem er viðburður í samstarfi við bókmenntaborgina Reykjavík þegar rithöfundar lesa úr bókum sínum fyrir börn og þau vinna í smíðu að lestri loknum.

„Ratleikhús verður ný smíða í þessu elsta leikhúsi borgarinnar en þar fá allir krakkar gullsteina sem sýna yfirnáttúrulega hluti og ljós á höfuðið til að komast inn í kompur, upp á

háaloft og undir svið til að upplifa leikhús frá nýju sjónarhorni,“ upplýsir Arnfríður.

Hún segir mikla þörf á barnamenningarhúsi í borginni eins og hafi sýnt sig þegar hátt í 7000 gestir mættu á einni viku á síðustu Barnamenningarhátíð.

„Menning geymir sjálfmynd þjóðar og mikilvægt að sinna menningaruppeldi rétt og vel. Við þurfum því sífellt að vera

vakandi fyrir nýjum leiðum til að ná til barna og seint verður ítrekað nægilega mikilvægi þess að börn og ungmenni fái ríkuleg tækifæri til að kynna menningu og listum. Það eflir sjálfstraust þeirra og skilning, víkkrar sjóndeildarhringinn og reynir á ólíka hæfileika,“ segir Arnfríður.

Húsið er opið öllum og aðgangur ókeypis. Sjá dagskrá viðburða hér í blaðinu.

## Ekki fresta hamingjunni

Hamingjuakademían býður börnum og fjölskyldum þeirra upp á hamingjusmiðju í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 21. apríl frá 13 til 17.

„Hamingjusmiðjan er nýtt verkefni Hamingjuakademíunnar sem byggist á jákvæðri sálfræði en jákvæð sálfræði gengur út á að styrkja það sem er gott og stuðla að hamingju og vellíðan,“ útskýrir Ásdís Olsen, lífsleiknikennari og ein forsvarsaðila Hamingjuakademíunnar.

Meðal þess sem boðið verður upp á í hamingjusmiðjunni er trommuflæði þar sem hver spilar með sínu nefi í samspieli við aðra, styrkleikavinnu í samstarfi við Auðnu ráðgjöf, kærleikshugleiðslu og hamingjuverkstæði. Á verkstæðum fá þátttakendur meðal annars tækifæri til að skrifa þakklætispóstkort sem Ásdís segir að auki vellíðan og sátt manna á milli, en Pósturinn hefur tekið að sér að koma þakklætiskortunum til skila endurgjaldslaut.

„Rannsóknir Martins Seligmans, sem sagður er faðir jákvæðrar sál-

fræði, hafa sýnt fram á ótrúlegan árangur af því að þakka fyrir sig. Þegar við stöldrum við þakklæti og áttum okkur á því sem er gott í lífi okkar, þá stillum við inn á jákvæða strengi í huganum. Við förum með athyglina frá því sem við getum kvartað yfir til þess sem er gott og nærandi og við finnum til jákvæðra tilfinninga. Þá er kærleikshugleiðslan ein árangursríkasta leiðin sem við þekkjum í dag til að auka vellíðan og hamingju og ekki þarf nema nokkrar mínútur til að stilla inn á kærleikstilfinningarnar,“ segir Ásdís. „Staðreyndin er sú að flest okkar kljást við streitu, kvíða og neikvæðar hugsanir en rannsóknir sýna að við þurfum öll að læra betur að tækla hugann og dvelja við líðandi stund,“ segir Ásdís og ítrekar að hamingjan sé í núinu.

„Ég hélt alltaf að ef ég næði að klára allt sem ég þyrfti að gera gæti ég orðið hamingjusöm seinna. En svo komst ég að því að verkefni klárast aldrei. Það á ekki að fresta hamingjunni heldur setja hana í forgang.“

Sjá nánar á [www.hamingjuakademian.is](http://www.hamingjuakademian.is).



Ásdís Olsen, Guðrún Snorradóttir og Margrét Leifsdóttir hjá Hamingjuakademíunni vonast til að sjá sem flesta í hamingjusmiðjunni í Ráðhúsinu á laugardaginn.

MYND/STEFÁN



Þemaskiptir básar með áhugaverðum bókum verða á bókamessunni.

MYND/VALGARÐUR GÍSLASON



Þorbjörg Karlsdóttir segir starfsfólk bókasafna vita um fullt af spennandi bókum fyrir unglunga.

## Bókamessa með nýju sniði

• Borgarbókasafn býður unglungum til nýstárlegrar bókamessu með þemaskiptum básum

Bókamessa sem ber yfirskriftina „Að leggjast í sortir“ og er til-einkuð unglungum verður haldin í Aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur dagana 17.-18. apríl. Öllum krökkum í níunda bekk grunnskóla Reykjavíkur er boðið en bókamessan er einnig opin almenningi. Ólíkt flestum bókamessum sem haldnar hafa verið undanfarnin ár hérlendis og erlendis munu höfundar ekki kynna eigin bækur heldur verða unglungabækur kynntar með nýstárlegum hætti. Þorbjörg Karlsdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur, segir unglunga oft ekki hafa hvar þeir eigi að leita að spennandi bókum. „Við sem höfum unnið lengi á bókasöfnum vitum að þar er fullt af spennandi bókum sem unglungar gætu haft mikinn áhuga á. Stóra verkefnið er að finna þessar bækur og kynna fyrir unglungunum með skemmtilegum hætti.“ Búin verða til margir þemaskiptir básar með áhugaverðum bókum. Í þeim má finna ýmsar tegundir bókmennta, til dæmis fantasíubækur, lífs-

reynslu- og ævisögur, ástarsögur, kvikmyndabækur, skvísúsögur og myndasögur.

### UNGT FÓLK SÉR UM KYNNINGAR

Borgarbókasafnið hefur fengið hóp af ungu fólki til að kynna bækurnar fyrir krökkunum. Um er að ræða framhaldsskóla- og háskólanema og yngstu starfsmenn safnsins. Þau munu dvelja í básunum og kynna þær bækur sem í boði eru. „Okkur fannst unga fólkið betur til þess fallið að selja þessum krökkum hugmyndina að góðum bókum en við miðaldra fólkið,“ segir Þorbjörg. Einnig hefur safnið fengið nokkra þekktu aðila til að bjóða þau velkomin og vera með tíu til fimmtán mínútna kynningu á bókamessunni. Þau sem hafa boðað komu sína eru meðal annars uppistandarinn Ari Eldjárn, söngkonan Greta Salóme og fjölmiðlamaðurinn Hjörvar Hafliðason. „Þau munu meðal annars ræða um lestur, segja frá skemmtilegum bókum sem þau hafa lesið og frá skemmtilegum lestrarupplifunum.“

### MARGT SKEMMTILEGT Í BOÐI

Auk þess verður krökkunum boðið upp á að búa til eigin myndasögur úr gömlum myndasögum sem á að henda og klippa texta úr bókum sem búið er að afskrifa og búa þannig til eigin sögur. „Við erum búin að taka upp myndskreið þar sem ýmsir einstaklingar tala um lestur og bækur. Þau verða síðan sýnd í söfnum Borgarbókasafnsins, á heimasíðu safnsins og á vef Bókmenntaborgar UNESCO.“

Að sögn Þorbjargar er þetta í fyrsta skiptið sem Borgarbókasafn heldur bókamessu með þessum hætti. Hugmyndin að þemabásun er komin frá þeim sjálfum og einfaldlega sprottin af löngun til að kynna bækur fyrir unglungum. „Okkur hefur lengi langað til að kynna bækur fyrir unglungum með skemmtilegum og áhugaverðum hætti. Þetta er kjörið tækifæri fyrir krakkana til að kynna skemmtilegum bókum enda koma þau hingað á skólatíma.“



### • VÍSINDASMIÐJA Í HÁSKÓLABÍÓI

Vísindasmiðja Háskóla Íslands var opnuð í febrúar og er staðsett í Háskólabíói. Markmið hennar er að efla áhuga ungs fólks á vísindum og fræðum með gagnvirkum og lifandi hætti og styðja þannig framþróun kennslu í náttúru- og raunvísindum. Smiðjan er helst ætluð krökkum á mið- og efsta stigi grunnskólans en allir aldurshópar eru þó velkomnir í smiðjuna sem er starfrækt í nánnum tengslum við öll skólastig landsins. Vísindasmiðjan byggir á tækjum og búnaði sem áður tilheyrði Rafheimum í Elliðaárdal en þar fór fram öflugt og gefandi fræðslustarf í rúmlega áratug. Orkuveita Reykjavíkur gaf Háskóla Íslands gjöfina með fyrirheit um að allur búnaður og tæki yrðu nýtt áfram til fræðslu barna og unglunga.

### • UNGLINGAR KYNNAST UPPISTANDI

Einleikurinn Blótgoðar í flutningi Þórs Tulinius verður fluttur fyrir efstu bekkjunnar skóla á höfuðborgarsvæðinu og er liður í Barnamenningarhátíð. Þetta er hluti af verkefninu Uppistandari í fóstur þar sem sex vel þekktir uppistandar kynna nemendum níundu og tíundu bekkja uppistand sem listgrein. Liður í því er að sjá sýningu Þórs og ræða hana. „Blótgoðar er uppistandssýning sem ég hef sýnt í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Hún fjallar um kristnitökuna og er í senn fyndin og fróðleg. Skólasýningin er styttri en sýningin í Landnámssetrinu og miðast við yngri áhorfendur,“ segir Þór. Skólarnir sem taka þátt í verkefninu Uppistandari í fóstur eru Breiðholtsskóli, Hólabrekkuskóli, Fellaskóli, Vogaskóli, Ölduselsskóli og Seljaskóli en auk þess verður sýning Þórs sýnd í Húsaskóla, Foldaskóla og Hamraskóla.



### • ÞJÓÐKÓR LEIKSKÓLABARNA Í HÖRPU

Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar í samstarfi við Leikskóla Reykjavíkur stendur fyrir dagskránni Skemmtileg lög og vísur í Hörpu þriðjudaginn 17. apríl frá 13-13.40. Þar flytur þjóðkór leikskólabarna söngdagskrá við undirleik hljómsveitar. „Þetta eru flest lög sem Ómar Ragnarson hefur gert vinsæl en dagskráintengist verkefni sem við höfum verið að vinna með Leikskólum Reykjavíkur,“ segir Sigursveinn D. Kristinsson skólastjóri skólans. Þjóðkórinn er skipaður 300 börnum úr 17 leikskólum en auk þess munu nemendur Tónskólans flytja tónlist og nemendur úr Listdanskóla Íslands sýna dans.



### • TÓNLIST OG TÆKNI Í TÖFRAVERÖLD BÍÓFÍLÍU

Tónvísindasmiðjan Bíófíllía er samstarfsverkefni tónlistarkonunnar Bjarkar, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Verkefnið á rætur að rekja til hljómplötu Bjarkar, Biophilia, sem kom út árið 2011. Platan þykir merkileg tilraun til heildrænnar sýnar á tengsl manns og náttúru, tækni og tónlistar.

Markmið verkefnisins á hátíðinni er að samþætta tónlist, vísindi og tölvutækni. Þátttakendur kynna undraheimi vísinda og tónlistar með lifandi og gagnvirkum hætti og skapa sína eigin tónlist í töfnaveröld Bjarkar. Verkefnið var prufukeyrt í Hörpu á Airwaves-tónlistarhátíðinni í fyrra og þá var ákveðið að fara með það í alla grunnskóla borgarinnar. Gestum Barnamenningarhátíðar gefst nú kostur að sjá hluta verkefnisins í Vísindasmiðjunni sem er staðsett í Háskólabíói. Opið er dagana 18.-21. apríl. Í fyrsta sinn verður boðið upp á fjölskyldusmiðjur þar sem börn og foreldrar geta samið tónlist saman.



### • VIRKT MÓSAÍKVERK Á KJARVALSSTÖÐUM

Krakkar á frístundaheimilinu Halastjörnunni bjóða upp á gagnvirk mósáikverk í Smiðjunni á Kjarvalsstöðum á Barnamenningarhátíð, í tengslum við sýningu spænska listamannsins Antoni Tapias. Krakkarnir hafa heimsótt Kjarvalsstaði undanfarnar vikur og fengið leiðsögn um sýninguna. Eftir að hafa skoðað verk hans hafa þau sjálf búið til stór mósáikverk úr hlutum úr sínu eigin lífi.


Mósáikverk krakkanna verða til sýnis í Smiðjunni á Kjarvalsstöðum alla daga Barnamenningarhátíðar á opnunartíma safnsins. Þá verður einnig opið mósáikverk í vinnslu í Smiðjunni, alla dagana milli klukkan 14 og 16 þar sem gestir geta komið með eigin hluti og bætt í stórt mósáikverk í vinnslu.



(o)=Opíð fyrir alla  
(s)= Skráningar er krafist.  
Sjá nánar á heimasíðu Barnamenningarhátíðar

# DAGSKRÁ 17.-22. apríl 2012

## Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2012



### VIÐBURÐIR SEM STANDA YFIR ALLA HÁTÍÐINA, 17. APRÍL-22. APRÍL

#### 11:00-17:00 Landnám Íslands (o)

Börn í 5. bekk Vesturbæjarskóla opna myndlistasýningu um landnám Íslands sem er afrakstur af samstarfi við Þjóðminjasafnið þar sem nemendur fengu fræðslu um landnámsstímann hjá safnkennurum, ýmist í safninu eða í skólanum.

#### 11:00-17:00 Skemmtimenntun (o)

Ekki má gleyma að líta við í skemmtimenntunarherbergi Þjóðminjasafnsins þar sem máta má búninga, hlusta á þjóðsögur eða prófa hjálm, sverð og skjöld. **Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41.**

#### 13:00-16:00 Ullargraff í garði Ásmundarsafns (o)

Listakonurnar Auður Alfífa og Tinna bjóða skólahópum og öðrum að líta við, fylgjast með graffinu sem innblásið er af sumarkomunni og þrjóna við. **Ásmundarsafn, við Sigtún.**

#### 14:00-16:30 Tákn og áferð: Snertismiðja (o)

Krakkar af frístundaheimilinu Halastjörnunni bjóða upp á gagnvirkt mósalkverk í tengslum við sýningu spænska listamannsins Antoni Tapies. Þar er gestum boðið að setja sitt mark á verkið með því að hlaða á það hlutum úr eigin menningu. **Kjarvalsstaðir, Flókagötu 24.**

#### 11:00-17:00 Þingvallamynd hundraðfaldast (o)

Samsýning nemenda úr barna- og unglingsdeild Myndlistaskólans í Reykjavík. Unnið var út frá Þingvallamynd Þórarins B. Þorlákssonar og er útkoman yfir hundrað verk af ólíkum toga. **Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15.**

#### Allan daginn - Taktu uppistandara í fóstur (s)

Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson, viðskiptafr./lögg. fasteignasali í síma 88 4125 eða á netfanginu kristinn@fasteignasalan.is



**Opið hús**

**Naustabryggja 54, 3.hæð**

**OPIÐ HÚS í dag 17:30 - 18:00**

2ja herbergja 64 fm. Hönnuð af arkitekt Húsabúnaður fylgir Suðvestur svalir Fallegt útsýni Áhvílandi rúml. 23 millj. Afborgun pr.mán. 94 þús **Verð 25.5 millj.**

Upplýsingar veitir Lóa sími 698 8733, eða loa@fasteignasalan.is




**Reynimelur 92, 2 hæð**

Glæsileg 4ra herbergja íbúð á besta stað í vesturbænum. 3 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, rúmgóð stofa og stórar hornsvallir. Skipti á ódýrari eign í hverfi 107.

**Verð 26.900.000**

Upplýsingar veitir: Ólafur í síma 824 2784 eða olafur@fasteignasalan.is



**Opið hús**

**Lautasmári 24 OPIÐ HÚS**

**OPIÐ HÚS í dag 16. apríl kl. 16-16.30**

Jarðhæð með suðurvernd Þvottahús innan íbúðar Stór 3ja herbergja 95,1 fm Sérlega vel umgengin, í litlu fjölbýli

Upplýsingar veitir: ELÍN VIÐARSDÓTTIR, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Gsm: 695 8905



**Fífusel 14**

Góð 4. herb. íbúð á 1. hæð í Seljahverfi. Stofa með eikarparketi, útgengi á stórar svalir. Eldhús með Ikea innréttingu og nýlegum tækjum. Hús klætt og nýlegt þak.

**Verð 20,9 millj.**

Upplýsingar veitir: Brynjólfur Tómasson í síma 847 8001 eða billi@fasteignasalan.is.



**Opið hús**

**Sogavegur 129 - 108 Reykjavík**

**OPIÐ HÚS þriðjud. 17. apríl kl. 17:30 - 18:00.**

Einbýli: hæð, kjallari og ris. 5 stór svefnherbergi og 1,5 baðherbergi. Stór gróin lóð með heitum potti og gróðurhúsi. Jákvæð umsögn frá byggingarfulltrúa vegna mögulegs bílskúrs.

**Verð 39,9 millj.**

Upplýsingar veitir: Auður sími 824 7772 eða audur@fasteignasalan.is

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá

Góð sala

Sími

5 1 2 3 4 0 0

Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og löqqiltur fasteignasali • Einar Guðmundsson löqqiltur fasteignasali

Hafðu samband í síma **552 1400**

**Vesturbrún 16 - Opíð hús**  
Stórfenglegt útsýni



Stór og glæsileg efri sérhæð á stórkostlegum útsýnistað við útivistarperluna í Laugardal. Um er að ræða efri sérhæð í þrjúliðhúsi samtals ca 175 fm. Einstök staðsetning og útsýnið engu líkt. **Verð 55,9 millj.**  
**Opíð hús er á eigninni á morgun þriðjudag milli kl. 17 og 18. Verið velkominn!**  
Allar nánari upplýsingar gefur: Einar Guðmundsson, löggiltur fasteignasali, s. 896-8767

**Einarsnes Skerjafirði- raðhús með bílskúr**



Raðhús á tveimur hæðum auk bílskúri Skerjafirði. Fjögur svefnherbergi og stór og björt stofa með útgengi út í garð. Möguleg skipti á 4ja herb. íbúð, helst í Vesturbænum eða í Hlíðunum.  
Allar nánari upplýsingar veitir: Einar Guðmundsson, Löggiltur fasteignasali s. 896-8767

**2ja herbergja**

Auðarstræti - Við miðborgina.



Ca. 45 fm. 2ja herbergja, kjallaraíbuð í rölegri götu í gönuferi við miðborgina. Góð lán áhvalandi. Verð kr.. 13,5 millj.

**3ja herbergja**

Skipholt - 2.hæð



Ca. 88 fm. björt og falleg íbúð á góðum stað við Skipholt. Vestursvalir. Gott skipulag. Verð 21,9 millj.

**4ra herbergja**

Bogahlíð - 4ra m. aukaherbergi í kj.



Björt og fallg 4ja herbergja íbúð á góðum stað í Hlíðunum. Þrjú svefnherbergi, nýtt eldhús og samliggjandi stofa og borðstofa með útgengi út á stórar svalir með frábæru útsýni yfir borgina. Herbergi í kjallara fylgir með aðgengi að sameiginlegri snyrtingu með sturtu. Henntar vel til útleigu. Húsið er klætt með Steni að utan. Seljendur skoða skipti á stærri eign í hverfinu. **Allar nánari upplýsingar gefur: Einar Guðmundsson Löggiltur fasteignasali s. 896-8767**

**Veghús 17, 2.hæð m.bílskúr**



Björt og falleg 4ra herbergja íbúð með bílskúr við Veghús 17. Íbúðin er með nýlegum gólfefnum og litur öll mjög vel út. 3 svefnherbergi, suðursvalir, þvottaherbergi innan íbúðar. Verð 25,9 millj.

**Frostafold - 4ja herb m. bílskúr**



Björt og falleg ca 100 fm íbúð ásamt bílskúr á góðum stað í Grafarvogi. Þrjú svefnherbergi og góð stofa með suður svölum. Bílskúr í frístandandi bílskúrlengu fylgir. Möguleg skipti á einbýli, rað eða parhúsi í hverfinu. **Allar nánari upplýsingar gefur: Einar Guðmundsson Löggiltur fasteignasali s. 896-8767**

**Einbýlishús**

Hlíðarvegur 63 Kóp.- Einbýli



Fallegt vel skipulagt einbýlishús við Hlíðarveg 63 á stórrí gróinni lóð í Kópavogi. Húsið er bjart og hefur verið talsvert endurnýjað. Fimm svefnherbergi og rúmgóðar stofur. Húsið stendur á stórrí lóð með mikilli trjárétt. Góð pallaaðstaða er við húsið og gott útsýni til suðurs. Skipti möguleg á minni eign. Verð 49 millj.

**Hesthamrar - Einbýli**



Ca. 186 fm. fallegt, vel skipulagt einbýli á einni hæð á rólegum og góðum stað í Hamrahverfi, Grafarvogs. Fjögur rúmgóð svefnherbergi, góðar stofur, fallegur garður og góð útiástaða. Skipti möguleg á minni eign í Grafarvogi. Verð 51,9 millj.



**Reyhivammur - Kópavogi - Einbýli**  
Ca. 207 fm. einbýlishús með bílskúr á skjólgóðum stað í suðurhlíðum Kópavogs. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð. Skipti möguleg á raðhúsi eða góðri hæð. Verð 51,9 millj.

Við styrkjum  
Hluti af öllum sölulaunum sem greidd eru til  
Foldar-fasteignasölu fer til styrktar ABC hjálparstarfi.

**FJÁRFESTING**  
FASTEIGNASALA EHF  
Sími 562 4250  
Óskar Þór Hilmarsson  
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**LUNÐUR 86-90 – Fossvogsdalur**



Stórglæsilegar íbúðir að Lundi 86-90 í Fossvogsdal. Húsin eru 4ra til 6 hæða. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 100,1 fm. til 143,0 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Staði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.  
Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjarfestingar, Borgartúni 31 og [www.fjarfesting.is](http://www.fjarfesting.is)



Hilmar Óskarsson  
Frámkvæmdarstjóri



Óskar Þór Hilmarsson  
Löggiltur fasteignasali



Guðjón Sigurjónsson  
Sölumaður



**ÁRSKÓGAR**  
Eldri borgarar, 9. hæð, Fallegt útsýni, Verð 26, 9 millj.



**SMYRILSHÓLAR**  
5. herb., Gott skipulag, Nýlegt parket, Verð 22,9 millj.



**LAUGATEIGUR**  
Sérhæð., stór bílskúr, mikið standsett, Flott íbúð.



**DÚFNAHÓLAR**  
2ja herbergja íbúð, frábært útsýni, stutt í þjónustu. Verð 13,9 millj.



**TJARNARSTÍGUR**  
Parhús, Seltjarnarnes, Uppgert baðherbergi, Stór timburverönd.



**DYNALSIR**  
Jarðhæð, 4ra herb., Endaíbúð, Sérinnangangur, Neðst í botnlanga, Góð áhvalandi lán.



**17. JÚNÍTORG**  
2ja herb., Efsti hæð, 50 ára og eldri, Verð 23,5 millj.



**SEIDAKVÍSL**  
Einbýlishús á einni hæð, innbyggður bílskúr, Gott skipulag, fallegur garður.



**MOSPRÝÐI**  
Parhús, Tilbúið að utan og eingrað og múrað að innan, Innbyggður bílskúr, Gott skipulag, Möguleiki á 5 svefnherbergjum.



**FJALLALIND**  
Raðhús, 4 svefnherbergi, Innbyggður bílskúr, Stórar þaksvallar. Verð 47,5 millj.



**LANGALÍNA**  
3ja herb. íbúð, 117,5 fm, Ný íbúð, Efsti hæð, Sérbílskúr, Verð 29,5 millj



**EYJABAKKI**  
4ra herb., Nýlega viðgert að utan, Verð 19,4 millj.

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

**Einar Páll Kjærnested**  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is

KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS



**Ólafsgæisli 20 - 113 Reykjavík**  
Sérlega glæsileg 166,3 m<sup>2</sup> neðri sérhæð með bílskúr á frábærum útsýnisstað við Ólafsgæisla í Grafarholti. Eignin getur verið laus til afhendingar við kaupsamning. Eignin er mjög falleg og vel umgengin. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Parket og náttúruflisar eru á gólfum. Mjög glæsilegt útsýni er frá húsinu. Órstutt er út í náttúruna og á golfvöllinn. **V. 47,9 m. 10254**

**Bleikjukvísl - 110 Reykjavík**



Fallegt og vel byggt 335,1 fm tvílyft einbýlishús með innbyggðum 42,6 fm bílskúr við Bleikjukvísl í Reykjavík. Húsið er einstaklega bjart og með rúmgóðum vistarverum og stendur efst í botnlanga með útsýni til norðurs og útgangi í glæsilegan garð til suðurs. Húsið skiptist þannig. Á neðri hæð eru forstofa, stígaöl, bílskúr, geymslur, snyrting og tvö íbúðarherbergi með sérinnangi. Auðvelt er að útbúa séríbúð. Á efri hæð er stór stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og í tengibyggingu við húsið eru tvö svefnherbergi og baðherbergi. **V. 69,9 m.**

**Miðholt - 270 Mosfellsbær**



47,5 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í þriggja hæða fjölbýli við Miðholt í Mosfellsbæ. Íbúðin er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar og er órstutt í alla þjónustu, samgöngur og skóla. **V. 12,5 m. 10314**

**\*NÝTT Á SKRÁ\***

**Eiðismýri 30 - 170 Seltjarnarnesi**



Rúmgóð 74,2 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri við Eiðismýri 30. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, svefnherbergi, stofu, borðstofu og eldhús. Íbúðinni fylgir 7,6 m<sup>2</sup> sérgeymsla í kjallara. **V. 24,9 m. 10309**

**\*NÝTT Á SKRÁ\***

**Asparfell 8, íbúð 202 - 111 Reykjavík**



Mjög falleg 111,6 m<sup>2</sup>, 4-5 herbergja íbúð á annari hæð í lyftuhúsi við Asparfell 8 í Reykjavík. Íbúðin er öll ný standsett! Ný gólfefni eru á allri íbúðinni. Ný eldhúsinrétting og tæki. Baðherbergin voru bæði endurnýjuð. Íbúðin er nýmálúð. Eignin er laus til afhendingar strax! **V. 20,6 m. 10174**  
**Ópið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

**ÓPIÐ HÚS**

**Furubýggð 32- 270 Mosfellsbær**



**ÓPIÐ HÚS Á ÞRIÐJUDAG**

Fallegt 138 m<sup>2</sup> raðhús á 2 hæðum og risi, ásamt 26,7 m<sup>2</sup> bílskúr á eignarlóð og með gervigrasvelli í bakgarðinum, við Furubýggð í Mosfellsbæ. Falleg eign á þessum vinsæla stað í Mosfellsbæ. **V. 38,9 m. 5279**

**Ópið hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:30 til 18:00**

**Engjavegur - 270 Mosfellsbær**



**\*NÝTT Á SKRÁ\***

332,6 m<sup>2</sup> fohelt einbýlishús á 1.043 m<sup>2</sup> lóð við Engjaveg 10 á fallegum stað rétt við Reykjalund í Mosfellsbæ. Um er að ræða timburhús á steiptum kjallara. Húsið er upprunanlega byggt um 1950, en árið 1997 og 2005 var húsið stækkað og byggður við húsið bílskúr - þessari framkvæmd er ólókúð. **V. 33,9 m. 10308**

**Skeljatangi - 270 Mosfellsbær**



Mjög fallegt 197,1 m<sup>2</sup> einbýlishús með innbyggðum bílskúr á fallegum útsýnisstað við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Bílskúrin er 38,8 m<sup>2</sup>. Mjög falleg eign á þessum vinsæla stað í Mosfellsbænum. Fallegur og gróinn garður með veröndum. Heitur pottur og útisturta. **V. 55,9 m.**



**Lækjartún - 270 Mosfellsbær**  
Mjög fallegt ca. 235,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr og auka íbúð við Lækjartún í Mosfellsbæ. Eignin er skráð hjá Þjóðskrár 235,2 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 202,0 m<sup>2</sup> og bílskúr 33,2 m<sup>2</sup>, en óskráð íbúðarrými í kjallara er ca 45 m<sup>2</sup> í viðbót. Stór og fallegur garður með sundlaug og timburverönd með heitum potti. **Lækkað verð! V. 48,0 m.**



**Barrholt - einbýli m/aukaíbúð**  
Fallegt 249,6 m<sup>2</sup> einbýlishús með bílskúr og aukaíbúð. Íbúðarhúsið skiptist í forstofu, stofu m/arni, borðstofu, eldhús m/góðum borðkrók, þvottahús, fjögur svefnherbergi og tvö baðherbergi. Rúmgóður bílskúr sambygður húsinu. Í kjallara er ósamþykkt aukaíbúð sem skiptist í eldhús, stofu, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Falleg aðkoma er að húsinu og snyrtilegur garður. **V. 49,9 m. 10300**



**Berjarími 36 - 112 Reykjavík**  
Vel skipulögð 67 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinnangi og góðri verönd við Berjaríma 36 í Grafarvogi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, stofu, eldhús, sér þvottahús og hjónaherbergi. Í kjallara er sérgeymsla og hjólageymsla. Lokaður sérgarður í vestur. **V. 16,9 m. 10295**

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Suðurlandsbraut 20  
Sími 533 6050  
Faxnr. 533-6055  
www.hofdi.is

**Góð eign gulli betri**

Runólfur Gunnlaugsson  
lögg. fast.

Ásmundur Skeggjason  
lögg. fast.

Brynjar Baldursson  
sölufulltrúi

Jóhann Friðgeir Valdimarsson  
sölufulltrúi

**Brekubýggð 12 Garðabæ.**

**ÓPIÐ HÚS**

Fallegt, vel skipulagt og vel byggt raðhús á einni hæð ásamt góðum bílskúr, á þessum vinsæla stað, samtals 169,4 ferm. Möguleiki á 4-5 svefnherbergjum. Húsið er laust við kaupsamning. Verð 46,5 millj. **Húsið er til sýnis í dag kl. 17-18 allir velkomnir.**

**Laugarnesvegur**

Góð 3ja herb. 81,5 fm endaríbúð á 2.h. í fjölbýli. Húsið er nýtekið í gegn að utan og var það sprunguviðgert og málað ásamt því að skipt var um gler og gluggapósta. Íbúðin skiptist í 2 rúmgóð svefnherb., endurnýjað baðherb með flisum, baðkari og glugga, rúmgóða bjarta stofu og eldhús með ágættri innréttingu. **Áhv. 16,2 m. Verð. 19,6 m.**

**Engihjalli - Mikið endurnýjuð**

Mjög góð og mikið endurnýjuð 4ra herb 97,4 fm íbúð á 4.h. Eignin skiptist í 3 svefnherb, flisalag baðherb, eldhúsið er mjög glæsilegt en þar er mikil innrétting og vönduð tæki. Gólfefni eru parket og flisar. Tvennar svalir með fallegu útsýni. Þvottaherbergi á hæðinni. Húsið í góðu viðhaldi og húsvörður. **Áhv. 10,6 m. Verð. 19,8 m.**

**Hlíðarbyggð Garðabæ**

Raðhús á tveimur hæðum með innb. bílskúr, alls 190 fm. Fjögur svefn herb., rúmgóð stofa og sólstofa o.fl. **Verð kr. 49 millj. Uppl. Runólfur á Höfða s. 892 7798**

**Fjarðarás - Stórglæsilegt**

Góð staðsetning á þessu vel skipulagða 254 fm einbýli sem er á tveimur hæðum með ca. 70 fm óskráðu rými. 5 svefnh. og 3 góðar stofur. 5 góðar geymslur. Möguleiki á sér íbúð á neðri hæð. Glæsilegur sólargarður með sólþöllum. Húsið er næst innst í botnlanga með miklu útsýni. Góður 31,2 fm bílskúr. **Verð 64,9 m. Allar nánari upplýsingar veitir Jóhann Friðgeir S: 896 3038**

**Birkiholt - Vandað raðhús á Álftanesi**

Mjög gott 182 fm endarhús á besta stað á Álftanesinu. Fjögur góð svefnherb. og tvær stofur. Sérstaklega glæsilegar sérmiðaðar innréttingar. Náttúrustein og plankparket. Gólfhitu er í öllu húsinu. Fjölkylduvæn staðsetning, mjög stutt í alla þjónustu. **Verð 39,9 m. Allar nánari upplýsingar veitir Jóhann Friðgeir S: 896 3038**

**Lindarbraut 41, einbýli, Seltjarnarnesi.**

Gullfallegt 210 fm einbýlishús. Húsið er mikið endurnýjað. Skjólssæl garður með stórrí timburverönd og nýlegri sólstofu. Hér er á ferðinni einkar bjart og vel skipulagt hús með 3-4 svefnherbergjum og rúmgóðum bílskúr. Verð 63,9 millj. Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasali S: 895 3000.-

**Steinhella Hafnarfirði**

Erum með til leigu skrifstofu og iðnaðarhúsnæði á áberandi stað. Eignin er til afhendingar strax. Um er að ræða 165 til 1000 fermetra. Getur hentað stórum sem smáum aðilum. **Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason S: 895 3000.-**



Elias Haraldsson  
Lögfulltrúi fasteignasala



Drifa Björk Landmark  
Sölufulltrúi MBA



Ami Sigurgeirsson  
Lögfræðingur



Solveig Regína Blarri  
Ritari

## EINBÝLI

### ÓLAFSGEISLI



Ný komið í sölu glæsilegt vandað einbýlishús með innbyggðum bílskúr, alls 212m<sup>2</sup> með frábæru útsýni, rétt ofan við golfvöllinn í Grafarholti. Á neðri hæð er eitt svefnherbergi, en geta hins vegar verið þrjú. Badherbergi, þvottahús, bílskúr og lítil geymsla. Á efri hæð er stofa, hol, opið eldhús, badherbergi og stórt hjónaherbergi með skápum. Verð 63.5 m

### MÝRARÁS



Fallegt og mjög vel skipulagt 224,1 fm einbýlishús á einni hæð með bílskúr. 4 Svefnherbergi, 2 Stofur, og 2 Badherbergi. Garður með suðurverönd og skjólveggjum. Nýlegt badherbergi með hornbadkarri og sturtu. 3 Stór herbergi, rúmgóð hjónasvita með badherbergi og fataherbergi. Verð 56 m

### KLEIFARSEL



Mjög fallegt og reisulegt 307 fm einbýli á tveimur hæðum með fallegu útsýni. Búið er að innrétta sér íbúð á neðri hæð með sér inngang. Fallegur garður með ca. 70 fm afgirtum sólpalli. Frábært tækifæri fyrir stórar fjölskyldur

## RAÐ-PARHÚS

### EFSTIHLALLI - KÓP



Vel staðsett og rúmgóð 102,7 fm 5 herb. raðhús við Efstahjalla í Kópavogi á tveimur hæðum. Efri hæð skiptist í forstofu, stofu, sjónvarpshol, 3 svefnherbergi, badherbergi og eldhús, Neðri hæð skiptist í eitt svefnherbergi, geymslu, þvottahúsi og hol sem hægt er að nota sem stofu eða sjónvarpshol. Verð 31.9 m

### FJALLALIND - KÓP



Mjög fallegt 153,9 fm, 5 herbergja parhús með 28 fm bílskúr og mjög stórum sólpalli á vinsælum og fjölskylduvænum stað í Kópavogi. Eignin skiptist: Forstofu, eldhús, tvö badherbergi, 3 svefnherbergi, þvottahús, geymslu/fataherbergi og bílskúr. Verð 42.9 m

### HVERALIND - KÓPAVOGI-RAÐHÚS



Mjög fallegt og frábærlega staðsett 143,3 fm raðhús á einni hæð, með innbyggðum 24,7 fm bílskúr og geymslu, við Hveralind í Kópavogi. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, þrjú svefnherbergi, stofu, badherbergi og þvottahús. Tveir sólpallar, einn snýr í suður og annar til vesturs. Verð 44,5 m LAU

## GALÆKUR - RAÐHÚS



Nýtt á sölu. Mjög fallegt og mikið endurnýjað 200 fm raðhús kjallari og tvær hæðir ásamt 27,5 fm bílskúr. Möguleiki á að útbúa íbúð í kjallara með sér inngang. Fallegar innréttingar og stór sólpallur. Möguleiki á að taka minni eign uppi. Verð 52,9 millj.

## 2 HERBERGJA

### SÖRLASKJÓL 60 - GÓÐ EIGN Í VESTURBÆNUM



Falleg 2 herbergja 70,2 fm Kjallaraíbúð í tvíbýli með sérinngangi við Sörlaskjól í Reykjavík á frábærum stað. Rúmgott hjónaherbergi með góðu skáplássí og parketi á gólfi. Eldhús með snyrtilegri hvítri innréttingu með ofni. Stofan er björt og rúmgóð, með parket á gólfi Áhvalandi um kr. 19.700.000. Verð 21,5 m

## 3 HERBERGJA

### BÁSBRYGGJA



Mjög falleg 85,9 fm, 3 herbergja íbúð á 1. jarðhæð við Básbryggju í bryggjuhverfinu í Grafarvogi. Með eigninni er góður sólpallur sem snýr í suður með sandkassa. Úti við eignina er sameiginlegur garður sem hentar einstaklega vel fyrir börn til leiks fyrir börn. Verð 23,9 m

## 4 HERBERGJA

### FUNALIND - KÓP



FUNALIND 7 - OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG FRÁ 17-18. Falleg og mjög björt 4ra herbergja íbúð á 4.hæð við Funalind í Kópavogi. Forstofa, gott hjónaherbergi með fataherbergi. 2 rúmgóð barnaherbergi, stofa og eldhús, góðar svalir úr stofu. Borðkrókur er í eldhúsi með mjög fallegum gluggum. Þvottahús, badherbergi með badkar og sturtuklefa. Gott útsýni, og falleg eign á frábærum stað. Verð 27,9 m NAUSTABRYGGJA



Mjög fallega 95,1 fm, 3-4 herbergja lúxusíbúð á 3. hæð við Naustabryggju í bryggjuhverfinu í Grafarvogi með stæði í bilageymslu. Úr stofunni er einstaklega fallegt útsýni yfir Esjuna, Víðey og smábáthöfnina. Glæsileg eign hér á ferð. Verð 32 m

### PINGHÓLSBRAUT - KÓP



VESTURBÆR KÓPAVOGS- FALLEGT SJÁVARÚTSÝNI. Góð 128 fm íbúð á 2 hæð í tvíbýli. Andyri, hol, 2-3 stór svefnherbergi, 2 stofur, badherbergi og þvottahús/geymsla. Stór sólskáli með fallegu sjávarútsýni. Eignin þarfnast endurnýjunar. Verð 23,9 m

## AKURHVARF-KÓP



120,5 FM Endaíbúð á 3.hæð. 4.Herb. Með bílskýli. Forstofa, badherbergi, þvottahús, 2-3 svefnherbergi, gangur, eldhús og stofu, geymsla. Stór, björt stofa, stórar svalir. Vandaðar innréttingar úr kirsuber og fallegt mahogany parket á allri íbúðinni, flísalagðar svalir, frábært útsýni.

## 55+ FÓLK Á BESTA ALDRI

### BOÐAÞING 6 - SIÐASTA ÍBÚÐIN



EINSTAKT TÆKIFÆRI - LÚXUS ÍBÚÐ MEÐ BÍLASTÆÐI Í BILGEYMSLU! ADEINS 1 ÍBÚÐ EFTIR Í ÞES-SARI BLOKK. Íbúð 101. 145,6 fm íbúð á 1. hæð í austurenda húsin. Eignin skiptist í forstofu með skáp, hjónaherbergi með fataherbergi og sér badherbergi, aukaherbergi með skáp, glæsilegt eldhús, stofu, borðstofu, þvottahús innan íbúðar, minna badherbergi, svalahýsi og verönd. Frábært verð aðeins 36,5 m

### FURUGRUND Í KÓPAVOGI



MJÖG VEL STAÐSETT 104,8 FM 6 HERB. ÍBÚÐ Á 2 HÆÐ VIÐ FURUGRUND Í KÓPAVOGI. Andyri, hol, stofu, 4 svefnherbergi, eldhús og badherbergi. Auka 11 fm herbergi með glugga tilheyrir íbúðinni með sameiginlegri snyrtingu. Einnig er 8,6 fm sérgeymsla með glugga. Um er ræða góða eign í fjölskyldavænum umhverfi þar sem stutt er næsta leik- og grunnskóla.

# BOÐAÞING 10-12 55+ FYRIR FÓLK Á BESTA ALDRI

## Lífsgæði, friðsæld og útivist

Vilt þú lífa lífinu í glænýju, fyrsta flokks húsnæði í kyrrlátu umhverfi og í tengslum við náttúruna? Þá gæti þetta verið húsið fyrir þig.

Frá **Boðaðingi 10-12** í Kópavogi er stutt í náttúruperlurnar Heiðmörk og Elliðavatn, golf, veiði, hestamennsku og sund svo eitthvað sé nefnt. Húsið er byggt í samræmi við ítrustu kröfur; vandaðar innréttingar, hjónasvita, sólskáli og sér þvottaherbergi í hverri íbúð, bílskýli, lyfta og upphitaðar stéttir á lóð. AEG eldhústæki, granítborðplötur og sólbekkir, hreinlætistæki frá Tengi, innréttingar frá Axis, flísar frá Birgisson og innhurðir frá Víkurási. Þessi eign er fyrir þá sem vilja hugsa til framtíðar. Viðhaldslítið hús með fullfrágenginni sameign.

**Til sýnis og afhendingar nú þegar.**

Boðinn, ein glæsilegasta þjónustumiðstöð höfuðborgarsvæðisins, er við Boðaping.

**Penthouse:** 116 og 169 fm

**3ja herbergja:** 123 til 146 fm

**2ja herbergja:** 52 til 98 fm

Frekari upplýsingar á [husavik.net](http://husavik.net) og hjá Húsavík fasteignasölu í síma 510 3800.

Byggingaraðili:



**ADEINS FYRIR 55 ÁRA OG ELÐRI**





F A S T E I G N A S A L A N  
**fasteign.is**

Ólafur B. Blöndal Lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali.

Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík

**5 900 800**

**ÖRUGG ÞJÓNUSTA - FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI**  
fasteign.is - fasteign fyrir þig

**BORGIR**  
F A S T E I G N A S A L A N

**SKUGGAHVERFI - LINDARGATA**



Borgir eru með í sölu 2ja og 3ja herbergja íbúðir í nýju, 9 íbúða lyftuhúsi í Skuggahverfinu. Íbúðirnar afhendast fljótlega eftir samning, fullbúnar án gólfefna nema gólf á böðum sem verða flísalögð. Staði í bílskýli fylgir öllum íbúðum. Íbúðirnar eru mjög bjartar með góðri lofthæð (ca 2,7 m). Sjónvarpsdyrasímar ofl. Suður svalir á öllum íbúðum. Örstutt að labba í Miðbæinn. Tveggja herbergja íbúðir frá 73 fm og þriggja herbergja frá 117 fm. Teikningar og verðlisti á skrifstofu, borgir@borgir.is eða aegir@borgir.is.

**Furugerði v. Álmgærði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033**  
**Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir**

**FASTEIGNASALAN BÆR**  
www.fasteignasalan.is

Milliliðalaust samband við löggiltan fasteignasala

**699 4994**

Hafðu samband þegar þú þarft að selja eða kaupa!



**Páll Guðjónsson**  
pall@fasteignasalan.is  
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali  
Löggiltur leigumiðlari

Fasteignasalan Bær • Ögurhvarf 6 • 203 Kópavogur

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÖÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Réttarhás**

Íðnaðarhúsnæði til leigu



Til leigu 334,2 fm. iðnaðarhúsnæði með innkeyrsludryrum og góðri lofthæð auk milli-lofts sem er yfir hluta eignarhlutans. Húsnæðið skiptist í tvö stór opin rými með léttum veggjum á milli og sameiginlegri innkeyrsluhurð. Lofthæð er um 4,2 metrar og góðir gluggar eru á hluta húsnæðisins. Vel staðsett eign með góðri aðkomu og fjölda malbikaðra bílastæða. Getur verið laust til afhendingar fljótlega. Verð tilboð.

**FASTEIGNASALAN BÆR**  
www.fasteignasalan.is

**– Sumarhús –**

Vantar allar gerðir  
sumarhúsa á söluskrá.



Besti sölutími ársins framundan.  
Hámarksþjónusta í boði.  
Sýni allar eignir sjálfur.

**Snorri Sigurfinnsson**  
Löggiltur fasteignasali

**Sími 864 8090**  
snorri@fasteignasalan.is

Fasteignasalan Bær • Ögurhvarf 6 • 203 Kópavogur

**ÞINGHOLT**  
Jónas Örn Jónasson  
hdl og löggiltur fasteignasali.



**Hrefnugata 1 - Sérhæð**  
Falleg mikið endurnýjuð sérhæð við Hrefnugötu. Tvær stofur og tvö svefnherbergi annað innan forstofu. Glæsilegt nýlegt badherbergi bæði badkar og sturt. V 26,6 m



**Spóahólar - Bílskúr**  
Vorur að fá í einkasölu 5 herbergja íbúð með bílskúr. Íbúðin er 100 fm og bílskúr 22 fm. Eigendur eru að leita eftir stærri eign í Breiðholti. V 20,9 m Uppl. gefur Ísak



**Brekkubýggð Garðabæ**  
Vorur að fá í einkasölu lítið raðhús á þessum vinsæla stað í Garðabæ. Tvö svefnherbergi, rúmgóð stofa, fallegt útsýni, verönd, gott ástand. Verð 23,9 milljónir uppl. Sigurður s 6168880



**Hulduland 22 Fossvogi**  
OPIÐ - HÚS MILLI KL 17 OG 18  
PRÍÐJUDAGIN 17. APRÍL. Fallegt 195,1 fm, raðhús ásamt bílskúr. Húsið er vel staðsett í frábæru stað í fossvogsdal. Skóli og leikskóli rétt hjá. V 49,9 m



**Lækjasmári - Sér garður**  
Falleg 68 fm 2ja herbergja íbúð á jarðh. í steinsteypu og álklæddu 3 hæða fjölbýli. Íbúðin er á jarðhæð með sér inngangi. Uppl. gefur Ísak í síma 8225588.



**Hraunbær - lítill íbúð á góðum stað**  
Góð 2ja herb. 49,3 fm íbúð á jarðh. í góðu fjölbýli í árbænum. Eignin gefur mikla möguleika. Laus við kaupsamning. V. 12,9 millj. Uppl. gefur Gylfi 822-0700



**Brekkuhús í Grafarvogi - atvinnuhúsnæði**

Bjart og opið atvinnuhúsnæði á góðum stað í Grafarvogi. Samtals 97,9 fm, góð bílastæði. Til sölu eða leigu. Eigandi skoðar ýmis skipti. V. 15,9 millj. Uppl. gefur Gylfi 822-0700.



**Norðurbakki - Sjávarútsýni**  
Glæsileg rúmgóð 4 herb. 120,1 fm. endalíbúð á 2. hæð - Útsýnisíbúð, ásamt staði í bílskýli í nýlegu fjölbýli við Norðurbakkann V. 35,9 millj. Uppl. gefur Gylfi 822-0700



**Flúðasel - 4-5 herb. í Seljahverfi**  
Rúmgóð 4-5 herb. 126,7 fm íbúð í litlu fjölbýli. Sérherbergi í kjallara með aðgang að salerni sem hentar vel til útleigu. Staði í bílskýli. V. 24,9 millj. Uppl. gefur Gylfi 822-0700



**Kambsvegur 18 - OPIÐ HÚS**  
Falleg mikið endurnýjaða risíbúð. Mjög gott lán áhvílandi. Tvö góð svefnherbergi, séringgangur, fallegt útsýni. OPIÐ HÚS MÁNUDAG KL 17 - 17.30. Uppl. Sigurður s 616 8880



**Baugakór Kópavogi**  
Baugakór önnur hæð. Þrjú góð svefnherbergi stór stofa, bilageymsla og lyfta alveg að íbúð engar tröppur. Tvennar svalir. Verð 33,9 millj. Uppl. Sigurður s 6168880



**Ársalir 3ja á 12 hæð**  
Vorur að fá í sölu fallega íbúð á þessum vinsæla stað. Vel umgengin eign með einstaklega fallegu útsýni. Verð 27,9 millj. Áhvílandi lán frá ÍLS. Uppl. Sigurður s 6168880

Sími 512-3600 Fax 512-3601 www.tingholt.is - Bæjarlind 4 Kópavogi



# GLÆSILEG SKRIFSTOFUBYGGING

## ENGJATEIGUR 7

Til leigu eða sölu



Vegna flutnings höfuðstöðva Ístaks hf. að Bugðufljóti 19, Tungumelum í Mosfellsbæ er þessi glæsilega skrifstofu- bygging til leigu eða sölu.

Sjálf skrifstofubyggingin er 2.809,0 fm að stærð, þrjár hæðir og kjallari auk 1.051 fm bílakjallara. Fasteignin skiptist í móttöku, afstúkaðar skrifstofur og opin vinnurými, fundarsali, fyrirlestrarsal, tæknirými, skjalageymslur, eldhús með matsal o.fl.

Húsið er byggt árið 2003 og er samstarfsverkefni á milli dönsku arkitektastofunnar KHR arkitektar og Arkis arkitekta. Byggingin er hönnuð sem opin, gegnsæ og gagnvirk bygging sem hvetur til samskipta fólks. Dagsbirta og árstíðirnar endurspeglast innanhúss í stórum gluggaflötum.

Byggingin er vel staðsett miðsvæðis í Reykjavík og í góðum tengslum við Laugardalinn.

Eignin getur verið laus til afnota fljótlega.



## FASTEIGNA- MARKAÐURINN

Jón Guðmundsson, löggr. fastsali. Guðmundur Th. Jónsson, löggr. fastsali.

ÓÐINSGÖTU 4, Sími 570 4500. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

## FASTEIGNAKAUP

Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - [www.fasteignakaup.is](http://www.fasteignakaup.is)

Erna Valsdóttir löggiltur fast-, skípa og fyrirtækjasali - leigumiðlari.

Hvort sem þú ert að selja, kaupa eða leigja fasteign leggjum við metnað okkar í að veita þér persónulega og faglega þjónustu.



Erna Valsdóttir



Sveinn Skúlason



Guðmundur Valtýsson

Seilugrandi, 107 Reykjavík.



Tveggja herbergja 70,9 fm íbúð á fyrstu hæð með sérverönd á KR svæðinu. Hús vel við haldið. **Verð 18,5 millj.**

Daltún, 200 Kópavogur.



Fallegt og vel viðhaldið 298,2 fm einbýlishús á eftirsóttum stað í Fossvogsdalnum. Sér íbúð í kjallara með sérinngangi. Allar innréttingar eru sérsníðaðar úr eik. **Verð 59,5 millj.**

Sæbólsbraut, 200 Kópavogur.



Vandað 313,2 fm endaraðhús á eftirsóttum stað við Sæbólsbraut í Kópavogi. Húsið er tvær hæðir og kjallari. Tím- burverönd er við húsið. **Verð 60 millj.**

Digranesvegur, 200 Kópavogi



Vel skipulögð 4ra herbergja 96,9 fm útsýnishæð með 27,3 fm bílskúr í Kópavogi. Alls 124,2 fm. **Verð 29,9 millj.**

Starrahólar, 111 Reykjavík.



Tveggja íbúða 279,4 fm einbýlishús á frábærum útsýnisstað við Elliðaárdalinn. Komið hefur verið fyrir ca. 45 fm íbúð á neðri hæð hússins. Tvöfaldur bílskúr. **Verð 59 millj.**



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

visir þú að...  
BÖRN EIGA RÉTT Á  
VERND gegn OFBELDÍ?

## Söluturn til sölu.

Til sölu góður söluturn í eigin húsnæði staðsettur við stóran framhaldsskóla á fjölförnum stað. Bílalúga, grill og lottó. Gott tækifæri fyrir aðila eða fjölskyldu sem vill skapa sér atvinnu. Áhugasamir hafi samband við Fasteignasöluna Fjárfestingu í síma 562 4250.

# Opið hús!

**OPÍÐ HÚS**




**Sólheimar 27, 9.Hæð**  
**Opið hús í dag 17.30- 18.00**

Glæsileg og mikið standsett 104 fm íbúð á 9.hæð með frábæru útsýni! (Syðsta blokkinn) Allar innréttingar, tæki, gólfefni, skápar baðherbergi og eldhús var endurnýjað f. ca. 12 árum. Húsvörður sér um daglegan rekstur og umhirðu hússins. Gluggar eru á þrjár hliðar (austur, suður og vestur), og tæplega 15m<sup>2</sup> svalir í suður átt. Húsið er nýlega standsett að utan. Svalir eru með nýjum smíðajárn/glerhandriðum og glerskjólvegg. Aðgengi að svölum er frá stofu og svefnherbergi. Öll rými eru rúmgóð og björt. **Verð 29,8 millj.**

Ólafur B Blöndal lfg.  
S. 6-900-811

**FASTEIGNASALAN**  
**fasteign.is**

Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík • Sími 5 900 800  
 Ólafur B. Blöndal, lögg. fasteigna- fyrirtækja- og skipasali

Erum á Facebook

**GARÐATORGI 7**  
 210 GARÐABÆ  
 Sími : 545-0800  
 gardatorg@gardatorg.is  
 www.gardatorg.is

**GARÐATORG**  
 EIGNAMIDLUN  
 Þóroddur S. Skaptason lögg. fasteignasali

## Norðurbrú Garðabæ

**Opið hús frá kl. 17.00 - 17.30**



Opið hús í dag að Norðurbrú 4. 2.hæð. Um er að ræða 112 fm. 4ra herbergja endaíbúð ásamt stæði í bílageymslu. **Verð 31,6 m.** Íbúðin er laus 1.mái n.k.

## Laugarnesvegur 112

**Opið hús frá kl. 17.00 - 17.30**



Opið hús í dag að Laugarnesvegi 112. 3.hæð. Um er að ræða 65 fm 2ja herbergja íbúð í góðu húsi. Laus strax.

## Krókamýri Garðabæ



Til sölu mjög gott og vel staðsett 240 fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr. Fallegur garður með afgirtri suður verönd.

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

**BERG**  
 FASTEIGNASALA

**Háholt 14, Mosfellsbær**  
 Sími: 588 5530 • berg@berg.is  
 www.berg.is  
 GSM 897 0047

**Pétur Pétursson lögg. fasteignasali**  
 Petur@berg.is

### Vantar eignir í sölu. Góð sala



#### Glæsilegt lögbyli á Kjalarnesi.

Glæsilegt 136 fm. íbúðarhús auk 91 fm. hesthúsi og geymslu á 6 hektara lani á Kjalarnesi. Glæsilegar eignir og topp aðstaða fyrir hestafólk. 8350



#### Asparteygur-Mostellsbær.

Vel staðsett 225 fm. einbýli, þar af 60 fm. bílskúr með lítilli aukaíbúð. Sólstoða með kaminu. Fallegur garður í góðri rækt. 4 góð svefnherbergi. Húsið er laust í vor. V. 41,0 m. 7952



#### Sumarhús í Kjós.

Glæsilegt 70,7 fm. sumarhús auk 15,2 fm. gestahúss, samtals 85,9 fm. Flottur garður með heitum potti, sólpöllum og miklum gróðri. Tré og runnar. Flott leiksvæði fyrir börnin og frábær aðstaða. Húsið stendur í nágrenni Dælisár í Kjós. Eign fyrir vandláta. 8390



#### Rauðás.

Flott 109 fm. 4.ra herb. íbúð á 3. og efstu hæð við Rauðás. Glæsilegt útsýni. Parket og flisar. Þvottahús inn af eldhúsi. Björt stofa og 3 góð svefnherbergi. V. 26,9 m. 8499




#### Reykjavíkuvogur Hafnarfirði

FYRIR 50 ÁRA OG ELDRI. Glæsileg 117,3 fm. endaíbúð með góðu stæði í bílageymsluhúsi. Sér inngangur af svölum. Glæsileg eign með fallegum innréttingum og parketi og flisum á gólum. Yfirbyggðar 24 fm. suður svalir. V. 34,9 m. 8479



#### Bæjargil.

Fallegt 162 fm. einbýli auk 40 fm. bílskúrs, samtals 202 fm. við Bæjargil í Garðabæ. 4 góð svefnherbergi. Rúmgott eldhús. Sólfallur í suður. v. 52 m. 8504



#### Suðurland í Hafnarfirði.

Glæsileg neðri sérhæð í tvíbýlishúsi sem er skráð 126 fm. samkvæmt eingaskiptasamningi. Sér inngangur Stofa, eldhús, þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol. Skápar í herbergjum, parket og flisar á gólum. Baðherbergi með innréttingu, baðkari og sturtu. V. 27,9 m. 8478



#### Krókahraun.

Falleg 106,6 fm. íbúð á efri hæð í litlu fjölbýli auk 32 fm. bílskúrs á góðum staði í Hafnarfirði. Góðar innréttingar og vel skipulögð íbúð. Topp eign í góðu viðhaldi. V. 28,9 m. 8494

#### Mánatún.

Glæsileg 103 fm. íbúð á 6. hæð auk. stæðis í bílageymsluhúsi. Vandáðar innréttingar. Parket og skápar. Flott eldhús og stórar svalir. Eign í sér flokki. V. 34,5 m. 8502

**BYLGJAN** 25 ÁRA  
 989

## Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist  
 alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar



**Diners DRIVE-INS DIVES**

GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í DINERS, DRIVE-INS & DIVES Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS

**13:00–14:00 Börnin, býflugurnar og blómin (o)**  
Býflugnaskoðun þar sem náttúrufræðingarnir Sigrún Thorlacius og Tómas Óskar Guðjónsson sýna börnunum lífandi býflugur og plöntur sem flugurnar sækja sér hunang og frjókorn í. Hittumst við selalaguna kl. 13.00. **Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Laugardal. (Barnagjald gildir inn í garðinn fyrir alla).**

**10:00–18:00 Ævintýrahöllin (o/s)**  
Þar verður fjölbreytt dagskrá á meðan hátíðin stendur yfir en húsið verður miðstöð barnamenningar á hátíðinni. Allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Ævintýrahöllinni. **Iðnó, Vonarstræti 3.**

**11:00–15:00 Fjör og fræði fyrir alla fjölskylduna (o)**  
Í Vísindasmiðju Háskóla Íslands lifna vísindin við með skemmtilegum og gagnvirkum hætti, í sýnitilraunum, furðuspeglum, þrautum, pendúlum, teiknirólu, orkuhjólum og mörgu öðru.

**11:00–13:00 og 13:00–15:00 Biophilia–Tónvísindasmiðja fyrir fjölskyldur (o)**  
Þátttakendur samþætta á nýstárlegan hátt tónlist, vísindi og tölvutækni og skapa sína eigin tónlist í töfraveröld Bjarkar. **Háskólabíó, inngangur frá Hagatorgi.**

**11:00–17.00 Grænn ís (o)**  
Nemendur í listkennsludeild LHÍ starfrækja fjölbreyttar listsmíðjur þar sem unnið verður með ýmsa miðla í ljósi verka Rúrlar. **Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7.**

**13:00–16:00 Spilastund með Spilavinum (o)**  
Hinir stórskemmtilegu Spilavinir mæta á svæðið með úrval borðspila og smáspila sem þeir kenna gestum og gangandi. Spil eru ódýr og skemmtileg afþreying sem sameinar unga og alnda. **Ráðhúsið við Tjörnina.**

**kl.13.00–17.00 Viltu verða persóna í bók? (o)**  
Skelltu þér inn í Risabókina sem yfir 300 nemendur í Vesturbæjarskóla settu saman. Í henni eru felumyndir, ljóð, textar, flettimyndir, hljóð, skilaboð, lykt ... og þar er líka pláss fyrir þig.

**kl.14.00–15.00 Bókaverðlaun barnanna (o)**  
Bókaverðlaun barnanna verða afhent í ellefta sinn en bækurnar sem hljóta þessi verðlaun eru valdar af börnum á aldrinum 6–12 ára víðsvegar af landinu. **Borgarbókasafnið, Tryggvagötu 15.**

**13:00–15:00 Listasmiðja (o)**

Listasmiðja fyrir börn á öllum aldri þar sem meðal annars verður hægt að fónna sverð og skildi, búa til landnámsskartgripi og teikna rúnir.

**14:00–14:30 Rimmugýgur (o)**

Félagar úr víkingafélaginu Rimmugýgi bregða á leik, berjast og sýna önnur víkingaleg tilþrif.

**15:00–15:45 Gilitrutt–Brúðuleikhús (o)**

Gilitrutt er nýtt íslenskt brúðuleikverk eftir Þjóðsögunni um skessuna ógurlegu og bóndakonuna sem vildi sleppa frá skyldum sínum og ábyrgð. Sýningin er í flutningi Berndts Ogródniks, stofnanda Brúðuheima. **Þjóðminjasafnið, Sudurgötu 41.**



**14:00–15:00 Barnajóga (o)**

Jóga og hugleiðsla fyrir börn á öllum aldri og fjörugur möntrusöngur. Starfsfólk leikskólans Sælukots býður fólki á öllum aldri að vera með í jóga, söng og hugleiðsu. **Ráðhúsið við Tjörnina–matsalur.**

**14:00–14:30 og 15:30–16:00 Fyrr var oft í koti kátt...–Vísnaþókartónleikar fyrir barnafjölskyldur (o)**

Sungin verða valin kvæði og vísur úr Vísnaþókinni sem kom fyrst út árið 1946. Hinir gömlu húsgangar munu lifna við í skemmtilegu umhverfi Árbæjarsafns. **Árbæjarsafn, Kistuhyl 4.**

**14:00–14:45 og 15:30–16:15 Skýjaborg fyrir fjölskyldur (o)**

Danssýning fyrir allra yngstu börnin, þar sem litir, hreyfing, form og tónlist tala til þeirra. Verkið fjallar um tvær veðraverur sem vakna upp á stað þar sem veðrið er stundum ógnvænlegt en stundum gott og blítt. **Þjóðleikhúsið, Hverfisgötu 19.**

**14.00–15.00 LAUR–tónlist fyrir forvitna nútímakrakka (o)**

Hvernig hljómar galdraverkið LAUR sem leikið er eftir leiðbeiningum á tölvuskjám? Hvað var tónskáldið Guðmundur Steinn eiginlega að þæla? Kammer Sveit Reykjavíkur leiðir gesti um undraheima tónlistar. **Tjarnarbrú, Tjarnargötu 12.**

**14.00–15.00 KARAOKE–tónlist fyrir forvitna nútímakrakka (o)**

Tónskáldið Ingi Garðar mætir til leiks með tónverkið Karaoke, sem á eitthvað skylt við karaoke–söng. Áhorfendur taka þátt í flutningi verksins og leika á hljóðfæri sem eru ekki beinlínis hefðbundin s.s. blöðru og gulrætur!

**16:30–17:30 Ástarsaga úr fjöllunum–fyrir fjölskyldur (o)**

Leikisýning Möguleikhússins eftir sögu Guðrúnar Helgadóttur. Flumbra tröllskessa er ógurlega skotin í stórum og ljótum tröllkarli sem hún eltir um allar jarðir. **Tjarnarbrú, Tjarnargötu 12.**

**14:00–17:00 Rólegheitaganga og náttúruupplifun (o)**

Boðið er upp á rólegheitagöngu fyrir börn frá 5 ára aldri um Kaldavermsl og skóginn við Elliðavatn. Við sjáum og heyrum í fuglum, klöppum trjám og strjúkum stráum. **Elliðavatnsbærinn við Elliðavatn. (Beygt til hægrar inn í Heiðmörk við Rauðhóla, keyrt áfram sem leið liggur, yfir einbreiða brú, skömmu síðar er beygt til hægrar að Elliðavatnsbænum).**

**14:30–16:00 Íslenski hesturinn (o)**

Hvað gerir okkur að þjóð? Begga Rist fjallar um hestinn sem uppsprettu í menningu okkar þjóðar og segir frá hæfileikum og sérkennum íslenska hestsins. Teymt verður undir börnum í gerði. **Hestaleigan, Surtlugötu 3 í Fjarborg.**

**kl. 15.00–17.00 BarnaBall–Hnésokkar, lakkskór og lakkrísbindi (o)**

Komdu og dillaðu þér við íslensk dægurlög. Dansaðu við mömmu, pabba, afa eða ömmu á gamaldags dansballi þar sem hljómsveit Sigurðar Guðmundssonar leikur fyrir dansi. **Iðnó, Vonarstræti 3.**

## FÖSTUDAGUR 20. APRÍL

**08:10–09:00, 10:10–11:00 og 11:30–12:20**

**Blótgoðar (s)**

Blótgoðar í flutningi Þórs Tulinius leikara, en hann fjallar á léttari nótunum um heiðni og kristni og trúfrelsi almennt. 8.–10. bekkur. **Seljaskóli, Hólabrekuskóli og Breiðholtsskóli.**

**9:00–10.30, 11.00–12.30 og 15.00–16.30**

**Biophilia–Tónvísindasmiðja (s)**

Krakkar í skólum og frístundamiðstöðvum samþætta á nýstárlegan hátt tónlist, vísindi og tölvutækni og skapa sína eigin tónlist í töfraveröld Bjarkar. **Háskólabíó, Vísindasmiðjan, inngangur frá Hagatorgi.**

**09:00–10:00 og 10:30–11:30 Ástarsaga úr fjöllunum (s)**

Leikisýning í samstarfi við Möguleikhúsið eftir sögu Guðrúnar Helgadóttur ásamt tröllasmiðju og leikjum fyrir káta krakka. Í boði fyrir leikskóla og grunnskóla í Breiðholti. **Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Gerðubergi 3–5.**

**9:00–11:00 og 13:00–15:00 Grasið góða og græna (s)**

Af hverju vex gras ekki á veturna? Hverjir búa í grasi? Er gras mikilvægt? Hverjir borða gras? Leikskólabörn fá heim með sér grasfræ í potti ásamt umhyggjuspjaldi og leiðbeiningum um frekari ræktun. **Grasagarður Reykjavíkur, Laugardal.**

**Kl. 9.00–12.00 Skólabrú (s)**

Danslistarskóli JSB býður nemendum í 8. bekk Álftamýrarskóla og 9. bekk Hvassaleitisskóla að taka þátt í danssmíðju þar sem dansgleði nemenda verður virkjuð í skapandi vinnu. **Álftamýraskóli og Hvassaleitisskóli.**

**09:30–10:15 og 14:00–14:45 Skýjaborg (s)**

Danssýning fyrir allra yngstu börnin, þar sem litir, hreyfing, form og tónlist tala til þeirra. Verkið fjallar um tvær veðraverur sem vakna upp á stað þar sem veðrið er stundum ógnvænlegt en stundum gott og blítt. Fyrir dagforeldra, Hamar og Klettaborg. **Víkurskóli, Hamravík 10.**

**9.30–10.30 og 13.00–14.00 Ungir sögumenn! (o)**

Börn úr elstu bekkjum Laugarnesskóla nýta nýfengna kunnáttu af saganámskeiði í Æringja, söguþil Borgarbókasafnsins og segja sögur um allan bæ ásamt Sólu sögukonu. **Leikskólinn Laugasól, Leirulæk.**

**Kl. 10:00–11:00 og 14:00–15:00 Dagur jarðarinnar – við erum heimurinn (o)**

Börn á Gullborg fagna ólíkum uppruna sínum og starfsmanna leikskólans. Þau halda jarðardaginn hátíðlegan með sýningunni Við erum heimurinn. **Leikskólinn Gullborg, Rekagranda 14.**

**10:30–11:40 Sirkusinn eftir Charles Chaplin (s)**

Chaplin, í gervi litla flækingsins lendir óvart inni í sirkusatríði og verður svo vinsæll að hann tekur þátt í hinum ýmsu og æsilegustu viðburðum. Fyrir leikskólann Ós og Dvergaland.

**10:45–11:20 Rauða blaðran (s)**

Rauða blaðran segir frá ævintýrum ungs drengs sem finnur dularfulla, rauða blöðru sem fylgir honum um götur Parísar. Fyrir leikskólann Vesturborg og Grænumborg. **Bíó Paradís, Hverfisgötu 54.**

**11:00–12:00 og 13:00–15:00 Sköpun og leikur (o)**

Opið hús í leikskólanum Sæborg. Elstu börnin sýna verk þar sem unnið var með bækur, leikhús í kassa, stytur, fugla, fjöruna og líkamann. Yngstu börnin sýna verk þar sem unnið var með skynfæri og tjáningu í listum og leik. **Leikskólinn Sæborg, Starhaga 11.**

**11:00–16:00 Skapandi smíðasmiðja Kamps**

Frístundamiðstöðin Kampur býður gestum upp á að sleppa ímyndunaraflinu lausu við smíðar, tálgun, leik og sköpun undir leiðsögn starfsmanna. **Klambratún við Kjarvalsstaði.**



**11:00 og 13:00 Hrói Höttur Grenndarskógi (o)**

60 nemendur úr 6. bekk í Rimaskóla sýna ævintýri útlagans Hróa Hattar og félagar hans Litla Jóns, Tóka Munks, mærinna Marion ásamt hinum illræmda fógeta í Nottingham. **Grenndarskógur Rimaskóla í Nónholti.**

**kl.13.00–17.00 Viltu verða persóna í bók? (o)**

Skelltu þér inn í Risabókina sem yfir 300 nemendur í Vesturbæjarskóla settu saman. Í henni eru felumyndir, ljóð, textar, flettimyndir, hljóð, skilaboð, lykt ... og þar er líka pláss fyrir þig. **Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15.**

**13:00 –17:00 Krítum borgina rauða, gula, bláa og græna! (o)**

Borgin er líka barnanna. Í hverfunum verða torg og stræti eignuð börnum og veitt upplýfting út frá skynjun og upplifun þeirra. Við krítum bæinn rauðan, gulan, bláan og grænan, setjum mark okkar á umhverfið og sköpum nýjan litríkan og glaðlegan borgarbrag. **Krítar og húllumhæ á staðnum.**

**Lækjartorg, Arnarbakkí (svæði við verslunarkjarna í Breiðholti), Grímsbær (baksvæðið frá verslun niður að Fossvoxdal, Álftheimar (svæðið í kringum verslunarsvæði og torg).**

**14:00–14:20 Ævintýri Strumpanna (o)**

Nemendur í 1. bekk í Háaleitisskóla, flytja leikrit þar sem fléttað er saman ævintýri H.C. Andersen um Mjallhvíti og strumpasögum. Allir búningar eru hannaðir af foreldrum nemenda. **Háaleitisskóli við Álftamýri.**

**14:00–16:00 Uppspretta (o)**

Börnin á frístundaheimilinu Skýjaborgum og á leikskólanum Dvergasteini frumsýna innsetningu og hreyfimynd. Börnin hafa sáð grasfræjum í bakka fyrir framan stóran hvítan vegg og perlað mynstur sem fest hefur verið á vegginn og myndar tré sem sprettur upp úr grasinu. **Frístundaheimilið Skýjaborgir, Vesturvallargötu 10–12.**

**14:00–16:00 Af Íslandi erum við öll upp spröttin (o)**

Börnin á frístundaheimilinu Frostheimum bjóða gestum og gangandi að taka þátt í að gera kort af Íslandi á vegg frístundaheimilisins með því að líma bít á vegginn og skapa þannig „klippimynd“ af landinu. **Frístundaheimilið Frostheimar, Frostaskjól 6.**

**10:00–18:00 Ævintýrahöllin (o/s)**

Þar verður fjölbreytt dagskrá á meðan hátíðin stendur yfir en húsið verður miðstöð barnamenningar á hátíðinni. Allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Ævintýrahöllinni. **Iðnó, Vonarstræti 3.**

**17:00–20:00 Fjallganga á Úlfarsfell (o)**

Boðið er upp á rólega fjallgöngu upp á útsýnisfjallið Úlfarsfell. Fyrst er gengið í fallegum barrskógi, svo upp gróðurþaktar hlíðar og upp á topp í 295 metra hæð. **Bílastæði við skógræktina í Hamrahlið.**

## LAUGARDAGUR 21. APRÍL 10:00–18:00

**Ævintýrahöllin (o/s)**

Þar verður fjölbreytt dagskrá á meðan hátíðin stendur yfir en húsið verður miðstöð barnamenningar á hátíðinni. Allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Ævintýrahöllinni. **Iðnó, Vonarstræti 3.**

**11:00–15:00 Fjör og fræði fyrir alla fjölskylduna (o)**

Í Vísindasmiðju Háskóla Íslands lifna vísindin við með skemmtilegum og gagnvirkum hætti, í sýnitilraunum, furðuspeglum, þrautum, pendúlum, teiknirólu, orkuhjólum og mörgu öðru.

**11:00–13:00 og 13:00–15:00 Biophilia–Tónvísindasmiðja fyrir fjölskyldur (o)**

Þátttakendur samþætta á nýstárlegan hátt tónlist, vísindi og tölvutækni og skapa sína eigin tónlist í töfraveröld Bjarkar. **Háskólabíó, inngangur frá Hagatorgi.**

**11:00–16:00 Skapandi smíðasmiðja Kamps**

Frístundamiðstöðin Kampur býður gestum upp á að sleppa ímyndunaraflinu lausu við smíðar, tálgun, leik og sköpun undir leiðsögn starfsmanna. **Klambratún við Kjarvalsstaði.**

**12:00–16:00 Stutt í spunann (o)**

Gestum gefst færi á að kynna ullarvinnslu fortíðar með því að prófa, fíkta og skoða ýmis tæki og tól. Þeir fá tækifæri til að sýna snilli sína með halasnældurnar sem þurfa vonandi ekki að hanga á bláþræði. **Landnámssýningin, Aðalstræti 16.**

**13:00–14:30 Algjör Sveppi og töfraskápurinn (o)**

Stelpan hverfur inn í gamlan töfraskáp sem vinirnir Sveppi, Villi og Góí taka höndum saman um að bjarga. Þeir lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem þeir m.a. svindla sér inn á Þjóðminjasafnið.

**14:30–17:00 Ratleikur (o)**

Boðið upp á ratleik í tengslum við kvikmyndina Algjör Sveppi og töfraskápurinn. Aldrei að vita nema lykkillinn að töfraskápnum leynist í Þjóðminjasafninu? **Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41.**

**13:00–13:40 Hamingjuverkstæði –****Trommuhringur (o)**

Karl Ágúst Úlfsson býður gestum að slá á trommur og upplifa trommuflæði. Engrar kunnáttu er krafist, hver og einn leikur með sínu lagi og nýtur þess að vera í takti við aðra.

**13:40–14:00 Hamingjuverkstæði –****Kærleikshugleiðsla (o)**

Ásdís Olsen leiðir börn og fullorðna í ævintýralega kærleikshugleiðslu sem beinir athygli að hjartanu og bætir líðan fólks.

**14:00–17:00 Hamingjuverkstæði – Þakklætiskort (o)**

Skrifaðu þakklætiskort til einhvers sem hefur reynst þér vel. Pósturinn sér um að senda kortin frítt til viðtakenda.

**14:00–17:00 Hamingjuverkstæði – Gildissmiðja (o)**

Hvað er það sem skiptir fjölskylduna þína mestu máli? Fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum fá tækifæri til að búa til „gildisskjöld“ og sammælast um hvað skiptir mestu máli.

**14:00–17:00 Hamingjuverkstæði –****Styrkleikasmíðja (o)**

Gestum gefst tækifæri til að spila veiðimann til að átta sig á eigin styrkleikum og hvernig má nýta þá betur í lífinu.

**14:00–17:00 Hamingjuverkstæði – Uppspretta****hamingju (o)**

Uppspretta hamingjunnar, gjörningur barna af frístundaheimili Kamps, þar sem að þátttakendur deila með Reykjavíkurbúum hvað það er sem veitir þeim mesta hamingju. **Ráðhúsið við Tjörnina.**

**14:00–14:45 og 15:30–16:15 Skýjaborg fyrir****fjölskyldur (o)**

Danssýning fyrir allra yngstu börnin, þar sem litir, hreyfing, form og tónlist tala til þeirra. Verkið fjallar um tvær veðraverur sem vakna upp á stað þar sem veðrið er stundum ógnvænlegt og stundum gott og blítt. **Þjóðleikhúsið, Hverfisgötu 19.**

**14:00–16:00 Hafnaboltahetjur! (o)**

Félagar í Hafna- og mjúkboltafélagi Reykjavíkur kenna gestum og gangandi um undirstöðuatriði íþróttarinnar: hanska, kylfur og bolta. Að sjálfsgögu fá svo gestir að vera með í leiknum. **Hljómskálagarður hjá leiktækjum.**

**13:00–17:00 Börn og hundar (o)**

Félagar í Hundaræktarfélagi Íslands verða með hunda sína til sýnis og gefa börnum góð ráð um umgengi við þá. (Barnaverð gildir fyrir alla inn í garðinn). **Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Laugardal.**

**16:00–19:00 Sandkastalar við Skarfaklett (o)**

Börnin moka sandi og búa til sandkastala, skoða jarðlög og strjúka grjótið í stóra Skarfaklettinum. Ef veður leyfir verður farið úr skóm og sokkum og gengið í ljósum sandinum! Gott að vera í stígvélum, með fötu, skóflu, handklæði og aukasokka. **Stóra bílastæðið við Skarfaklett (Nálægt Viðeyjarferju).**

**13:00–14:00 Bókabrellur og bollakökur (o)**

IBBY á Íslandi býður upp á kaffihúsastemningu í Foldasafni. Bókaspjall með óvæntum uppkomum fyrir krakka sem þora.

**14:00–16:00 Origami námskeið (o)**

Þjórn Finnsson frá Origami Ísland mun leiðbeina áhugasömum við japanskt pappírshöf. **Foldasafn við Fjörgyn.**

**13:00–15:00 Gaman saman (o)**

Pólsk, spænsk og íslensk menning. Dagskrá fyrir stór og smá börn þar sem dansað verður, sungið, fönndrað, lesið og sprellað. **Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15.**

**15:00–16:30 Ameríkutónleikar (o)**

Nemendur Nýja tónlistarskólans halda þematónleika í Norræna húsinu þar sem áhersla er lögð á tónlist frá Ameríku og samspil hinna ýmsu hljóðfærahópa. **Norræna húsið, Sturlugötu 5.**

**13:00–15:00 Allir litir regnbogans (s)**

Hvernig búum við til fjólubláan, grænan og appelsínugulan? Skyggst verður inn í töfraheim litanna með töfrasprotanum, þ.e. penslinum sem skapar alla litir regnbogans. Persónuleg og litrík upplifun.

**13:00–15:00 Allir litir Rúrí (s)**

Börnin velja sinn uppáhaldslit í Regnbogaverki Rúrí, rannsaka hann nánar, læra hvað liturinn heitir á ítölsku og frönsku og skyggast þannig inn í hljóðaförða framandi tungumála. **Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7.**

**13:00–15:00 Ljósmyndaverkstæði barnanna (s)**

Á Ljósmyndaverkstæði barnanna má kynna bláþryksaðferðinni (cyanótypa) sem rekur uppruna sinn til árdaga ljósmyndarinnar. Börnin fá að taka sína mynd með heim. **Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15.**

**13:00–17:00 Hönnun fyrir börn (o)**

A sýningunni má sjá hönnun fyrir börn, s.s. tréleikföng, púða, mjúkar verur og annað skemmtilegt. Hlutirnir eru hannaðir og unnir í Ásgarði, Gylfaflöt, Iðjubergi og á Sólheimum í Grímsnesi. **Handverk og Hönnun, Aðalstræti 10.**

**10:00–12:00 Leiðsögn um móðurmál–tvítyngi (o)**

Gerður Gestsdóttir fræðir áhugasama um móðurmál og mikilvægi þess. Á staðnum verða einnig bæklingar og annað fræðiefni um móðurmál.

**10:00–11:30 Móðurmál og menning (o)**

Sérlega glæsileg 141 fm íbúð á 3ju hæð í nýlegri lyftublokk á þessum frábæra stað í Kópavogi. 3 stór svefnherbergi og stórar stofur. Flottar eikarinnréttingar. Parket og flísar. Stórar suðursvalir. Stutt í alla þjónustu og útivist. Áhv. íbúðalán 27,6 millj.  
Verð 34,9 millj.

**DOMUS VOX Í HÖRPU** Domus vox heldur tvöna tónleika í Norðurljóssal Hörpu á sumardaginn fyrsta, þann 19. apríl klukkan 14 og 16. Inntak tónleikanna er óður til lands og þjóðar þar sem sumarkomunni er fagnað með flutningi úrvalls íslenskra söng- og ættjarðarlaga. Listrænn stjórnandi er Margrét J. Pálmadóttir. Einsöngvarar sönghússins, kvennakórarnir Vox feminae og Cantabile ásamt Stúlknakór Reykjavíkur stilla saman strengi sína og syngja við undirleik hljómsveitar Agnars Más Magnússonar.



BORGAR MAGNASON „Þetta er í fyrsta skipti sem ég skrifa klassískt tónverk til flutnings tónlistarinnar vegna,” segir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Samdi verkið með blæbrigði hljóðfæranna í huga

Borgar Magnason hefur víða komið við á tónlistarferli sínum en verkið Imaginary Numbers, sem verður frumflutt á Tíbráartónleikum í Salnum annað kvöld, er hans fyrsta klassíska tónverk og er samið fyrir einstaka hljóðfæraskipan.

„Undanfarin ár hef ég aðallega verið að semja tónlist fyrir aðra eftir þögnunum, við kvikmyndir, dansverk og vídeóverk auk þess að gera útsetningar bæði á popptónlist og ítalskri óperu. Þetta er í fyrsta skipti sem ég skrifa klassískt tónverk, til flutnings tónlistarinnar vegna,” segir Borgar Magnason kontrabassaleikari, tónsmiður og útsetjari. Hann er höfundur verks sem frumflutt verður í Salnum annað kvöld, ásamt Kvintett opus 39 eftir Prokofiev. Borgar segir hugmyndina að tónleikunum frá sér komna. „Ég stakk upp á því við forsvarsfólk Salarins að það setti svona tónleika inn í Tíbrárröðina. Prokofievkvintettinn er, að mínum dómi, yndislegt stykki og ótrúlega

skemmtilegt áheyrnar en er eiginlega aldrei flutt af því það passar aldrei inn í dagskrá. Hljóðfæraskipanin er óbó, klarinett, fiðla, víóla og kontrabassi þannig að strengjakvartett þyrfti að losa sig við tvo hljóðfærleikara og fá þrjú nýja inn og blásarakvintett þyrfti að losa sig við þrjú og fá þrjú nýja inn. Kvintettinn minn var skrifaður með blæbrigði þessarar hljóðfæraskipanar í huga svo hægt væri að flytja verkin saman á tónleikum. Mér finnst hún svo falleg en það hefur nánast ekkert verið skrifað fyrir hana. Það gerir þetta svo skemmtilegt. Hljóðfærleikararnir sem eru með mér eru rosalega flottir og ég hef unnið með sumum þeirra þannig að verkið er skrifað svoltið fyrir þá.“ Borgar kveðst fæddur í Hörgárdal en hafa flutt þaðan ungur til Akureyrar, síðan til Reykjavíkur en fullorðinsárin hafa aðallega búið erlendis, til dæmis þrjú ár í New York og ellefu ár í Belgíu. Í fréttatilkynningu frá Salnum um tónleikana kemur fram að eftir nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og tónlistarháskóla í Brussel og New York hafi hann verið aðstoðarkennari við Julliard tónlistarskólann í New York. Sjálfur lýsir

hann ferlinum svo í stuttu máli: „Ég fór út í klassískan kontrabassaleik, spilaði í rúman áratug með sinfóníuhljómsveitum í Evrópu og Bandaríkjunum. Síðan leiddist ég smám saman út í nútímatónlist og að semja sjálfur og í framhaldi af því fór ég í samstarfsverkefni með öðrum listamönnum,” segir hann og nefnir Björk, Nico Muhly, Jónsa í Sigurrós og strákana í Bedroom Community, Valgeir Sigurðsson og Ben Frost.“ Nú býr Borgar í Barselóna þar sem konan hans er í námi og kveðst deila tíma sínum milli Barselóna og Íslands, ef hann er ekki að þvælast um heiminn vegna sinnar vinnu. „Það er auðveldara að ferðast frá Barselóna en þegar ég er heima er ég við skriftrif,” segir hann. „Ég hef til dæmis verið að semja tónlist fyrir hollenska listahátíð sem verður haldin á eyju í sumar,” segir hann hálfkæruleysislega og man hvorki nafnið á hátíðinni né eyjunni. „En ég er að stíga mín fyrstu skref í að skrifa svona ópusnúmer fyrir klassísk hljóðfæri sem stendur fyrir sig sjálft og stefni að því að halda áfram á þeirri braut.“

gun@frettabladid.is

# PHILIPS AMBILIGHT



**42"**  
**LED**

**3D SMART LED TV**

## PHILIPS

### Philips 42PFL7606T

- 42" 3D Full HD Smart LED sjónvarp
- Pixel Precise HD
- 400 Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- NetTV netvafri
- Tvenn þrívíddargleraugu fylgja



Ambilight varpar ljósi út frá tækinu á vegginn og breytir sjálfkrafa lit og birtu í takt við myndefnið.

**TILBOÐ**

**199.995**

FULLT VERÐ 229.995



PHILIPS

**42"**  
**LED**

**DESIGN LINE**

### Philips 42PDL7906T

- 42" Easy 3D LED sjónvarp
- Pixel Precise HD
- 400Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- Smart TV - þráðlaus netvafri
- Tvenn þrívíddargleraugu fylgja

**VERÐ**

**279.995**

FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**47"**  
**LED**

**3D SMART LED TV**

### Philips 47PFL7696T

- 47" 3D Smart LED sjónvarp
- Pixel Precise HD
- 600Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- NetTV netvafri
- Tvenn þrívíddargleraugu fylgja

**VERÐ**

**279.995**

FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**46"**  
**LED**

**PERFECT PIXEL HD ENGINE**

### Philips 46PFL8606T

- 46" 3D MAX Smart LED sjónvarp
- Perfect Pixel HD Engine
- 800Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- Smart TV - þráðlaus netvafri
- Innbyggð veggfesting

**VERÐ**

**349.995**

FRÁBÆRT VERÐ



**Heimplistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

**LAUGARÁS BÍÓ** www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

**LAUGARÁS BÍÓ** Síningartímar

BATTLESHIP	7, 10 (POWER)
AMERICAN PIE: REUNION	8, 10, 20
LORAX 3D ISL TAL	6
HUNGER GAMES	7, 10



LÖNG BIÐ Röð myndaðist fyrir utan tónleikastaðinn.

# Biðu í þrjá tíma í röð eftir Of Monsters and Men

Hljómsveitin Of Monsters and Men lauk tónleikaferðalagi sínu um Bandaríkin á laugardagskvöld með tónleikum í höfuðborginni Washington. Röð myndaðist fyrir utan tónleikastaðinn þremur tímum áður en húsið opnaði.

Of Monsters and Men kom fram á tónleikum í tengslum við Taste of Iceland-kyningarátakið í Washington á laugardagskvöld. Frítt var inn á tónleikana, en áhorfendur þurftu að panta miða fyrirfram. Allir 2.000 miðarnir voru pantaðir og færri komust að en vildu. Tónleikarnir fóru fram í Fillmore-tónleikahöllinni og Lay Low hitaði upp ásamt hljómsveit sinni. Þremur tímum áður en húsið opnaði hafði röð myndast fyrir utan, sem segir ýmislegt um góðan árangur Of Monsters and Men í Bandaríkjunum.

Tónleikarnir voru þeir síðustu í tónleikaferð Of Monsters and Men um Bandaríkin, en Icelandair og Iceland Naturally styrktu ferðalagið. Uppselt var á alla 20 tónleika hljómsveitarinnar, sem stoppar í nokkra daga á Íslandi áður en hún heldur til megin-



FULLT ÚT ÚR DYRUM Það er óhætt að segja að fólk sé áhuga- samt um Of Monsters and Men eins og sjá má á myndinni.

lands Evrópu. Of Monsters and Men sendi frá sér plötuna My Head is An Animal á dögum. Hún situr nú í sjötta sæti bandaríska Billboard-listans og hefur selst í meira en 55.000 eintökum.

atlifannar@frettabladid.is

**SAMBIÓINN** **SAMBIO.IS**

Hörku Spennuþyllir frá framleiðendum "Girl with the Dragon Tattoo" og "Safe House".

**TRYGGÐU PÉR MIÐA Á SAMBIO.IS**

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	LAUGARÁS BÍÓ	EGILSHÖLL
BATTLESHIP	KL 5:20 - 8 - 10:40	2D	BATTLESHIP KL 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50
BATTLESHIP VIP	KL 5:20 - 8 - 10:40	2D	THE COLD LIGHT OF DAY KL 5:50 - 8 - 10:20
COLD LIGHT OF DAY	KL 5:50 - 8 - 10:40	2D	WRATH OF THE TITANS KL 5:40 - 8
AMERICAN PIE	KL 5:50 - 8 - 10:20	2D	PROJECT X KL 5:50
WRATH OF THE TITANS	KL 5:50 - 8 - 10:10	3D	TITANIC KL 8
FRIENDS WITH KIDS	KL 5:50	2D	
GONE	KL 8	2D	
JOHN CARTER	KL 10:40	2D	
AKUREYRI	KEFLAVÍK		
THE COLD LIGHT OF DAY	KL 8 - 10:10	2D	BATTLESHIP KL 8
GONE	KL 8	2D	COLD LIGHT OF DAY KL 10:40
WRATH OF THE TITANS	KL 10:10	2D	GONE KL 8
			SVARTUR Á LEIK KL 10

## Skilnaðurinn var sár

Scarlett Johansson sagði í viðtali við Vogue að það væri bæði sárt og einmanalegt að ganga í gegnum skilnað. Leikkonan skildi við Ryan Reynolds í lok ársins 2010.

„Þetta kemur manni í opna skjöldu. Maður ímyndar sér að líf manns verði einhvern veginn en svo, vegna ólíkra ástæðna, verður það allt öðruvísi. Það er mjög einmanalegt að ganga í gegnum skilnað en ég sé ekki eftir því að

hafa gift mig. Það var mjög fallett að verða ástfangin og að gifta sig og mér finnst gott að vita að ég geti elskað manneskju á þann hátt,“ sagði leikkonan í viðtalinu. Johansson er núna í sambandi með auglýsingastjóranum Nate Naylor og viðurkennir að hann hafi átt erfitt með að venjast fylgiskiskum frægðarinnar.

**EINMANALEGT AÐ SKILJA** Scarlett Johansson segir það vera einmanalega reynslu að ganga í gegnum skilnað.

## Vill lækka drykkjaldur

Leikarinn Josh Hutcherson vill að drykkjaldurinn í Bandaríkjunum verði lækkaður úr 21 árs niður í 18 ára. Þetta kemur fram á vefsíðunni TMZ.com.

Ljósmyndarar náðu myndum af hinum nítján ára gamla leikara er hann kom út af skemmtistað fyrir stuttu og spurðu hann hvað honum þætti um drykkjaldurinn í Bandaríkjunum.

„Þú þarft að vera orðinn 18 ára til að ganga til liðs við herinn, mér finnst að drykkjaldurinn ætti að samræmast því,“ svaraði Hutcherson, sem fer með hlutverk Peeta Mellark í hinni vinsælu kvikmynd The Hunger Games.



**VILL LÆKKA DRYKKJUALDUR** Josh Hutcherson vill að drykkjaldurinn í Bandaríkjunum verði lækkaður.

## Finnst Justin vera myndinn

Leikkonan Jennifer Aniston er hamingjusöm með kærasta sínum, leikaranum og leikstjóranum Justin Theroux, og segir hann vera góðan mann.

„Hann verndar þá sem honum þykir vænt um, það er alveg víst. Hann er bara mjög góðhjartaður og afskaplega myndinn,“ sagði Aniston sem prýðir forsíðu máheftis ástralska Marie Claire.

Í viðtalinu kemur einnig fram leikkonan telji hlátur og gleði lengja lífið sem og mikil vatnsdrykkja.

## Vill verða fyrirsæta

Zahara Jolie Pitt er staðráðin í því að verða fyrirsæta í óþökk föður síns, leikarans Brad Pitt, ef marka má frétt The Enquirer.

„Hún elskar föt og litríkar fatasamsetningar og dreymir um að verða fyrirsæta. Hún elskar tísku og þó Angelina sé stolt af stúlkunni þá er Brad mjög óánægður með þennan tískuáhuga hennar,“ var haft eftir innanbúðarmanni sem segir jafnframt að Zahara og móðir hennar njóti þess að tala um og spá í tísku saman.

**BÍÓ PARADÍS** MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**MÁNUDAGUR:** IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ INDLAND: HÁLSMENIÐ 20:00 ■ CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ BARÁTTAN UM LANDIÐ 18:00 ■ MARGIN CALL 20:00 ■ SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS) 17:40, 22:10 ISL. TEXTI ENG. SUBS

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skirteinis! Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.

**IRON SKY** græna ljósa KÖLT-GRÍNMYND ÁRSINS!

**INDVERSK KVIKMYNDAHÁTIÐ** 11.-20. APRIL

**SMÁRABÍÓ** **HÁSKÓLABÍÓ**

**LAUGARÁS BÍÓ** **LAUGARÁS BÍÓ**

**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELÐ 5%

BATTLESHIP	KL. 5.15 - 8 - 10.45	12
BATTLESHIP LÚXUS	KL. 5 - 8 - 10.45	12
AMERICAN REUNION	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12
LORAX - ÍSLENSKT TAL 2D	KL. 3.30	L
LORAX - ÍSLENSKT TAL 3D	KL. 3.30 - 6	L
HUNGER GAMES	KL. 5 - 8	12
SVARTUR Á LEIK	KL. 8 - 10.30	16

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐLIS 5%

IRON SKY	KL. 5.45 - 8 - 10.15	12
BATTLESHIP	KL. 6 - 9	12
TITANIC 3D ÓTEXTUÐ	KL. 5.15	10
HUNGER GAMES	KL. 9	12
SVARTUR Á LEIK	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16

**BORGARBIÓ** NÁNAR Á MIÐLIS

BATTLESHIP	KL. 8 - 10.20	12
AMERICAN PIE: REUNION	KL. 8 - 10.10	12
HUNGER GAMES	KL. 5.30	12
SVARTUR Á LEIK	KL. 5.50	16

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



# UPPFÆRUM ÍSLAND

AÐALFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2012 MIÐVIKUDAGINN 18. APRÍL Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA.

Fundarstjóri er Ari Edwald, forstjóri 365 miðla.



Ari Edwald



Vilmundur Jósefsson



Christoffer Taxell

## OPIN DAGSKRÁ KL. 14-16

- Ávarp: **Vilmundur Jósefsson**, formaður Samtaka atvinnulífsins
- Ávarp: **Christoffer Taxell**, forystumaður í finnsku atvinnulífi og fyrrverandi menntamálaráðherra Finnlands

## UPPFÆRUM STRAX

- **Sjöfn Sigurgísladóttir**, einn stofnenda Íslenskrar Matorku
- **Edda Lilja Sveinsdóttir**, sviðsstjóri verkfræðisviðs Actavis
- **Marín Magnúsdóttir**, eigandi Practical
- **Kjartan Ragnarsson**, forstöðumaður Landnámsseturs Íslands

## Netagerð og spjall

- **Vetur kvaddur og sumri fagnað. Létt uppfærð nútímatónlist.**



Sjöfn Sigurgísladóttir



Marín Magnúsdóttir



Edda Lilja Sveinsdóttir



Kjartan Ragnarsson





**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON** skoraði á laugardaginn glæsilegt mark í 3-0 sigri Swansea á Blackburn en hann átti einnig stóran þátt í öðru marki. Hann hefur nú skorað sex mörk í ellefu leikjum með Swansea og sagði eftir leikinn að helst vildi hann vera áfram í herbúðum liðsins. Hann er þó samningsbundinn Hoffenheim í Þýskalandi til 2014.

ÚRSLIT

Iceland Express-d. kvenna

LOKAÚRSLIT, 4. LEIKUR

**Haukar - Njarðvík 62-76 (38-39)**  
**Haukar:** Jence Ann Rhoads 18/6 stoðsendingar, Tierny Jenkins 13/21 fráköst, Margrét Rósa Hálf-danardóttir 13/6 fráköst/6 stoðsendingar, María Lind Sigurðardóttir 10/4 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 7, Auður Íris Ólafsdóttir 1.  
**Njarðvík:** Lele Hardy 26/21 fráköst, Shanae Baker-Brice 24/7 fráköst, Salbjörg Sævars-dóttir 8/6 fráköst, Ólöf Helga Pálsdóttir 7/6 stoðsendingar, Petrunella Skúladdóttir 6, Eyrún Líf Sigurðardóttir 3, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 2.

Iceland Express-deild karla

UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR

**KR - Þór Þorlákshöfn 86-100 (40-50)**  
**KR:** Joshua Brown 34/5 fráköst, Dejan Sencanski 13/7 fráköst, Hreggviður Magnússon 11, Finnur Atlí Magnússon 11/14 fráköst, Jón Orri Kristjánsson 6/4 fráköst, Martín Hermannsson 5, Emil Þór Jóhannsson 4, Robert Lavon Ferguson 2.  
**Þór:** Darrin Govens 29/13 fráköst/9 stoðsendingar, Blagoj Janev 18, Guðmundur Jónsson 16, Darri Hilmarsson 14/9 fráköst, Joseph Henley 12/6 fráköst, Baldur Þór Ragnarsson 6, Grétar Ingi Erlendsson 4, Þorsteinn Már Ragnarsson 1.  
**Þór Þorlákshöfn leiðir í einvíginu, 2-1.**

NÆSTU LEIKIR

Grindavík - Stjarnan í kvöld kl. 19.15  
 Þór Þorl. - KR miðvikudag kl. 19.15

N1-deild kvenna

ÚRSLITAKEPPNI, 1. UMFERÐ

**HK - Stjarnan 29-34 (10-16)**  
 Markahæstar hjá HK: Elin Anna Baldursdóttir 9, Heiðrún B. Helgadóttir 8, Jóna S. Halldórsdóttir 4.  
 Markahæstar hjá Stjornunni: Jóna M. Ragnarsd. 7, Sólveig Lára Kjærnested 6, Hanna G. Stefánsd. 6.  
**HK vann einvígið, 2-0.**  
**Gróttá - ÍBV 20-19 (9-11)**  
 Markahæstar hjá Gróttu: Unnur Ómarsdóttir 7, Sunna M. Einarisdóttir 6, Elin Helga Jónsdóttir 5.  
 Markahæstar hjá ÍBV: Grigore Ggorgata 7, Mariana Trebojovic 5, Þórsteina Sigurbjörnsd. 3.  
**Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1. Oddaleikurinn fer fram í Vestmannaeyjum í kvöld kl. 19.30.**

Meistaradeild kvenna:

Potsdam steinlá í Frakklandi

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir kom inn á sem varamaður þegar að lið hennar, Turbine Potsdam, tapaði fyrir Lyon, 5-1, í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Þessi tvö lið hafa mest í úrslitum keppninnar síðustu tvö árin og unnið í eitt skipti hvert.



MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR

Tvöföld gleði á sögulegu tímabili

Njarðvík varð um helgina Íslandsmeistari kvenna í körfubolta eftir sigur á Haukum í úrslitarimmunni, 3-1. Sverrir Þór Sverrisson hefur náð frábærum árangri með liðið sem vann sína fyrstu stóru titla á tímabilinu.

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík varð á laugardaginn Íslandsmeistari í körfubolta kvenna í fyrsta sinn í sögu félagsins. Liðið varð einnig bikarmeistari fyrir í vetur og var það fyrsti stóri titill félagsins í kvennaflokki. Liðið hafði betur gegn Haukum í úrslitarimmunni, 3-1, og lyfti bikarnum á loft eftir sigur í fjórða leik liðanna, 76-62.

Lele Hardy var útnefnd verðmætasti leikmaður úrslitakeppninnar en hún fór fyrir sóknarleik sinna manna í leiknum. Það var hins vegar fyrst og fremst öflugur varnarleikur í seinni hálfleik sem skóp sigur Njarðvíkurliðsins og þá kom sterk liðsheild liðsins í ljós.

„Við leggjum mikið upp úr varnarleik,“ sagði þjálfarinn Sverrir Þór Sverrisson eftir leikinn. „Við erum með sterkar stelpur til að spila maður á mann og hjálparvörnin er góð. Allar stelpurnar eiga hrós skilið.“

Hinar bandarísku Hardy og Shanae Baker-Brice voru í stórum hlutverkum í liðinu og Sverrir lofaði framlag þeirra. „Við vorum það heppin að fá þessa tvo frábæru leikmenn til liðsins en þess fyrir utan eru þær líka frábærar manneskjur. Þær blönduðust vel inn í sterkan hóp leikmanna og okkur tókst að fara langt á góðum mórál og liðsstemmingu.“

Sverrir var nú að klára sitt annað tímabil með liðinu og játaði að árangurinn hefði komið sér á óvart og að hann væri stoltur af honum. „Jú, auðvitað. Þegar ég tók við setti ég mér það markmið að búa til alvöru lið í Njarðvík – lið með flotta umgjörð sem yrði rekið með metnaði. Það hafði aldrei áður



MEISTARAR Íslandsmeistaralið Njarðvíkur tímabilið 2011-2012 eftir sigurinn um helgina.

tekist í Njarðvík. Starfið hafði oft lagst niður í kvennaflokki eftir nokkur ár og vantaði einfaldlega að hifa þetta upp á næsta plan,“ segir Sverrir.

„En ég var þó alls ekki að hugsa um neina titla ef ég á að vera alveg hreinskilinn. Ég sá þegar tímabilið hófst að við værum með ansi sterkt lið og að ef allt myndi smella saman gætum við verið með í baráttunni. En ekki óraði mig fyrir því að við myndum vinna tvöfalt.“

eirikur@frettabladid.is

Meistari með bæði Njarðvík og Keflavík



Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir varð um helgina Íslandsmeistari með Njarðvík en hún hafði áður unnið þennan sama titil með Keflavík. Er hún því fyrsti leikmaðurinn til að vinna titilinn með þessum grannliðum og erki-fjendum.

„Ég byrjaði að æfa körfubolta með Njarðvík fjórtán ára gömul en þurfti að skipta yfir í Keflavík eftir að starfið var lagt niður á sínum tíma,“ sagði hún eftir leikinn á laugardaginn. „Það er auðvitað frábært að koma aftur í félagið og vinna titilinn. Það jafnast ekkert á við þá tilfinningu að verða Íslandsmeistari.“

Ingibjörg Elva kom inn í liðið í Njarðvík og segir að það hafi verið auðvelt að aðlagast liðinu. „Liðsheildin í liðinu er einstök og hef ég ekki kynnst öðru eins áður. Leikmennirnir eru afar samstilltir og fyrir vikið er liðið einfaldlega frábært.“

Þór frá Þorlákshöfn tók forystu í undanúrslitaeinvíginu gegn KR í Iceland Express-deild karla:

Við erum að stíga upp á hárréttum tíma

**KÖRFUBOLTI** Þór frá Þorlákshöfn er komið í algjöra lykilstöðu í einvíginu við KR í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla en liðið bar sigur úr bítum, 100-86, í þriðja leik liðanna sem fram fór í DHL-höllinni í gær. Staðan er því 2-1 fyrir Þór í einvíginu og þá vantar aðeins einn sigur til að komast í úrslit. Þórsarar voru einfaldlega miklu sterkari aðili allan leikinn og áttu sigurinn fyllilega skilið.

„Þetta leit vel út í kvöld hjá okkur,“ sagði Darri Hilmarsson, leikmaður Þórs Þorlákshafnar, eftir sigurinn í gær.

„Við tókum forystuna strax í byrjun og gáfum hana aldrei frá okkur. Við erum bara að ná vel

saman núna og menn eru að koma upp á réttum tíma. Sóknarleikur okkar er að smella saman núna eins og sést á stigatöflunni, við höfum ekki skorað svona mikið í allan vetur. Þetta er samt sem áður ekki búíð, við eigum enn eftir að vinna einn leik.“

„Það er alltaf hægt að snúa svona einvígum sér í hag en það sem við þurfum að hafa áhyggjur af er að við erum búnir að vera lélegri aðilinn í þessu einvígi,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, eftir leikinn í gær. „Þeir hafa hreinlega skorað okkur á hólmi og við erum ekki búnir að svara þeirri áskorun. Þetta er samt sem áður ekki búíð og við neitum að gefast upp.“ -sáp



TEKIÐ Á ÞVI Emil Þór Jóhannsson, KR, og Guðmundur Jónsson, Þór, í baráttunni.

**Nilfisk ALTO** works for you

**Hobby háþrýstidælar** Tilboð frá 13.800 kr.

**C100.5-5 háþrýstidæla** Lítil, nett og ódýr háþrýstidæla.

**C120.3-6 háþrýstidæla** Dæla fyrir þá sem vilja góða háþrýstidæla.

**E140 2-9s X-tra háþrýstidæla** Öflug dæla fyrir þá kröfuháru. Á húsið, bílinn og stéttina.

**Buddy 15** Lítil og nett ryk- og vatnssuga

**Affix 30-01** Öflug ryk- og vatnssuga sem þenur vel í erfið verkefni.

**P160 2-15 X-tra háþrýstidæla** Dæla fyrir minni fyrirtæki, bændur, stóra bíla, vinnuvélar o.fl. Innbyggður etnablandari og hreinsifnahólf sem tekur 4 lítra.

**Ryk- og vatnssugar** Tilboð frá 12.547 kr.

**Rekstrarvörur** - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
 Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
 sala@rv.is • www.rv.is

Undanúrslitin í ensku bikarkeppninni um helgina:

Liverpool og Chelsea mætast í úrslitunum

**FÓTBOLTI** Undanúrslitin fóru fram í ensku bikarkeppninni um helgina og liggur nú fyrir að Liverpool og Chelsea munu eigast við í úrslitaleiknum á Wembley þann 5. maí næstkomandi.

Liverpool hafði betur gegn Everton, 2-1, eftir að hafa lent undir í fyrri hálfleik. Andy Carroll reyndist hetja þeirra rauðklæddu en hann skoraði sigurmarkið með skalla seint í leiknum. „Mér fannst þetta mark 35 milljóna punda virði,“ sagði varnarjafliinn Jamie Carragher.

Chelsea vann svo 5-1 stórsigur á Tottenham í hinna undanúrslita-viðureigninni í gær en

umdeilt mark Juan Mata í upphafi seinni hálfleiks reyndist vendipunkturinn.

Mata skaut þá að marki en varnarmann Tottenham náðu að bjarga á línu. Engu að síður var markið dæmt gilt af Martin Atkinson, dómara leiksins. „Ég held í hreinskilni sagt að boltinn hafi ekki farið yfir línuna. En línumaðurinn dæmdi mark og við getum ekkert gert í því,“ sagði fyrirliði Chelsea, John Terry, eftir leikinn.



MARKASKORARAR Andy Carroll og Luis Suarez skoruðu mörk Liverpool.



## TILBOÐ

### - aðeins í dag!

Takmarkað magn

18% afsláttur

1798 kr. kg

Verð áður ~~2198~~ kr. kg  
Beinhreinsuð laxaflök

17% afsláttur

199 kr. kg

Verð áður ~~239~~ kr. kg  
Sítrónur



158 kr. stk.

Skyr.is drykkur, 2 teg.



4 í pk.

296 kr. pk.

Pascual jógúrt, 4x125 g í pk.



249 kr. pk.

Frukt jarðaber 500 g



529 kr. pk.

Kellogg's Special K, 500 g



1598 kr. pk.

Victor's berja- og ávaxtablanda, 3x100 g af 5 tegundum, 1,5 kg



5 í pk.

166 kr. pk.

Ömmu flatökukur, 5 í pk.



219 kr. pk.

Krónubrauð, stórt og gróft



760 kr. pk.

Honey Nut Cheerios, 625 g

## ÚRSLIT

## Enska bikarkeppnin

## UNDANÚRSLIT

**Liverpool - Everton** 2-1  
0-1 Nikica Jelavic (25.), 1-1 Luis Suarez (63.), 2-1 Andy Carroll (88.).

**Tottenham - Chelsea** 1-5  
0-1 Didier Drogba (43.), 0-2 Juan Mata (50.), 1-2 Gareth Bale (56.), 1-3 Ramires (77.), 1-4 Frank Lampard (81.), 1-5 Florent Malouda (94.).

Úrslitaleikur Liverpool og Chelsea fer fram á Wembley-leikvanginum þann 5. maí.

## Enska úrvalsdeildin

**Swansea - Blackburn** 3-0  
1-0 Gylfi Þór Sigurðsson (37.), 2-0 Nathan Dyer (43.), 3-0 Scott Dann, sjálfsmark (63.).

**West Brom - QPR** 1-0  
1-0 Graham Dorrans (22.). Heiðar Helguson kom inn á sem varamaður á 75. mínútu í liði QPR.

**Sunderland - Wolves** 0-0  
Eggert Gunnþór Jónsson var á bekknum hjá W.

**Manchester United - Aston Villa** 4-0  
1-0 Wayne Rooney, víti (7.), 2-0 Danny Welbeck (43.), 3-0 Wayne Rooney (72.), 4-0 Nani (92.).

## STADAN

Man. United	34	26	4	4	82-28	82
Man. City	34	24	5	5	85-27	77
Arsenal	33	20	4	9	66-41	64
Tottenham	33	17	8	8	57-38	59
Newcastle	33	17	8	8	50-42	59
Chelsea	33	16	9	8	56-38	57
Everton	33	13	8	12	38-34	47
Liverpool	33	12	10	11	40-36	46
Sunderland	34	11	10	13	42-41	43
Fulham	33	11	10	12	43-43	43
Norwich	34	11	10	13	47-58	43
Swansea	34	11	9	14	38-44	42
West Brom	34	12	6	16	40-47	42
Stoke	33	11	9	13	32-45	42
Aston Villa	33	7	14	12	35-48	35
QPR	34	8	7	19	38-57	31
Wigan	33	7	10	16	31-57	31
Bolton	32	9	2	21	36-65	29
Blackburn	34	7	7	20	45-73	28
Wolves	34	5	8	21	34-73	23

## LEIKUR KVÖLDSINS

Arsenal - Wigan

kl. 19.00

## Framar mínum væntingum

Fimmtán Íslandsmet féllu á Íslandsmótinu í 50 m laug um helgina og eitt til viðbótar var jafnað. Eygló Ósk Gústafsdóttir, Ægi, fór á kostum um helgina. Hún tryggði sig inn á Ólympíuleikana og bætti Íslandsmet í sjö greinum á mótinu.

**SUND** Velheppnuðu Íslandsmóti í 50 m laug lauk í Laugardalslauginni í gær. Alls féllu fimmtán Íslandsmet á mótinu auk þess sem eitt var jafnað. Eygló Ósk Gústafsdóttir, Sarah Blake Bateman og Anton Sveinn McKee, öll úr Ægi, voru fyrirferðarmikil um helgina og áttu þátt í flestölum metunum.

Eygló Ósk bætti Íslandsmet í fjór-um einstaklingsgreinum auk þess að bæta þrjú Íslandsmet með boðsundssveit Ægis. Hún var eini keppandi mótsins sem náði Ólympíulágmarki en það gerði hún með glæsilegu sundi í 200 m baksundi.

„Ég er mjög ánægð með helgina og náði öllum mínum markmiðum,“ sagði Eygló Ósk við Fréttablaðið í gær. „Það stóð auðvitað upp úr að ná lágmarkinu en árangurinn í 200 m fjórsundinu kom einnig á óvart,“ bætti hún við.

Eygló náði svokölluðum OST-lágmörkum, sem má líkja við gömlu B-lágmörkin, í 200 m fjórsundi og 100 m baksundi um helgina. Þar sem hún er komin inn á leikana í 200 m baksundinu dugir henni OST-lágmark til að fá keppniserfitt í öðrum greinum.

„Þetta er framar mínum væntingum. Tímabilið hefur gengið mjög vel hjá mér og ég er mjög ánægð með þjálfarann minn. Ég er vonandi rétt að byrja,“ sagði hún en Eygló er einungis sautján ára gömul og á því sannarlega framtíðina fyrir sér.

Sarah Blake keppti á leikumum í Peking fyrir fjórum árum og stefnir á að bæta árangur sinn í



**EYGLÓ ÓSK** Aðeins sautján ára gömul en hefur náði frábærum árangri á ÍM 50 um helgina.

Lundúnunum. Hana vantar lítið upp á að ná lágmarkinu í 50 m skriðsundi en hún var aðeins 0,04 sekúndur frá lágmarkinu á móti í Bandaríkjunum í lok mars.

Hún bætti þrjú Íslandsmet í einstaklingsgreinum um helgina og þrjú boðsundsmet með Ægi. Hún hefur náð OST-lágmarki í tveimur greinum og ætlar að ná Ólympíulágmarkinu í 50 m skriðsundi.

„Ég stefni á að ná því á EM og hef ég í raun ekki áhyggjur af því. Það er spennandi sumar fram undan,“ sagði hún. „Tímabilið hefur verið gott hjá mér og hef ég æft mikið síðustu vikurnar. Það er alveg ljóst að ég mun bæta mig

mikið frá síðustu Ólympíuleikum.“

Anton Sveinn bætti Íslandsmetið í þremur greinum auk þess að jafna met Arnar Arnarsonar í 400 m skriðsundi karla á fimmtudagskvöldið. Hann hefur nú náð OST-lágmörkum í tveimur greinum og vakti það sérstaka athygli í gær þegar hann stórbætti eigið Íslandsmet í 400 m fjórsundi karla um tæpar þrjár sekúndur. Gamla metið hans var ekki nema um tveggja vikna gamalt.

Það má því búast við að það fjölgi í sundsveit Íslands fyrir Ólympíuleikana á næstunni en margir eru nálægð því að bætast í hópin.



**SKORADI TVÖ** Wayne Rooney fagnar öðru marka sinna gegn Aston Villa.

NORDIC PHOTOS/GETTY

## Enski boltinn um helgina: Forysta United enn fimm stig

**FÓTBOLTI** Manchester City náði að minnka forystu Manchester United á toppi ensku úrvalsdeildarinnar á laugardaginn með 6-1 sigri á Norwich, þar sem Carlos Tevez gerði sér lítið fyrir og skoraði þrennu.

En United endurheimti fimm stiga forystu sína á toppnum með öruggum 4-0 sigri á Aston Villa á heimavelli í gær. Bæði lið eiga fjóra leiki eftir á tímabilinu en liðin mætast innbyrðis í lok mánaðarins.

Þrátt fyrir sigurinn um helgina sagði Roberto Mancini, stjóri City, að liðið ætti ekki möguleika á titlinum og myndi ekki ná United að stigum. Tevez heldur hins vegar enn í vonina. „Við verðum að setja pressu á United. Það eina sem við getum gert er að halda áfram okkar striki og vonandi dugar það til. Þetta er ekki ómögulegt fyrir okkur.“

Arsenal getur styrkt stöðu sína í þriðja sæti deildarinnar með sigri á Wigan í kvöld.

- esá

Sjáumst  
á salatbarnum!



Í 10–11 finnurðu  
frábært vöruúrval.  
Á salatbarnum í 10–11  
færðu hollt og gott salat  
með öllu því sem þér  
þykir best.

1011

...alltaf opið!

# 100cc

## Háskólabíó

Laugardaginn 21. apríl kl 20:00

Miðasala á [midi.is](http://midi.is)

Dreadlock Holiday - I'm Not In Love - Wall Street Shuffle  
Things We Do For Love - Rubber Bullets - I'm Mandy Fly Me  
The Dean And I - Life Is A Minestrone  
- Art For Art's Sake - Donna

## DJASSVIÐBURÐUR Á HEIMSMÆLIKVARÐA Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI



**CHICK COREA  
& GARY BURTON**

**HOT HOUSE TOUR  
HÖRPU 24. APRÍL**

**25**  
faldir  
Grammy-  
verðlaunahafar

Miðasala í síma 528 5050 og á [harpa.is](http://harpa.is) og [midi.is](http://midi.is)

## &gt; Stöð 2 kl. 20.55

## Game of Thrones

Það er komið að þriðja þættinum af Game of Thrones og það má búast við mikilli dramatik. Tyrion reynir að svæla út svikahrapp og Jon Snow lendir í vandræðum í kvennabúri Crasters.

## dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON FYLGIR ANDRA Á FLANDRI

## Hæfileikaríki Reyðfirðingurinn

Sökum vinnutíma míns hef ég aðeins einu sinni hlustað á Andra Frey Viðarsson í útvarpinu, en ég er mikill aðdáandi sjónvarpsþátta hans.

Í annari þáttaröð Andra, Andri á flandri, flakkar hann um höfuðborgarsvæðið og spjallar við forvitnilegt fólk, líkt og rokka-bíllí-tónlistarmanninn Smutty Smith og söngkonuna Leoncie.

Andri er þeim hæfileikum gæddur að geta heillað heilu kynslóðirnar með húmor sínum og persónuleika, hann stjúpi minn í Eyjum er til dæmis alveg jafn hrifinn af útvarpsmanninum knáa og ég.

Húmor er þó ekki eini hæfileiki Reyðfirðingursins. Ég er handviss um að engum nema Andra tækist að gera heimsókn í miðasölu Hvalfjarðaganganna að skemmtilegu sjónvarpsfni.

Þó Andri sé þekktur sem útvarpsmaður, þá vona ég að hann hverfi ekki af sjónvarps skjánum alveg strax því ég hef gaman af honum bæði úti á landi og á flandri innan höfuðborgarinnar.

## RÚV

- 14.40 Silfur Egils (e)
- 16.05 Landinn
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Babar
- 17.45 Leonardo (12:13)
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 EM í knattspyrnu (5:9)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Heimskautin köldu - Á þunn-um ís (Frozen Planet - On Thin Ice) Breskur náttúrufréttir. David Attenborough fer á heimskautasvæðin og rannsakar áhrif hlýnandi loftslags á fólk og dýralíf.
- 21.05 Tildurrófur (1:2) (Absolutely Fabulous: Xmas) Breskur gamanþáttur um kræfar vinkonur í London.
- 21.40 Svört sól (Naturfiller: Sort sol) Stuttur þáttur um náttúruna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er sýnt frá leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
- 23.00 Óvættir í mannslíki (7:8) (Being Human III) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.00 Trúður (5:10) (Klovn) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.25 Kastljós (e)
- 00.55 Fréttir
- 01.05 Dagskrárlok

## BÍÓ

- 08.00 The Boat That Rocked
- 10.10 Daddy's Little Girls
- 12.00 Búi og Símon
- 14.00 The Boat That Rocked
- 16.10 Daddy's Little Girl
- 18.00 Búi og Símon
- 20.00 Goya's Ghosts
- 22.00 Who the #\$&% is Jackson Pollock
- 00.00 The Mechanik
- 02.00 Mirror Wars: Reflection One
- 04.00 Who the #\$&% is Jackson Pollock
- 06.00 Inkheart

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (129:175)
- 10.15 Chuck (1:24)
- 11.00 Gilmore Girls (11:22)
- 11.45 Falcon Crest (16:30)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (17:24)
- 13.25 So You Think You Can Dance (3:23)
- 14.45 ET Weekend
- 15.30 Ógurlegur kappakstur Spannandi og skemmtilegur þáttur um ellefu afar ólíkar kappaksturhættur.
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (15:23)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm In the Middle (13:22)
- 19.45 Better With You (9:22)
- 20.10 Smash (7:15) Stórskemmtileg og í senn dramatísk þáttaröð sem fjallar um alla þá dramatik, gleði og sorg sem fylgir leikhúslífinu á Broadway. Ákveðið er að setja upp söngleik sem byggður er á ævi kyn-bombunnar Marilyn Monroe.
- 20.55 Game of Thrones (3:10)
- 21.50 V (9:10)
- 22.35 Supernatural (10:22) Fjórða þáttaröðin af spennuþáttunum um Winchester bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirmáttúrulegar furduskepnur.
- 23.20 Twin Peaks (15:22)
- 00.10 Better Of Ted (10:13)
- 00.35 Modern Family (19:24)
- 01.00 Two and a Half Men (7:24)
- 01.25 White Collar (6:16)
- 02.10 Burn Notice (13:20)
- 02.55 Flight of the Conchords (1:10)
- 03.20 Bones (11:23)
- 04.05 Death on a Factory Farm
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 07.00 Tottenham - Chelsea (FA Cup).
- 14.05 Þýski handboltinn: Flensburg - Fuchse Berlin
- 15.30 Spænski boltinn: Levante - Barcelona
- 17.15 Iceland Express: KR - Þór
- 19.00 Grindavík - Stjarnan
- 21.00 Spænsku mörkin
- 21.30 Ensku bikarmörkin Öll mörkin og flottustu tilbrifin í leikjunum í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
- 22.00 Fréttabáttur Meistarad. Evrópu Skyggnst á bakvið tjóldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
- 22.30 Grindavík - Stjarnan

## SPORT 2

- 07.00 Man. Utd. - Aston Villa
- 14.40 Sunderland - Wolves
- 16.30 Sunnudagsmessan Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helganinnar í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.50 Premier League Review 2011/12
- 18.50 Arsenal - Wigan BEINT
- 21.00 Premier League Review 2011/12
- 22.00 Football League Show
- 22.30 Arsenal - Wigan

## EXTRA

- 19.25 The Doctors (92:175)
- 20.10 60 mínútur
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 The Mentalist (16:24)
- 22.35 Homeland (6:13)
- 23.25 Boardwalk Empire (9:12)
- 00.15 Malcolm In the Middle (13:22)
- 00.40 Better With You (9:22)
- 01.05 60 mínútur
- 01.50 The Doctors (92:175)
- 02.30 Íslenski listinn
- 02.55 Sjáðu
- 03.20 Fréttir Stöðvar 2
- 04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 15.10 Minute To Win It (e)
- 15.55 Game Tívi (11:12) (e)
- 16.25 Once Upon A Time (15:22) (e)
- 17.15 Dr. Phil
- 18.00 Titanic - Blood & Steel (1:12) (e)
- 18.50 America's Funniest Home Videos (38:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
- 19.15 Rules of Engagement (6:26) (e)
- 19.40 Hæfileikakeppni Íslands (3:6) (e)
- 20.30 Málið (7:8) Hárbeittir þættir frá Sólva Tryggvasyni þar sem hann kannar málin ofan í kjöllinn. Að þessu sinni kynir Sólvi sér vændi á Íslandi en þessi óhugnanlega atvinnugrein hefur verið að skjóta rötum hár-lendis undanfarin ár.
- 20.55 Hawaii Five-0 (11:22) Steve McGarrett og félagi hans Danny Williams eru jafn ólíkur og dagur og nótt en tekst samt að klára sín mál í sameiningu. Rúta full af skóla-börnum virðist á einhvern hátt gufa upp. McGarrett og félagar reyna að leysa málið og koma böndum á sókuðólga.
- 21.45 CSI (15:22) Einhver virðist hafa stolið húsi í heilu lagi og reynir rannsóknar-deildin að komast til botns í málinu.
- 22.35 Jimmy Kimmel Húmoristinn Jimmy Kimmel hefur staðið vaktina í spjallþættinum frá árinu 2003 og er einn vinsælasti spjallþáttakóngurinn vestanhafs. Jimmy lætur gamminn geysa og fær gesti til að taka þátt í ótrúlegustu uppkomum.
- 23.20 Law & Order (5:22) (e)
- 00.05 Hawaii Five-0 (11:22) (e)
- 00.55 Eureka (14:20) (e)
- 01.45 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 07.10 RBC Heritage 2012 (4:4) 12.10 Golfing World 13.00 RBC Heritage 2012 (4:4) 18.00 Golfing World 18.50 RBC Heritage 2012 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 Champions Tour - Highlights (5:25) 23.45 ESPN America

## N4

- 18.00 Að norðan 18.30 Starfið með Sigga Gunnars

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfréttir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfréttir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfréttir 12.50 Dánarfregni 13.00 Hringisól 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjómur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Dagbók frá Diafani 15.25 Fólk og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Víðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfréttir 18.53 Dánarfregni 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfréttir 22.10 Orð kvöldsins 22.25 Gimi, grúsk og gloriur 23.20 Listræninginn 00.00 Fréttir 00.05 Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

- 10.05 EastEnders 10.35 Come Dine With Me 11.25 My Family 12.25 The Vicar of Dibley 14.25 QI 15.25 Top Gear 16.15 QI 17.20 Come Dine With Me 18.10 QI 19.10 Top Gear 20.00 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 20.45 Peep Show 21.15 Live at the Apollo 22.00 Derren Brown: Trick or Treat 22.55 The Vicar of Dibley 00.15 Derren Brown: Trick or Treat 01.10 Top Gear 02.00 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 02.50 Peep Show 03.15 Live at the Apollo 04.00 Derren Brown: Trick or Treat 04.25 The Weakest Link

## DR 1

- 10.10 21 Söndag 10.50 Clement Söndag 11.30 Restaurant bag fremmer 12.05 Downton Abbey 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Lægeme 14.00 Kasper & Lise 14.10 Timmy-tid 14.20 Postmand Per. Specialposttjenesten 14.35 Ni Hao, Kai-Lan 15.00 Himmelsblå 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Annemad 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet 18.00 Bjørnefamilien 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Kriminalkommissær Foyle 21.35 Kidnappet 22.20 Lægeme

## NRK 1

- 07.30 Morgennytt 08.00 22. juli-rettsaken 15.00 NRK nyheter 15.15 Ut i naturen 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Tegspråknytt 16.00 Førveld 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 18.15 Brenner - historier fra vårt land 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Borgen 20.30 Valdres Teens 21.00 Kveldsnytt 21.15 Trial & retribution 22.45 Nytt på nytt 23.15 Naturens mirakelbar 00.05 Rush Hour 3 01.35 Nasjonalgalleriet 02.05 Kampen om Michelin-stjernene

## svt1

- 14.00 Rapport 14.30 Gomorron Sverige 14.55 Engelska slott och herrgårdar 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturnyheter 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Hjälp, vi flyttar ihop! 19.00 Infor Eurovision Song Contest 2012 20.00 Hej litteraturen! 20.30 Prata arabiska 21.00 Rapport 21.05 Kulturnyheter 21.10 Engelska slott och herrgårdar 21.45 Coacherna 22.10 Coacherna 22.40 The Big C 23.10 Robins 23.40 Rapport 23.45 Hundra procent bonde

## INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Undraheimar Kenyja 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldhús meistanna

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

- |                  |                     |               |                      |                 |                         |                       |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið    | FM 99,4 Útvarp Saga     | FM 102,9 Lindin       |
| FM 90,1 Rás 2    | FM 91,9 Kaninn      | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

Nú missir þú ekki af neinu!

Stöð 2 Netfrelsi er skemmtileg nýjung fyrir áskrifendur Stöðvar 2. Njóttu þess að horfa á eftirlætisþættina þína og fjölbreytta afþreyingu í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni - þegar þér hentar.

Smelltu þér núna inn á [stod2.is](http://stod2.is) og horfðu á upphaldspátinn þinn með Stöð 2 netfrelsi






# Rio Pizza

**ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI Á  
1.490 KR. EF ÞÚ SÆKIR**

## SUMAR GLEÐI

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI • MOSFELLSBÆ

### HÁDEGIS TILBOÐ

ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI **1.380 KR.**  
STÆRRI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM **1.190 KR.**  
MINNI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM **790 KR.**  
STÆRRI MARGARITA **990 KR.**

— ALLA DAGA FRÁ KL 11 - 15 —

Pizza Buffet

### PIZZAHLAÐBORD

ALLA DAGA FRÁ KL 11 - 15  
AÐEINS Á GRENSÁSVEGI

**990 kr.**



**Erum nú með heimsendingu  
af öllum stöðum**



ATH GILDIR EKKI AF TILBOÐUM

# Fær beiðnir um að gera ljósbláar myndir



Jómfrúin í Lækjargötu án efa. Klassískur staður og smurbrauðsneiðarnar þeirra hver annarri betri. Þjónustan er líka vingjarnleg og fagmannleg. Staðurinn Snaps fylgir fast á eftir með traustan matseðil, enga stæla og topp matreiðslu.

Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, leikkona

„Það er gaman að myndin sé að falla í kramið hjá samkynhneigðum úti í heimi,“ segir Baldvin Z leikstjóri myndarinnar Óróa sem nýverið kom út á DVD í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Unglingamyndin var í öðru sæti á sérstökum vinsældalista breska Amazon fyrir myndir sem eiga að höfða til samkynhneigðra í gær. Myndin hefur flakkað upp og niður listann síðustu vikur. Baldvin hefur persónulega fengið að finna fyrir vinsældum myndarinnar hjá þeim hópi. „Ég hef fengið margar mjög skrytnar beiðnir frá útlöndum og oftast eru það fyrirspurnir um það hvort ég geti ekki búið til svipaða mynd eins og Óróa nema með ljósbláu ívafi fyrir samkynhneigða,“ segir

Baldvin og fullyrðir að hann hafi afþakkað öll slík boð hingað til. „Mér hefur einnig verið bætt inn í alls konar lokaða hópa fyrir samkynhneigða á Facebook undanfarið, sem er frekar fyndið þar sem ég er núll samkynhneigður og á bæði konu og börn.“

Órói var nýlega sýnd á alþjóðlegri kvikmyndahátíð samkynhneigðra í London og var uppselt á allar sýningarnar, Baldvin telur líklega ástæðu fyrir velgengni myndarinnar vera sú að hún fjalli ekki beint um samkynhneigð. „Órói fjallar meira um tilfinningar og strák sem er að finna sig í lífinu. Myndin fellur einmitt inn í nokkra flokka og ég hef verið að ferðast með hana á unglingahátíðir líka.“



Í TOPPSÆTI Á AMAZON Baldvin Z leikstjóri Óróa hefur fengið beiðnir um að gera ljósbláar myndir fyrir samkynhneigða í kjölfárið á sýningu Óróa í Bretlandi og Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR



ÁRNI RÚNAR HLÖÐVERSSON: ÉG HEF VERIÐ DUGLEGUR AÐ LESA MÉR TIL


## Smíðar hljóðgervla sem hljóma í tónlist FM Belfast

„Ég hef alltaf haft áhuga á svona föndri og var rosa duglegur að taka hluti í sundur þegar ég var lítill,“ segir Árni Rúnar Hlöðversson, meðlimur FM Belfast, sem hefur smíðað sinn eigin hljóðgervil.

FM Belfast sendir á næstu vikum frá sér nýtt lag, DeLorean, þar sem allir tónar í laginu koma úr hljóðgervli sem Árni smíðaði. Árni hefur ekki stundað neitt nám í tengslum við smíðar á slíkum græjum, heldur fíkrað sig áfram sjálfur. „Internetið kann þetta. Ég hef bara verið duglegur að lesa mér til,“ segir Árni sem hefur nú þegar smíðað nokkur stykki. Suma gerir hann frá grunni og aðra eftir teikningum. „Mér finnst þetta bara svo ótrúlega gaman. Þegar ég geri þá eftir teikningum breyti ég þeim líka yfirleitt aðeins og geri tilraunir,“ segir Árni.

Að smíða hljóðgervil getur tekið mislangan tíma. „Ég get gert einföldustu týpuna á svona hálf tíma en svona flóknir eins og þessi sem ég gerði síðast taka töluvert lengri tíma,“ segir Árni sem hefur nýlengið við að búa til hljóðgervil þar sem hann forritar örgjörva sem velur tóna innan skala og fleira í þeim dúr. „Svo lítur þetta alltaf út eins og það sé alveg að hrynja í sundur, en þetta helst nú alltaf saman og það heyrast öll hljóð sem eiga að heyrast,“ bætir hann við. Varahlutina kaupir hann að mestu leyti í gegnum internetið eða í versluninni Íhlutum í Skipholti.

Auk þess að gefa út nýtt lag er nóg framundan hjá Árna og félagum í FM Belfast. Hljóm-sveitin verður með tónleika á Nasa þann 18. apríl, sem verða líklegast þeirra síðustu tónleikar á staðnum, sem til stendur að rífa. Þá er hljóm-sveitin á leið til Berlínar í byrjun maí. „Við erum að fara á hátíðir um alla Evrópu og ætlum að gera út frá Þýskalandi í mánuð. Bæði er ódýrara að fljúga þaðan og það




LÆRÐI Á NETINU Árni Rúnar lærði að smíða hljóðgervla á eigin vegum með að lesa sér til á netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


dregur úr álaginu, en þar sem einn meðlimur hljóm-sveitarinnar er ólétur þá verðum við að reyna

að gera þetta aðeins auðveldara,“ segir Árni að lokum.

tinnaros@frettabladid.is



Lesendur okkar eru á öllum aldri



með ólíka sýn á lífið



– og við þjónum þeim öllum

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

## Storka reglum samfélagsins

Leikararnir og vinirnir Atli Óskar Fjaljarsson og Elías Helgi Kofoeð-Hansen standa á bak við Bláa mánann, en svo nefnist árleg mánudagsskemmtun þeirra félaga.

„Fyrir tveimur árum bjuggum við til djammaðag þar sem við ákváðum að djamma á mánudegi og nefndum daginn Bláa mánann. Fyrsta árið vorum það við Elías og frændi hans en næsta ár vorum við um þrjátíu og þess vegna fannst okkur lógískt að í ár myndu 300 manns safnast saman á þessum degi,“ útskýrir Atli Óskar.

Til að ná tilsettum fjölda fólks ákváðu piltarnir að best væri að kynna Bláa mánann fyrir þjóðinni og kusu nokkuð óhefðbundna leið til þess. „Við höldum að það væri best að ná til fjöldans í gegnum Eurovision og sömdum því lag og lærðum að syngja á aðeins þremur vikum. Við komumst samt ekki inn í forkeppnina, sem var mjög

svekkjandi, og höfum því kynnt daginn á Youtube og Facebook.“

Blái máninn fer að þessu sinni fram mánudaginn 13. ágúst. Þegar Atli Óskar er inntur eftir því af hverju vinirnir hafi kosið að skemmta sér á mánudegi frekar en öðrum degi vikunnar segir hann þá hafa viljað gera eitthvað óhefðbundið og öðruvísi.

„Mánudagur er dagur sem enginn djammur á. Stundum á maður bara að hætta að fylgja reglum samfélagsins og í staðinn hafa það gaman. Hinn 10. ágúst byrja geitungarnir að verða agressívir af því að sumarið er að enda og ég hef orðið var við það að ég verð það líka; sumarið er búið og skólinn að byrja aftur. Við ákváðum því að Blái máninn yrði haldinn á fyrsta mánudegi eftir 10. ágúst.“

Atli Óskar og Elías Helgi kynntust við tókur á kvikmyndinni Óróa árið 2010 og hafa verið perlu-



BESTU VINIR Vinirnir og leikararnir Atli Óskar Fjaljarsson og Elías Helgi Kofoeð-Hansen skipuleggja gleðidaginn Bláa mánann sem fram fer í ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

vinir síðan. Þegar Atli er að lokum spurður hvort hann telji líklegt að markmiðinu verði náð í ár kveðst hann vongóður um það. „Við erum komnir með 200 „like“ á Facebook og erum því bjartsýnir á að þetta náist. Það er spurning hvort við náum að halda þessu við eftir fimm ár, það gæti reynst erfitt.“

- sm



AVALLT FERSKIR  
**Hlöllabátar**  
SÍÐAN 1986



**MÁNUDAGAR  
ERU BÁTADAGAR  
Á HLÖLLABÁTUM**

**999 KR.**

**BÁTUR AÐ EIGIN  
VALI OG SÚPERDÓS**



**ALLIR KLÁRIR Í BÁTANA**

HLÖLLABÁTAR FAXAFENI, HLÖLLABÁTAR LÓUHÓLUM, HLÖLLABÁTAR INGÓLFSTORGI,  
HLÖLLABÁTAR REYKJANESBÆ, HLÖLLABÁTAR SMÁRALIND, HLÖLLABÁTAR SMÍÐJUVEGUR 4,  
HLÖLLABÁTAR AKUREYRI, HLÖLLABÁTAR SPÖNG, HLÖLLABÁTAR SELFOSSI, HLÖLLABÁTAR LÓUHÓLUM



### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Grant syngur lag Jóhanns

Íslandsvinurinn **John Grant** syngur lagið Ástarsorg eftir Jóhann Helgason, en ekki lagið Ást eftir Magnús Þór Sigmundsson eins og ranglega var hermt hér í blaðinu á laugardag, á tónleikum í Hörpu þann 17. júní. Þar fær Helgi Björnsson til liðs við sig valinkunna tónlistarmenn til að flytja Íslenskar dægurperlur. Hljómsveitin Brunaliðið gerði lagið frægt á sínum tíma, en greinilegt er að það kveikir enn í fólki þar sem Grant valdi lagið sjálfur og varð svo hrifinn að hann veltir því vís fyrir sér að hafa það með á nýrri plötu sem hann vinnur nú að hér á landi. Í Hörpu syngur Grant lagið á íslensku, sem verður að teljast ansi gott.



#### Hæ Gosi í Færeyjum

Sýningar á gamanþáttunum Hæ Gosi hófust nýlega í færeyska ríkissjónvarpinu, en þættirnir eru sýndir á Skjá einum hér á landi.

Þættirnir tengjast Færeyjum órjúfanlegum böndum þar sem Fríðborg, persóna **Mariu Ellingsen**, er færeysk og önnur þáttaröð gerist þar. Færeyingar eru almennt ánægðir með þáttinn þó tveir hörundsárir áhorfendur hafi sent færeyska sjónvarpinu bréf og lýst yfir ónægju sinni með að þættirnir séu of grófir.

- sv, afb



### Mest lesið **vísir**

- 1 Slyssins minnst um allan heim
- 2 Beittu piparúða til að ná manni úr lögreglubíl
- 3 Fá ekki styrki fyrir lífrænan búskap vegna fjárskorts
- 4 Tími nagladekkja liðinn
- 5 Hefur beðið í tvo mánuði eftir umræðu um Evrópusambandsviðræður

# Boddýhlutir



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
börn eiga  
RÉTTA  
HEILBRIGÐUM  
t ÖNNUM



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is